

**skoðun** 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn




DOMTI®
Þín innkaup á einstöku verði
Smáratorgi


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Miðvikudagur
3. nóvember 2010
258. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000


# Reisa sextán hæða hótel á Höfðatorgi

**Eigendur verktakafyrirtækisins Eyktar vinna nú að því að fjármagna allt að sextán hæða hótel á Höfðatorgi. Upphaflega var gert ráð fyrir þremur turnum.**

**SKIPULAGSMÁL** Fjórtán til sextán hæða hótel, með um þrjú hundruð herbergjum, mun rísa á Höfðatorgi í Borgartúni á næstu þremur árum. Verktakafyrirtækið Eykt hefur séð um framkvæmdir á Höfðatorgsreitnum en fyrirtækið á nú í viðræðum um fjármögnun verksins.

„Menn ætla að skoða hvernig ástandið er á markaðnum. En ég er búinn að gera leigusamning og fyrirhugað er að opna árið 2013,“ segir Ólafur Torfason hótelstjóri, sem rekur þrjú hótel undir merkjum Reykjavík Hotels.

Skipulag við Höfðatorg var kynnt fyrir um fjórum árum. Þá var gert ráð fyrir þremur turnum og sex sjö til níu hæða húsum ásamt tengibyggingum á reitnum. Eini turninn sem risið hefur til þessa er upp á nítján hæðir. Búið er að leigja út um helming alls rýmis í honum undir ýmiss konar starfsemi, svo sem veitingarekstur á neðstu hæðum. Nokkur fyrirtæki eru með skrifstofur á hæðunum fyrir ofan. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur einn turnanna verið settur í salt um óákveðinn tíma ásamt nokkrum byggingum á reitnum.

**- jab / sjá Markaðinn**



**FYRIRHUGAÐ HÓTEL** Hótelturninn á að rísa vestan megin við skrifstofuhúsnæðið. Hann er merktur grænn á myndinni.



## Hans Jóhannsson

*Sýnir nýstárleg strokhljóðfæri í New York.*

**tímamót** 22

## Lofsamlegar umsagnir

*Ferðavefsíðan Trip Advisor veitti heimagistingunni Bænir og brauð viðurkenningu.*

**allt** 3



## Spurs skellti Inter

*Tottenham gerir það gott í Meistaradeild Evrópu.*

**sport** 30

## veðrið í dag




**MINNKANDI VINDUR** þegar líður á daginn. Snjókoma eða slydda um landið norðan- og austanvert, éljagangur suðvestanlands en úrkomulítið sunnanlands. Hiti um frostmark.

**VEÐUR** 4




**VIINSÆLL VERÐLAUNAHÖFUNDUR** Finnski rithöfundurinn Sofi Oksanen tekur í dag við bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs fyrir skáldsöguna Hreinsun. Hún áritaði bókina í Eymundsson á Skólavörðustíg í gær. Viðtal við Oksanen má finna í Fréttablaðinu í dag. **Sjá síðu 12** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**BERGÞÓR PÁLSSON** Hér sést hluti af þeim flíkum sem Bergþór er búinn að prjóna. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

Bergþór Pálsson söngvari:

## Prjónar allar jólagjafir í ár

**FÓLK** „Ég er nú ekki vanur að gefa handunnar jólagjafir en á því verður breyting þessi jól því ég er að verða búinn að prjóna þær allar,“ segir óperusöngvarinn Bergþór Pálsson.

Bergþór dustaði rykið af áratuga gamalli prjónakunnáttu fyrr á árinu, þegar hann bað föður sinn að kenna sér að fitja upp á ný. Hann naut svo leiðsagnar Vigdísar Hrefnu Pálsdóttur leikkonu þar sem hann sat að tjaldabaki á Óliver Twist í Þjóðleikhúsinu. „Maður bjargar sér í kreppunni,“ segir Bergþór sem finnst prjónaskapurinn skemmtileg og róandi iðja.

**- gun / sjá allt**

Ný stjarna í bókmenntum:

## Skrifaði bókina í Vesturbænum

**FÓLK „Ég kunni rosalega vel við mig á Íslandi, þetta er einstakt land en þið sjáið það ekki alltaf sjálf,“ segir rithöfundurinn Gregory Hughes í samtali við Fréttablaðið.**

**Gregory er maður augnabliksins í breskum bókmenntum um þessar mundir en hann hlaut Booktrust Teenage-verðlaunin fyrir bók sína Unhooking the Moon. Bókina skrifaði hann í pínulítilli risíbúð í Vesturbæ Reykjavíkur á átta mánaða tímabili. „Ég lifði hálfgerðu munklífi, fór bara í sund á hverjum degi og í Háskólabíó einu sinni í mánuði.“**

**- fgg / sjá síðu 34**

Árni Þór Sigurðsson segir VG-fólk áfram um að ríkið eignist HS orku:

# Ríkisstjórnin taki ákvörðun

**STJÓRNMÁL** „Það er ríkisstjórnarinnar að taka um þetta pólitíska ákvörðun,“ segir Árni Þór Sigurðsson, starfandi þingflokksformaður VG, um málefni HS orku og Magma Energy.

Fram kom í Fréttablaðinu á mánudag að ólíklegt væri að starfshópur, sem ríkisstjórnin fól að smíða frumvarp til laga sem tryggi opinbert eignarhald á mikilvægum orkufyrirtækjum og takmarki eignarhald einkafyrirtækja, leggi til að HS orka verði tekin eignarnámi.

Árni, og fleiri þingmenn VG, eru þeirrar skoðunar að niðurstaða starfshópsins hvað framtíð HS orku varðar skipti í sjálfu sér ekki máli. Það sé ríkisstjórnarinnar að taka ákvörðun. Þar fyrir utan liggi niðurstaða hópsins ekki fyrir og enn sé óvíst hver hún verði.

„Eignarnám er ein af þeim leiðum sem þarf að skoða,“ segir Árni Þór. Líka komi til greina að semja við Magma um kaup á HS orku eða að setja lög sem feli í sér að eignarhald fyrirtækisins færist til hins opinbera með tíð og tíma. Í öllu falli hafi VG ekki horfið frá þeirri eindregnu kröfu sinni að ríkið eignist HS orku.

Spurður um verkefni starfshópsins, sem Árni Þór tók nýverið sæti í, segir hann klárt að hann hafi fengið ákveðið upplegg frá ríkisstjórninni. „Og ég get ekki séð að hann geti tekið aðra stefnu.“

**- bþs**


Fréttablaðið er með 180% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.




Þetta gildir um alla hópa sem telja fjóra eða fleiri, eina skilyrðið er að allir panti sér máltíð.

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr bæklingur er kominn út




www.europris.is

## SPURNING DAGSINS



*Hákon, gufa ekki allar hugmyndir upp á svona fundum?*

Nei, viskan kemur innan frá svo að hún magnast bara upp.

Hákon Már Oddsson kvikmyndagerðarmaður er áhugamaður um gufuböð og hefur meira að segja fundað í slíkum böðum.

Maður og stúlka sem ákærð voru fyrir að mynda tíu ungar stúlkur í sturtu:

# Skulu skoða myndir á lögreglustöð

**DÓMSMÁL** Par sem ákært hefur verið fyrir að að taka og geyma 64 myndir af tíu ungum stúlkum þar sem þær voru í sturtu, fær ekki myndirnar, samkvæmt dómi Hæstaréttar. Hins vegar fá maðurinn og stúlkan sem stóðu að myndatökunum aðstöðu á lögreglustöð til þess að skoða myndirnar og undirbúa með þeim hætti vörn sína í málinu. Hæstiréttur lítur svo á að brýnir hagsmunir stúlknanna standi framar afhendingu þessara málsgagna.

Myndatökurnar stóðu yfir langt tímabil og voru kærðar til lögreglu.



**FARTÖLVA** Hluti myndanna var geymdur í tölvu sem maðurinn hafði undir höndum.

Stúlkurnar tíu sem um ræðir eru leikmenn knattspyrnudeildar Völsungs á Húsavík.

Stúlkan sem tók myndirnar með símanum sínum var einnig í liðinu og hafði því aðstöðu til að taka sturtumyndirnar.

Hún er ákærð, ásamt manninum, sem er rúmlega tvítugur, fyrir að hafa skipulagt myndatökurnar. Þá er stúlkan ákærð fyrir að hafa tekið myndirnar og afhent manninum þær. Hann er ákærður fyrir að hafa gefið stúlkunni fyrirmæli um myndatökurnar, tekið við myndunum og geymt hluta þeirra á fartölvu heima hjá sér.

- jss

Utanríkisráðherrar funda:

# Auka samvinnu í orkumálum

**UTANRÍKISMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra fundaði í gær með Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, í Ósló.

Ráðherrarnir lýstu yfir vilja til að efla samstarf landanna á ýmsum sviðum, sérstaklega í orkumálum og málefnum norðurslóða. Össur lýsti þeirri afstöðu Íslands að það bæri að skoða sem strandríki, þar sem umtalsverður hluti af efnahagslögsögu þess liggur norðan heimskautsbaugs. Hann lýsti andstöðu við að ríki héldu fundi um norðurslóðir utan Norðurskautsráðsins.

- sv



**TURNINN Á LÆKJARTORGI** Kominn á sinn stað og bíður eftir leigjanda.

Engin veitingasala í Turninum:

# Mörg tilboð eru strax úr leik

**SKIPULAGSMÁL** Um helmingur af ellefu tilboðum sem bárust í rekstur Turnsins á Lækjartorgi reyndist ekki uppfylla skilmála útboðs framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar.

Að sögn Óla Jóns Hertervig hjá framkvæmdasviðinu ætluðu þessir tilboðsgjafar að vera með veitingasölu en slíkt er ekki mögulegt í Turninum. Óli segir að enn eigi eftir að fara nákvæmlega yfir tilboðin en ljóst sé að þeirra á meðal séu tilboð sem uppfylli skilmála um menningartengda starfsemi. Kveðst hann búast við að lokið verði við að fara yfir tilboðin um næstu helgi.

- gar

## BORGARSTJÓRNARMÁL

### Vilja að starfsmenn taki þátt

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja að starfsmenn Reykjavíkurborgar taki þátt í gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Ein nýjung í fjárlagagerð eftir hrun hafi verið að óska eftir aðkomu starfsmanna og það hafi gefist svo vel að nú skuli endurtaka leikinn.

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

### Skorað á Jón Bjarnason

Flateyringar og Önfirðingar skora á Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra að koma til fundar við íbúa, bæjaryfirvöld og stjórnendur Eyrarodda hf. vegna boðaðra fjöldauppsagna hjá Eyrarodda. Mikil andstaða ríkir meðal íbúa vegna áformanna.

# Samgönguráðuneytið sendi ekki svar til ECA

**Forstjóri ECA er staddur hér á landi til að undirbúa komu herflugvéla fyrirtækisins. Hann hafði ekki fengið boð frá stjórnvöldum um að flugmálayfirvöld mæltu ekki með að veita fyrirtækinu leyfi. Segir starfsemina þegar hafna.**

**SAMGÖNGUMÁL** Álit Flugmálastjórnar Íslands, þar sem ekki eru taldar forsendur til að veita fyrirtækinu ECA heimild til flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli að svo stöddu, var ekki sent áfram til fyrirtækisins. Mánuður er liðinn frá því að samgönguráðuneytinu barst svarið.

Ögmundur Jónasson samgönguráðherra staðfestir að svarið hafi ekki verið sent ECA.

Melville Ten Cate, forstjóri ECA, er staddur hér á landi og í samtali við Fréttablaðið sagðist hann vongóður um að geta hafið starfsemi á næstunni. Gekk Ten Cate þar út frá bréfi sem Kristján Möller sendi Flugmálastjórn rétt áður en hann steig úr stóli samgönguráðherra.



ÖGMUNDUR JÓNASSON



MELVILLE TEN CATE

Ten Cate sagði að mikið af rangfærslum hafi einkennt umræðuna um fyrirtækið hér á landi. Hér verði einungis viðhaldsvinna en ekki flugæfingar.

Hann sagðist fullviss um að orðalag í því bréfi, þar sem ráðherra felur flugmálastjóra að hefja undirbúning á skráningu loftfara, gefi til kynna að stjórnvöld séu að vinna í málunum og að góðar líkur séu á að leyfið verði veitt.



**SUKHOI SU-30** Svipaðar vélar verða í flota ECA á Keflavíkurflugvelli og eru þær fyrstu væntanlegar í næsta mánuði, að sögn forsvarsmanna fyrirtækisins.

„Það síðasta sem ég frétti varðandi flugrekstrarleyfi var bréf frá Kristjáni Möller sem var einnig undirritað af forsætisráðherra. Þar var Flugmálastjórn sagt að flýta skráningarferlinu af bestu getu,“ segir Ten Cate.

Forsvarsmenn ECA töldu þess vegna að flestar hindranir væru úr vegi. Ten Cate segir að starfsemi fyrirtækisins sé í raun þegar hafin hér á landi. Fimm starfsmenn hafi verið ráðnir og fyrstu flugvélarnar komi til landsins í upphafi næsta mánaðar.

Ögmundur segir hins vegar að ráðuneytið hafi ekki afgreitt málið.

„Flugmálastjórn hefur svarað okkur og sagt að það sé margt á huldu um þetta [starfsemi ECA] og margt sem þarf að gera áður en málið verður til lykta leitt. Þá er spurning hvort að menn séu tilbúnir til að leggja út í mikil fjárútlát vegna slíks og það hefur ekki verið tekin ákvörðun um að gera það.“

Ögmundur lagði áherslu á að þegar rætt væri um atvinnuhagsmuni af því að fá starfsemi ECA til landsins megi ekki líta framhjá þeim hagsmunum sem þegar felast í fluggeiranum hér á landi.

„Ég er ekki tilbúinn að tefla okkar hagsmunum í tvísýnu þegar ávinningurinn af [starfsemi ECA] er mjög óljós því að það er margt á huldu um þetta fyrirtæki.“

Spurður hvort hann hygðist senda ECA skilaboð varðandi svar flugmálayfirvalda í framhaldinu sagði hann að það myndi ekki standa á ráðuneytinu að gera það.

thorgils@frettabladid.is

Endurbætur á Þingvöllum:

# Hlaða nýjan kirkjugarðsvegg

**MENNING Sóknarnefnd Þingvallasóknar er nú að láta endurnýja hleðslur í kring um kirkjugarðinn á Þingvöllum.**

**Endurhlaða á suður- og vesturhlið garðveggsins sem eru að falli komnar að því er kemur fram í styrkbeiðni sóknarnefndarinnar til sveitarstjórnar Bláskógabyggðar.**

**Í fyrra var sett upp nýtt sáluhlið í kirkjugarðinum. Það er eftirmynd hliðs sem stóð áður við garðinn og er smíðað eftir ljósmynd frá um 1880.**

**Heildarkostnaður við allar endurbætur garðsins er áætlaður tæplega 7,4 milljónir króna. Bláskógabyggð styrkir verkið með 300 þúsund krónum. Á vegum Þingvallanefndar var kirkjustéttin endurnýjuð.**

- gar

Slys á Hrútafjarðarhálsi:

# Kraftaverk að ekki fór verr

**SLYS** Mildi þykir að ekki fór verr þegar stór jeppi keyrði aftan á jeppling í blindbyl á Hrútafjarðarhálsi í gærdag, með þeim afleiðingum að jepplingurinn lagðist alveg saman. Var hann kyrrstæður vegna aftanákeyrslu við snjómoksturstæki, en var mannlaus.

Ökumaður bílsins fór upp í snjómoksturstækið til að bíða eftir aðstoð vegna árekstursins, en jepplingurinn var óökufær og nauðsynlegt var að slökkva á honum.

Um tveimur mínútum seinna keyrði jeppinn aftan á bílinn á mikilli ferð, en að sögn lögreglunnar á Blönduósi var jepplingurinn óþekkjanlegur eftir seinni áreksturinn og það hafi verið kraftaverki líkast að bíllinn hafi verið mannlaus.

- sv




Líkamsárás vegna hænsnastríðs á Akureyri fyrir héraðsdóm:

# Hótaði strokuhænum lífláti

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á Akureyri hefur höfðað opinbert mál fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra á hendur konu á sjötugsaldri fyrir að hafa látið hendur skipta vegna flökkugjarnra hænsna og ferða þeirra.

Konunni, sem ákærð hefur verið, er gefin að sök líkamsárás og hótanir. Hún er sökuð um að hafa laugardaginn 29. maí 2010, í garði við Aðalstræti á Akureyri, hótað því að drepa hænur annarrar konu. Hænurnar höfðu strokið yfir í garð ákærðu konunnar. Henni er síðan gefið að sök að hafa ráðist að hænsnaeigandanum, slegið til hennar með neti sem hún var með til að fanga hænurnar, rifið bol sem hún var í, rifið í hár hennar og togað fast í og síðan slegið hana ítrekað í andlitið beggja megin. Afleiðingar árásarinnar fyrir



**STROKUHÆNUR** Hænurnar vissu ekki hversu alvarlegar afleiðingar flakkið í þeim hafði.

hænsnaeigandann urðu þær að hún hlaut roða á vinstra eyra og sár og blóðtaum við hljóðhimnuna og eymsli á hálsinum vinstra megin.

Hænsnaeigandinn sem er nokkru yngri en árásarkonan, eða á sextugsaldri, gerir bótakröfu á hendur henni upp á rúmlega 433 þúsund krónur.

- jss

Tvær glænýjar íslenskar

# Listilega góðar bækur




## Mér er skemmt

**Ískrandi húmor og einlægar frásagnir.**

Lifandi, dramatískar og meinfyndar sögur úr einkalífi Einars Kárasonar.

Einar opnar hér af fágætri einlægni dyrnar að lífi sínu, hugmyndum og hugsjónum.



**3.990 kr.**
~~4.990 kr.~~






## Þóra biskups

**og raunir íslenskrar embættismannastéttar**

**3.990 kr.**
~~5.690 kr.~~

Innsýn í einstaka sögu Þóru Pétursdóttur Péturssonar biskups yfir Íslandi sem er í senn óvenjuleg og heillandi.

Fortíðin lifnar við í fallegri og forvitnilegri bók Sigrúnar Pálsdóttur sagnfræðings.

**GENGIÐ 02.11.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 110,45 | 110,97 |
| Sterlingspund | 176,40 | 177,26 |
| Evra | 154,21 | 155,07 |
| Dönsk króna | 20,679 | 20,799 |
| Norsk króna | 18,925 | 19,037 |
| Sænsk króna | 16,647 | 16,745 |
| Japanskt jen | 1,3656 | 1,3736 |
| SDR | 174,02 | 175,06 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,3648

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þrír rúmlega tvítugir menn ákærðir fyrir líkamsárásir, hótanir og fleiri brot:

# Hrottar ákærðir fyrir ofbeldisfull brot

**DÓMSMÁL** Þrír rúmlega tvítugir menn hafa verið ákærðir fyrir líkamsárásir, hótanir, tilraun til fjárkúgunar og vopnalagabrot.

Tveimur mannanna er gefið að sök að hafa veist að tveimur lögreglumönnum í ágúst á síðasta ári, kýlt annan í andlitið og hinn í síðuna. Þá hótuðu mennirnir að lífláta sex lögreglumenn og fjölskyldur þeirra.

Tveir þeirra, Axel Karl Gíslason og Viktor Már Axelsson, eru líka ákærðir fyrir að hafa veist að manni í Reykjanesbæ í maí síðastliðnum, þar sem hann var að setja kornabarn inn í bíl. Annar ógnaði honum með hnífi og báðir kýldu hann og spörkuðu ítrekað í hann.

Þá réðust þeir á dóttur mannsins, kýldu hana í andlit og spörkuðu í hana og spörkuðu einnig í eiginkonu hans sem reyndi að verja hann árásum.

Hótuðu þeir svo manninum hnífstungum og að lokum lífláti ef hann greiddi ekki ætlaða skuld barnabarns síns.

Annar árásarmannanna hringdi í barnabarnið og sagði því að greiða 60 þúsund krónur innan tuttugu mínútna ella hefðu aðstandendur þess verra af.

Krefjast fórnarlömb árásarmannanna samtals tæplega tveggja milljóna króna í skaðabætur.

Axel er einnig ákærður, ásamt öðrum manni, fyrir innbrot í verslun í Grindavík. Höfðu þeir sett skartgripi í plastpoka fyrir tæplega 400 þúsund krónur þegar lögreglan handtók þá við innbrotið.

Þeir Axel og Viktor hlutu báðir dóma í tengslum við innbrot og ofbeldisfullt rán í heimahúsi á Seltjarnarnesi. Sá dómur féll fyrir um það bil ári. **- jss**



**FYRIR DÓMI** Viktor Már Axelsson mætir nú í annað skiptið fyrir dóm, ásamt Axel Karli Gíslasyni.

Eldgos hamlar flugi:

## Getur varað í margar vikur

**INDÓNESÍA, AP Eldgos í einu hættulegasta eldfjalli Indónesíu, Merabi, varð til þess að millilandaflug raskaðist í gær. Vísindamenn hafa varað við því að eldgosið geti staðið í margar vikur. 38 manns létust af völdum eldgossins í síðustu viku og hafa yfirvöld lagt til við flugfélög að þau sniðgangi svæðið í kringum fjallið.**

**Gosið hófst í Merabi 26. október síðastliðinn og hafa meira en tíu öflugar sprengingar komið úr gígnum síðan. Um 70 þúsund manns hafa flúið heimili sín vegna gossins. - sv**

Forvarnadagur í Foldaskóla:

## Hugmyndir nemenda birtar

**FÉLAGSMÁL** Forvarnadagurinn var haldinn í Foldaskóla í gær, að frumkvæði Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands.

Fjöldi fólks kom saman í Foldaskóla til að taka þátt í umræðunum. Meðal þeirra sem fluttu ávörp voru forseti Íslands og Jón Gnarr borgarstjóri.

Umræður nemenda í grunnskólum fóru fram á fundinum og fram komu hugmyndir þeirra og tillögur varðandi nýjungar og breytingar á æskulýðs- og íþróttastarfi, fjölskyldulífi og öðrum þáttum sem geta snúið að forvörnum.

Allar hugmyndir nemenda verða birtar á vefsíðunni www.forvarnardagur.is **- sv**

**LEIÐRÉTTING**

Röng mynd birtist með tilkynningu um andlát Jakobínu Fanneyjar Þórhallsdóttur í blaðinu í gær. Auglýsing með réttri mynd er á blaðsíðu 22 í blaðinu í dag. Beðist er velvirðingar á mistökunum.




# Þúsund eignir slegnar

**Ríflega 400 íbúðir og 356 bifreiðar hafa verið seldar á nauðungaruppboði á árinu. Íbúðalánasjóður og bankarnir krefjast oftast nauðungaruppboðs.**

**EFNAHAGSMÁL** Tæplega eitt þúsund eignir hafa verið seldar á nauðungaruppboðum af sýslumönnum landsins það sem af er árinu, þar af ríflega 400 íbúðir og 356 bílar.

Þetta kemur fram í svari Ögmundar Jónassonar, dóms- og mannréttindaráðherra, við fyrirspurn Ólínu Þorvarðardóttur, þingmanns Samfylkingarinnar, á Alþingi.

Alls hafa borist uppboðsbeiðnir til sýslumanna vegna 5.184 aðskildra eigna á árinu, en í mörgum tilvikum gera fleiri en einn kröfu um uppboð. Í tæplega fimmta hverju tilviki, samtals 976, hefur uppboðsbeiðnin leitt til þess að eignin hafi verið seld hæstbjóðanda á uppboði.

Í þeim tilvikum sem uppboðsbeiðni barst en eignin var ekki seld á nauðungaruppboði var ýmist um það að ræða að eiganda eignarinnar tækist að semja við skuldunauta sína, eða að beiðnin hafi verið dregin til baka af öðrum orsökum.

Íbúðalánasjóður er sá einstaki aðili sem oftast hefur krafist uppboðs á eignum. Sjóðurinn hefur krafist uppboða í 1.733 tilvikum á árinu.

Bankarnir hafa krafist samanlagt 794 uppboða og tryggingafélögin, sem eiga yfirleitt kröfu vegna lögbundinnar brunatryggingar, hafa gert 930 kröfur.

**brjann@frettabladid.is**

Landsbjörg hefur sölu á kalli:

## Neyðarkallinn í sölu á morgun

**SAMFÉLAGSMÁL** Hið árlega fjáröflunarverkefni Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sala Neyðarkallsins, hefst á morgun.



Í ár verður Neyðarkallinn í líki rústabjörgunarmanns til heiðurs þeim sem tóku þátt í verkefninu á Haítí. Björgunarsveitin skildi eftir mikið af búnaði sínum í landinu svo hægt væri að nota hann í áframhaldandi hjálparstarfi. Ágóði af sölunni mun meðal annars ganga upp í kaup á nýjum búnaði fyrir sveitina.

Neyðarkallinn verður til sölu á vinnustöðum og við verslanir um land allt. **- sv**

Hækkanir OR hafnar:

## Aukagjald á frek fyrirtæki

**ORKUMÁL Gjaldskrárhækkanir Orkuveitu Reykjavíkur (OR) gengu í gildi á mánudaginn síðastliðinn, 1. nóvember.**

**Stjórn OR hefur samþykkt að taka upp innheimtu aukafráveitugjalds af fyrirtækjum. Í tilkynningu OR segir að gjaldið snúi þá helst að þeim fyrirtækjum sem frekust eru á þjónustuna og að þau greiði í samræmi við afnot sín. Upphæð gjaldsins mun taka mið af vatnsnotkun að frádregnu því vatnsmagni sem áætlað er að fari í framleiðslu fyrirtækisins. Ætla má að gjaldið skili OR um 65 milljónum króna árið 2011. - sv**


kostur
Spörum og njótum lífsins
Opið alla daga 10-20
Hana
Nú
Ferskur kjúklingur á tilboði á miðvikudögum
Kostur
Ferskur kjúklingur
489 kr/kg
Aðeins 3 stk. á körfu.
Gildir meðan birgðir endast
*Kjúklingurinn er nýslátraður í neytendaumbúðum
Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is
Opið alla daga frá 10.00 til 20.00 | Sjáðu Kost á Facebook




**VEÐURSPÁ**



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**VONT NORÐAN TIL** Það má búast við strekkingsvindi eða hvassviðri um vestanvert landið fram eftir degi og talsverðri snjókomu eða slyddu norðanlands í dag. Veður verður skaplegra syðra en þó má búast við hvassviðri allra syðst á landinu og éljum suðvestan til.







**Á MORGUN**
Strekkingur með SA-strönd, annars hægari.




**FÖSTUDAGUR**
Strekkingur allra syðst, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 15° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 11° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 8° |
| París | 16° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

# NÓVEMBER TILBOÐ!

30%
AFSLÁTTUR



## CORSICA
Queen Size (153x203cm)

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Tvíhert sérvalið stál í gormakerfi
- Hreyfing milli svefnsvæða aldrei minni
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

Fullt verð 230.000 kr.

**VERÐ NÚ 161.000 kr.**

# 30% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM KING KOIL RÚMUM Í NÓVEMBER

30%
AFSLÁTTUR



## AMELIA
Queen Size (153x203cm)

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tvíhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa

Fullt verð 149.700 kr.

**VERÐ NÚ 104.791 kr.**

30%
AFSLÁTTUR



## GRAND HAVEN
Queen Size (153x203cm)

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæði er úr þrýstijöfnunar-svampi og latexi sem skorið er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans

Fullt verð 308.700 kr.

**VERÐ NÚ 216.161 kr.**

ARGH! 031110

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér þú borða nógu hollan mat?*

| | |
|---|---|
| Já | 52,3% |
| Nei | 47,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú hlynnt/ur því að Norðurlöndin sameinist í eitt ríki?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

vísir

Tímamótasamningur Breta og Frakka um varnar- og öryggismál til fimmtíu ára:

# Áður óþekkt trúnaðartraust

**BRETLAND, AP** Bretar og Frakkar undirrituðu í gær samning til fimmtíu ára um náið samstarf í varnar- og öryggismálum. Samningurinn felur meðal annars í sér samnýtingu flugmóðurskipa, sameiginlega viðbragðssveit sem skipuð verður tíu þúsund hermönnum beggja ríkja, og nána samvinnu um kjarnorkuvopn.

„Þessi ákvörðun á sér engin fordæmi,“ sagði Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti, „og hún sýnir trúnað og traust milli ríkjanna á því stigi, að áður hefur ekki þekkst í sögunni.“ Það var Sarkozy sem undirritaði samninginn í London í gær ásamt David Cameron, forsætisráðherra Bretlands.

Samningurinn er að hluta tilkominn vegna brýnnar nauðsynjar beggja ríkjanna til að draga harkalega saman útgjöld ríkisins í heimskreppunni.

Cameron sagði á ríkisstjórnarfundi að samvinna ríkjanna um tilraunir með kjarnorkuvopn muni ein og sér spara breskum stjórnvöldum hundruð milljóna punda. - gb



**SARKOZY OG CAMERON** Leiðtogar Frakka og Breta með samninginn á milli sín. NORDICPHOTOS/AFP

Íbúð fyrir blinda vígð í gær:

# Íbúi flytur inn á fimmtudag

**FÉLAGSMÁL** Fyrsta endurhæfingaríbúðin fyrir blinda og sjónskerta hér á landi var vígð í gær.

Blindrafélagið sér um kostnað og rekstur íbúðarinnar en Þjónustu- og þekkingamiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga sér um endurhæfingu einstaklinga og ráðgjöf.

Íbúðin er í húsi Blindrafélagsins og er ætluð til hæfingar og endurhæfingar fyrir blinda og sjónskerta Íslendinga.

Fyrsti íbúinn flytja inn á fimmtudaginn kemur. - sv

Húsnæði við Eirhöfða:

# Eldsupptök eru enn ókunn

**BRUNI** Engar upplýsingar er að fá frá lögreglu um það hvað olli því að eldur kom upp í bíl á verkstæði við Eirhöfða aðfaranótt mánudags. Eldurinn læsti sig í húsið, sem stórskemmdist í brunanum.

Vegfarandi varð eldsins var skömmu eftir miðnætti og var allt slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sent á vettvang í snatri. Bíllinn á verkstæðinu var alelda þegar að var komið. Greiðlega gekk að slökkva í honum en þá kom í ljós að eldurinn hafði teygt sig í þak hússins og logaði í einangrun og bitum.

Húsið er þrískipt með eldvarnarveggjum á milli og kviknaði eldurinn í miðhlutanum.

Árni Þór Sigmundsson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir að húsið sé mjög skemmt og rjúfa hafi þurft þakið á þremur stöðum. Enn sé ekkert hægt að fullyrða um orsök eldsins en tæknideild lögreglu vinni að rannsókn málsins. - sh

Mikil flugumferð raskar ró:

# Reglur um flug yfir Þingvöllum

**UMHVERFISMÁL Sigurður Ingi Jóhannsson alþingismaður óskaði eftir því á síðasta fundi Þingvallanefndar að settar verði reglur um flug yfir þjóðgarðinum. Sigurður bendir á að til séu reglur um vatnasvið Þingvallavatns og að reynt sé að takmarka bílaumferð. „Það er því svolítið hróplegt ef maður setur sig niður í náttúruna á sunnudegi með fjölskylduna ef það kemur þyrla fljúgandi yfir í tíma og ótíma. Þyrlan er kannski með vel borgandi túrista en passar ekki við þá stemningu sem ætlun er að eiga,“ segir Sigurður. „Það þyrfti að vera einhvers konar takmörkun á því hvar sé hægt að fljúga og hvenær.“** - gar

# Segir Icelandic taka upp þvingunarkerfi

**Talsmenn útgerðarmanna og fiskvinnslustöðva eru ósáttir við að Icelandic taki upp alþjóðlegt vottunarkerfi. Íslensk vottun verður innleidd síðar í mánuðinum.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Óánægju gætir hjá forvígismönnum samtaka í sjávarútvegi með ákvörðun Icelandic Group um að innleiða svonefnda MSC-vottun í þorsk- og ýsuveiðum við Ísland.

MSC stendur fyrir Marine Stewardship Council sem er sjálfseignarstofnun sem heldur úti vottunarstaðli fyrir sjálfbærar fiskveiðar. Greiða þarf fyrir aðild að kerfinu.

Icelandic Group tilkynnti um ákvörðun sína í lok síðasta mánaðar, mánuði áður en íslenskt vottunarkerfi fyrir þorskveiðar, undir merkinu Iceland Responsible Fisheries, verður tekið í notkun. Í framhaldinu á það að ná yfir veiðar fleiri tegunda. Unnið hefur verið að íslenska vottunarkerfinu undir forystu Fiskifélags Íslands með þátttöku stjórnvalda.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, er lítt hrifinn af MSC-kerfinu. Það sé þvingunarkerfi með óeðlilegum leikreglum. „Við teljum ófært að til þess að fá að eiga viðskipti með fisk séu menn þvingaðir til að borga þessum aðila lausnargjald. Það gengur ekki að einn aðili á alþjóðavísu ákveði hvort menn fái að selja ákveðnum aðilum fisk.“ Íslenskur sjávarútvegur eigi að vera frjáls frá slíku fyrirkomulagi.

„Við hefðum kosið að Icelandic hefði látið reyna á íslenska kerfið sem byggir á viðmiðum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Með því verður sýnt fram á að við stundum ábyrgar veiðar en því fylgir ekki svona lausnargjald.“



**VEITT** Icelandic Group hefur ákveðið að taka upp svonefnt MSC-vottunarkerfi fiskveiða. Íslenskt kerfi fyrir þorskveiðar verður tekið í gagnið síðar í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



**FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON**



**ARNAR SIGURMUNDSSON**

Friðrik kveðst ekki vita hvort þessi afstaða LÍÚ og fleiri aðila í sjávarútvegi torveldi hræfnisöflun Icelandic. Sambandið hafi ekki yfir félagsmönnum að segja.

„Það eru vonbrigði að stjórnendur Icelandic Group hafi tekið þessa ákvörðun nú rétt áður en íslenska vottunarkerfið er innleitt og að þeir hafi ekki verið tilbúnir að sjá hvernig því myndi reiða af,“ segir Arnar. Hann kveðst þó skilja að þrýstingur kunni að hafa verið á fyrirtækinu sem sé fjölþjóðlegt. „Þarna ráða markaðslegar ástæður hjá stjórnendum en mín skoðun er að við eigum að standa saman um íslenska kerfið. Það hefur tekið of langan tíma að koma því á fót en nú sér fyrir endann á því.“ Aðspurður kveðst Arnar vona að MSC-vottun Icelandic hafi ekki neikvæð áhrif á íslenskan sjávarútveg. bjorn@frettabladid.is

Ómenni dreymir um frelsi:

# Fritzl vill hugsa um konu sína

**VÍN Josef Fritzl, sem hélt dóttur sinni fanginni í kjallaraholu í austurríska smábænum Amstetten um 24 ára skeið og átti með henni sjö börn, segist dreyma um frelsi.**



**JOSEF FRITZL**

**Þetta sagði Fritzl í viðtali við þýska blaðið Bild, en þetta er í fysta sinn sem hann tjáir sig opinberlega eftir að hann var dæmdur til ævilangrar fangavistar í fyrra.**

**„Ég vildi gjarna fá tækifæri til að hugsa um eiginkonu mína því að hún var mér alltaf trú,“ sagði Fritzl, en bætti því við að hún hafi hvorki svarað bréfum hans né komið að heimsækja hann í fangelsið.**

**Fritzl, sem er 75 ára, getur sótt um reynslulausn eftir 15 ár.** - þj

Alda sprengjuárása í Aþenu:

# Sprengjur til fimm sendiráða

**AÞENA, AP** Tvær sprengjur sprungu fyrir utan sendiráð Rússlands og Sviss í Aþenu, höfuðborg Grikklands, í gær. Lögregla lagði hendur á að minnsta kosti þrjár sprengjur til viðbótar, sem stílaðar voru á sendiráð Hollands, Belgíu og Mexíkó.

Yfirvöld handtóku tvo menn í kjölfar sprenginganna. Þeir voru með kassa með sprengjum og var annar stílaður á Nicolas Sarkozy, forseta Frakklands. Annar maðurinn er eftirlýstur fyrir aðild að róttækum hópi anarkista sem kallar sig Conspiracy Nuclei of Fire og hefur lýst á hendur sér fjölda lítilla sprenginga og íkveikja á síðustu tveim árum. - sv


KPMG
cutting through complexity™

Röð námskeiða um skattamál

Skráning og allar nánari upplýsingar um námskeiðin og námskeiðsgjöld er að finna á **kpmg.is**

4. nóv. **Virðisaukaskattskvaðir á fasteignir og upplýsingagjöf til skattyfirvalda**

9. nóv. **Virðisaukaskattur og bókhald, hvað fer helst úrskeiðis?**

11. nóv. **Skattaleg áhrif af eftirgjöf skulda og kaup á kröfum með afföllum**

16. nóv. **Skattskuldbindingar og samsköttun fyrirtækja**

18. nóv. **Afdráttarskattar hjá fjármálafyrirtækjum**

22. nóv. **Kynning á reglum ESB um VSK**

23. nóv. **Álitamál tengd virðisaukaskattsskyldri starfsemi íslenskra fyrirtækja innan ESB**

25. nóv. **Afdráttarskattar af erlendri þjónustu**

30. nóv. **Nýgerðar breytingar á lögum um gjaldþrot og álitamál tengd frádráttarbærni krafna**

2. des. **Fyrirhugaðar breytingar á skattalögum**


KONUKVÖLD
MIÐVIKUDAGINN 3. NÓVEMBER - FRÁ 18:30-21:00
ÓTRÚLEG TILBOÐ:
35% AFSLÁTTUR AF ALLRI JÓLAVÖRU
2 FYRIR 1 AF MARSEILLE SÁPUM
2 FYRIR 1 AF ÖLLUM KUBBAKERTUM
30 FRÁBÆR ÖNNUR TILBOÐ
KYNNINGAR:
KARL K. KARLSSON
NÓI SIRÍUS
BÚRIÐ
ÖLGERÐIN
DAGSKRÁ:
JAZZ
FROSTRÓSIR
HAPPADRÆTTI
EKKI MISSA AF ÞESSU
FRÁBÆRA KVÖLDI
© ILVA Ísland 2010
ILVA Korputorgi Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík, sími 522 4500 www.ilva.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30, laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18
sendum um allt land

**FRÉTTASKÝRING:** Breytingar á fjölda einkamála og ákærumála

# Fleiri málum lokið hjá lögreglustjórum

Ákærumálum frá lögreglustjórum landsins hefur fækkað hjá héraðsdómstólunum undanfarin ár. Alls voru um 1.500 ákærur þingfestar fyrstu níu mánuði ársins, samanborið við um 2.500 á sama tímabili árið 2008.

Auknar heimildir lögreglustjóra til að ljúka málum án atbeina dómstóla skýra að mestu þessa fækkun að mati Símons Sigvaldasonar, formanns dómstólaráðs Íslands. Reglunum var breytt á síðasta ári, og hafa skilað sér í minna álagi hjá dómstólum vegna til dæmis umferðalagabrota.

Einnig gæti haft áhrif harðari viðbrögð við síbrotamönnum, segir Símon. Þeir séu nú yfirleitt stöðvaðir fyrr, oftar settir í síbrotagæslu og sitji lengur inni eftir hverja innbrotahrinu. Það skili sér í færri innbrotum.

**Ákærumál frá lögreglu og saksóknurum**







# Einkamálum fækkar

**Einkamálum sem hafa verið höfðuð það sem af er ári hefur fækkað um nær helming frá því í fyrra. Litlu málin hverfa svo þetta dregur lítið úr álagi segir formaður dómstólaráðs. Hækkun á þingfestingargjaldi skýrir fækkunina.**

Um 9.700 einkamál hafa verið höfðuð fyrir héraðsdómstólum landsins fyrstu níu mánuði ársins. Það er mikil fækkun frá því á síðasta ári, þegar tæplega 17.300 mál voru höfðuð á sama níu mánaða tímabili.

Þessar upplýsingar koma fram í samantekt dómsmálaráðs Íslands sem unnin var fyrir Fréttablaðið.

Einkamál eru höfðuð telji einhver sig eiga kröfu á einstakling eða fyrirtæki, í langflestum tilvikum er um peningakröfu að ræða, segir Símon Sigvaldason, formaður dómstólaráðs Íslands.

Hann segir að smærri mál vegna lágra skulda rati í mun minna mæli til héraðsdómstóla eftir að breytingar voru gerðar á þingfestingargjaldi. Áður þurftu þeir sem höfða vildu einkamál að greiða 3.900 króna gjald til að fá málið þingfest. Í ár var gjaldið tæplega fjórfaldað, og er nú um 15 þúsund krónur að lágmarki.



SÍMON SIGVALDASON

„Það var ótrúlega mikið af einkamálum sem vörðuðu lágar upphæðir,“ segir Símon.

Langsamlega flest einkamál eru útkljáð án þess að sá sem stefnt er taki til varna, og lýkur þeim málum ekki með formlegum dómi. Starfsmaður dómsins fer yfir kröfurnar og metur hvort þær eigi við rök að styðjast. Ef svo er lýkur málinu með áritun dómstólsins sem staðfestir að kröfurnar séu teknar til greina, segir Símon.

Mikil fækkun þessara minni einkamála dregur afar lítið úr álagi á dómstólana, segir Símon. Afgreiðsla þeirra hafi verið í höndum aðstoðarmanna dómara, þó dómarar beri alltaf endanlega ábyrgð á afgreiðslu málanna.

„Það er vissulega jákvætt að málum fækki, en þetta þýðir auðvitað ekki að því fólki sem telur sig eiga kröfur á einhverja í samfélaginu fækki,“ segir Símon. Þetta hafi með öðrum orðum þær afleiðingar að fólk sitji uppi með smærri kröfur og geti ekki sótt rétt sinn með góðu móti sökum kostnaðar.

Símon segir að þetta ætti að auka þrýstinginn á stjórnvöld um að taka upp svokallaða smámálameðferð með svipuðum hætti og gert hafi verið á hinum Norðurlöndunum.

Þar getur fólk borið minni mál upp við dómstóla í gegnum vefinn án fulltingis lögmanna, og fengið úrlausn sinna mála án mikils tilkostnaðar. Vilji sá sem stefnt er bregðast við stefnunni geti hann gert það með því að setja fram sín rök í málinu í stuttu máli, sem og gögn sem styðja hans málstað. Þegar það er komið er dæmt í málinu, en haldi stefndi ekki uppi vörnum lýkur því með sama hætti og í smærri málum nú, með áritun dómstólsins.

Símon segir að dómsmálaráðuneytið sé nú að meta hvort þessi leið verði farin hér á landi. Þörfin fyrir þetta úrræði hafi aukist mikið, eins og endurspeglist í tölum yfir fjölda mála.

„Fólk sér einfaldlega að það er glapræði að stefna inn málum vegna lágra fjárhæða, og það þarf að vera til úrræði fyrir það fólk,“ segir Símon.

**Þingfest einkamál hjá héraðsdómum**




> Það er vissulega jákvætt að málum fækki, en þetta þýðir auðvitað ekki að því fólki sem telur sig eiga kröfur á einhverja í samfélaginu fækki.
>
> SÍMON SIGVALDASON FORMAÐUR DÓMSTÓLARÁÐS




Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is






ICEWEAR HEFUR OPNAÐ VERSLUN AÐ SUÐURHRAUNI 12C
RISAÚTSALA
SKISSA
OPNUNARTÍMI FRAM AÐ JÓLUM:
11-18 VIRKA DAGA, LAUGARDAGA FRÁ 10-16
OG SUNNUDAGA FRÁ 12-16.
ICE WEAR
WWW.ICEWEAR.IS
OLIVER
loðflís
7.920,-
Tilboð:
4.900,-
01 Black
58 Moon Beam
JACOB
Softshell
14.900,-
Tilboð:
5.900,-
08 Snorkel Blue
22 Olive
71 Graphic Black
92 Tomato
DIANA
Ice Softshell
17.990,-
Tilboð:
8.900,-
01 Black
18 Molten Lava
DISA
Bómullarpeysa
12.100,-
Tilboð:
4.900,-
01 Black
13 Red




Sendinefnd AGS í heimsókn:

# Nefndin vinnur að fjórðu endurskoðun

**EFNAHAGSMÁL** Hálfsmánaðar löng heimsókn sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vegna fjórðu endurskoðunar efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda hófst í gær.

Í tilkynningu sjóðsins er haft eftir Franek Rozwadowski, fulltrúa hans með aðsetur hér á landi, að starfsmenn sjóðsins kynni afrakstur funda sinna með ráðamönnum í lok heimsóknarinnar, 15. þessa mánaðar.


FRANEK ROZWADOWSKI

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn samþykkt efnahagsáætlun Íslands 19. nóvember 2008. Þriðja endurskoðun áætlunarinnar var samþykkt í stjórn sjóðsins í lok september.

- óká


**FORSÆTISRÁÐHERRAR NORÐURLANDANNA** Jens Stoltenberg frá Noregi, Mari Kiviniemi frá Finnlandi, Lars Løkke Rasmussen frá Danmörku, Jóhanna Sigurðardóttir og Fredrik Reinfeldt frá Svíþjóð á sameiginlegum blaðamannafundi í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Danir sagðir brjóta norrænar reglur

**Þing Norðurlandaráðs var sett í gær. Deilt um framferði danskra stjórnvalda gagnvart innflytjendum frá hinum Norðurlöndunum sem þurfa félagslega aðstoð.**

**NORÐURLÖND** Eitt helsta hitamálið á Norðurlandaráðsþingi í ár virðist ætla að snúast um þá stefnu danskra stjórnvalda að vísa úr landi norrænum ríkisborgurum sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda.

Kirsten Ketscher, lagaprófessor við háskólann í Kaupmannahöfn, heldur því fram að með þessu brjóti dönsk stjórnvöld viðurkennda sáttmála, bæði á vettvangi Norðurlandanna og á vettvangi Evrópusambandsins.

Helgi Hjörvar, forseti Norðurlandaráðs, tók undir þessa gagnrýni í ávarpi sínu við opnun Norðurlandaráðsþings á Grand Hóteli í gær. Hann sagði það grafa undan Norðurlandasamstarfinu ef norrænu ríkin túlka norræna sáttmála á ólíka vegu.

Hann sagði það vekja sérstaka athygli að Birthe Rønn Hornbech, samþættingarráðherra Dana, skuli neita að gera grein fyrir þessari stefnu danskra stjórnvalda.

Þema Norðurlandaráðsþings í ár er grænn vöxtur sem leið út úr kreppunni. Flokkahópur vinstri grænna í Norðurlandaráði notaði tilefnið til að koma á framfæri þeirri afstöðu sinni að skilgreina þurfi eignarhald á náttúruauðlindum í löggjöf og stjórnarskrám norrænu ríkjanna. Þingmenn frá Færeyjum og Grænlandi segja pólitíska samstöðu um þetta í þeirra löndum.

Á sameiginlegum blaðamannafundi, sem forsætisráðherrar Norðurlandanna fimm héldu í Reykjavík í gær, sagði Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, það aðdáunarvert hve Íslendingum hafi tekist að vinna sig hratt og vel út úr kreppunni, þótt sú þróun hafi að sjálfsögðu verið sársaukafull.

Fredrik Reinfeldt sagði sömuleiðis mikilvægt að Norðurlöndin hafi komið Íslandi til aðstoðar á sínum tíma.



> Ef norrænu ríkin túlka norræna sáttmála á ólíka vegu mun það grafa undan Norðurlandasamstarfinu.
>
> **HELGI HJÖRVAR**
> FORSETI NORÐURLANDARÁÐS

Margvísleg önnur mál koma til umræðu á þinginu. Meðal annars hefur danski þingmaðurinn Mogens Jensen kynnt hugmyndir um að Norðurlandaráð komi upp sameiginlegri norrænni menningarrás í sjónvarpi, sem á að vinna á móti yfirgnæfandi áhrifum bandarísks sjónvarpsefnis á Norðurlöndunum. Þinginu lýkur á morgun.

gudsteinn@frettabladid.is

BK BALDONI KITCHEN FURNITURE

*... eitt hagstæðasta verðið á markaðnum*

*Allt að 40% afsláttur*

*+5% staðgr.afsláttur*

# VANDAÐAR
## HÁGÆÐA ELDHÚS INNRÉTTINGAR



**LINE** Glerhörð, kámfrí áferð
Hvítt lakkað háglans, höldulaus



**COUNTRY** Glerhörð, kámfrí áferð
Fulningur - hvítt lakkað, háglans

til afgreiðslu af lager



**HORIZONTAL**
Spónlögð amerísk hnota



**DUCALE**
Ljós eik - innfelld handföng



**DUCALE** Glerhörð, kámfrí áferð
Hvítt lakkað háglans, innfelld handföng

## ÞVOTTAHÚS innréttingar



*Heil innrétting fyrir þvottavél og þurrkara*

TILBOÐ! 49.900-

www.i-t.is

DRAUMA ELDHÚS

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR - hjálp til heilbrigðis

KRÝSUVÍK

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 9-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

**FRÉTTAVIÐTAL:** *Sofi Oksanen, handhafi bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs*

# Frjór jarðvegur til að misnota fólk

Finnski rithöfundurinn **Sofi Oksanen** tekur við bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs í dag fyrir skáldsöguna Hreinsun. Í samtali við Fréttablaðið segist hún hafa viljað vekja athygli á sögu eistnesku þjóðarinnar undir járnhæl Sovétríkjanna; sögu sem er að mestu leyti ósögð utan Eystrasaltsins.



**SOFI OKSANEN** „Það er gömul saga og ný að við aðstæður sem þessar, þegar þjóðfélag verður óstöðugt, myndast frjór jarðvegur fyrir misnotkun á fólki. Eystrasaltslöndin fengu að kenna á því þegar Stalín var að ná völdum og aftur þegar Sovétríkin hrundu.“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skáldsagan Hreinsun fjallar um gamla konu, Aliide, sem kemur að ungri stúlku, Zöru, illa leikinni í garðinum hjá sér á litlum bóndabæ í Eistlandi. Aliide skýtur skjólshúsi yfir stúlkuna og smám saman kemst hún að því að saga þeirra er samfléttuð. Í bókinni er saga þeirra rakin á mismunandi tímum í eistneskri sögu og fyrir lesanda opnast sýn yfir harmsögu Eista á liðinni öld; saga sem er að stórum leyti ókunn í Evrópu.

„Það var meðal annars það sem ég hafði í huga þegar ég skrifaði þessa bók,“ segir Oksanen. „Samtímasaga Eistlands hefur ekki verið skrifuð inn í sögu Evrópu, heldur hefur hún verið innlimuð í sögu Sovétríkjanna. Sem er alls ekki saga Eista.

Ef hugmyndin um sameinaða Evrópu á að ná fram að ganga verður að brúa bilið milli Austur- og Vestur-Evrópu, sem er enn talsvert, meðal annars vegna þess að saga fyrrverandi Sovétlýðveldanna er lítið sem ekkert þekkt.“

### Kynntist Eistlandi Sovéttímans

Oksanen er sjálf hálfur Eisti; móðir hennar flutti til Finnlands og giftist Finna á áttunda áratugnum. Oksanen, sem er fædd árið 1977, dvaldi langdvölum hjá ömmu sinni í Eistlandi sem barn. Í bókinni á Aliide dóttur sem flytur til Finnlands og giftist heimamanni. Oksanen er því oft spurð hvort þetta sé saga fjölskyldu hennar.

„Alls ekki, þetta er saga allra eistneskra fjölskyldna. Dvöl mín í Eistlandi setur auðvitað eitthvað mark á bókina því ég þekki landið vel. Fjölskylda mín kemur frá vesturhluta Eistlands, þar sem herinn réð ríkjum á Sovéttímanum.

> Samtímasaga Eistlands hefur ekki verið skrifuð inn í sögu Evrópu, heldur hefur hún verið innlimuð í sögu Sovétríkjanna

Ég var líklega ein fárra að vestan, sem sáu þá hlið landsins sem stjórnvöld héldu frá útlendingum. Flestir Finnar sem heimsóttu landið fóru í skoðanaferðir sem var vandlega stjórnað. Þeir heimsóttu einhver fyrirmyndarsamyrkjubú og fengu aðeins að sjá þá mynd sem stjórnvöld vildu. Ég sá hins vegar hina hliðina og fyrir mér varð hún ekki framandi, svona var bara venjulegt líf í Eistlandi.

En bókin byggir ekki á minningum mínum eða sögu fjölskyldu minnar. Minnið er brigðult og ekki góð hjálparhella þegar maður skrifar sögulegan skáldskap. Ég þurfti því að vinna mikla heimildarvinnu fyrir þessa bók.“

### Ólíkar konur – áþekk reynsla

Hreinsun er þó ekki aðeins þjóðarsaga, heldur fjallar hún líka um tvær konur af ólíkum kynslóðum; konur sem eru ítrekað beygðar og niðurlægðar en rísa alltaf upp.

„Í rannsóknarvinnunni fyrir bókina las ég mér meðal annars til um kynferðislegt ofbeldi. Þar tók ég meðal annars eftir ákveðnum almennum viðbrögðum, meðal þolenda slíkra ódæðisverka. Það kom mér á óvart því ég bjóst við meiri mun á slíkri upplifun milli þolenda með ólíkan menningarlegan og trúarlegan bakgrunn. Bakgrunnurinn virðist hafa lítil áhrif á upplifun eða tilfinningar þolenda kynferðisofbeldis. Þannig kviknaði hugmyndin að því að draga fram líkindin í reynslu þessara tveggja kvenna.“

Bókin vekur líka athygli á grimmu hlutskipti ófárra kvenna eftir hrun Sovétríkjanna, þegar Austur-Evrópa varð gróðrarstía mansals. „Það er gömul saga og ný að við aðstæður sem þessar, þegar þjóðfélag verður óstöðugt, myndast frjór jarðvegur fyrir misnotkun á fólki. Eystrasaltslöndin fengu að kenna á því þegar Stalín var að ná völdum og aftur þegar Sovétríkin hrundu. Í stað Rauða hersins kom rússneska mafían.“

### Uppgjör í Eistlandi

Oksanen er fædd og uppalin í Finnlandi en hefur skrifað tvær skáldsögur um Eistland; Hreinsun og Kýr Stalíns, og hefur hugsað sér að skrifa tvær bækur til viðbótar. Hvers vegna blínir hún svo mikið til Eistlands í skáldskap sínum?

„Saga Eistlands vekur sem stendur mikinn áhuga hjá mér. Sem rithöfundur hef ég haft tækifæri til að fylgjast með þjóðinni endurheimta sjálfstæði sitt um leið og risaveldið sem réði þar lögum og lofum leið undir lok. Þetta eru dramatískari atburðir en flestir upplifa á ævinni.“

Oksanen segir að Eistar hafi byrjað að gera upp Sovéttímann á 9. áratugnum, þegar út fóru að koma endurminningabækur sem fjölgaði jafnt og þétt næstu árin. Einnig sé komin fram á sjónarsviðið ný kynslóð sagnfræðinga sem ekki er gegnsýrð af pólitík. Lítið sé hins vegar um sögulegan skáldskap um Sovéttímann. Hreinsun hefur verið gefin út í Eistlandi og var mest selda þýdda skáldsagan þar í landi í fyrra. Oksanen segir gleðilegt hversu vel bókinni hafi verið tekið í Eistlandi en hefur líka orðið vör við gagnrýni á bókina.

„Sumir hafa átt erfitt með að gera greinarmun á sagnfræði og sögulegum skáldskap; átta sig ekki á að söguleg skáldsaga verður aldrei tæmandi sagnfræðileg úttekt á viðfangsefninu.“

### Byrjaði sem leikrit

Upphaflega var Hreinsun skrifuð sem leikrit, sem sýnt var við miklar vinsældir í Finnlandi árið 2007. Oksanen segist hafa ákveðið að skrifa að skáldsögu upp úr verkinu, meðal annars til að bæta við persónu Ingelar, systur Aliide í verkið.

„Það má skipta endurminningabókum í Eistlandi í þrjá flokka: þeir sem voru fluttir austur, þeir sem flúðu vestur, og þeir sem þurftu að vera um kyrrt. Fæstar endurminningabækurnar eru eftir fólkið sem var um kyrrt og ég vildi því skrifa leikrit um slíka manneskju. Í leikritinu er tilvist systur Aliide, sem var flutt austur, fólgin í fjarveru hennar. En ég fór að velta því fyrir mér hvort ég þyrfti ekki að ljá henni rödd og byrjaði að skrifa einræður fyrir hana. Og áður en langt um leið áttaði ég mig á að ég var að skrifa skáldsögu.“

### Vinsældirnar komu á óvart

Óhætt er að segja að Hreinsun hafi slegið í gegn á alþjóðlega vísu. Hún sankaði að sér verðlaunum í Finnlandi þegar hún kom út, hefur verið þýdd á fjölda tungumála og í gær var tilkynnt að hún hefði hlotið frönsku Prix Femina Etranger-verðlaunin. Oksanen segir að vinsældir bókarinnar hafi komið sér mjög á óvart.

„Þegar maður skrifar bók um gamla konu sem býr á bóndabæ í Eistlandi á maður ekki beinlínis von á því að slá í gegn, allra síst á erlendum vettvangi.“ Hún gleðst yfir verðlaununum sem bókin hefur hlotið og möguleikana sem þau veita henni.

„Þetta stuðlar því að vissu starfsöryggi og stækkar mögulega lesendahópinn, sem allir rithöfundar vonast eftir. En fyrst og fremst vona ég þó að verðlaunin komi til með að vekja athygli á finnskum bókmenntum almennt.“




**Bergsteinn Sigurðsson**
bergsteinn@frettabladid.is






**Ríkisstjórnin hefur brugðist heimilum landsins**

Betri ríkisstjórn Strax
Leiðréttið lán heimilanna Strax
Hættið hræðsluáróðri Strax

Gönguhópurinn



# Ekki láta peningana brenna upp!

## PENINGARNIR BRENNA UPP INNI Í BÖNKUNUM

Peningar á veltu- og debetreikningum bankanna rýrna um 2,9 prósent á ári. Að S24 undanskildum eru vextir af peningum á slíkum reikningum nánast engir. Lausnin felst í að skipta við S24 eða binda peningana til nokkurra ára inni á verðtryggðum reikningum.

Samkvæmt úttekt DV 1. nóvember síðastliðinn rýrna peningarnir ef þú ert með þá á debetreikningi hjá öðrum banka en S24. Stattu vörð um peningana þína og kláraðu málið á S24.is til að fá hagstæðari vexti.

Sæktu um á www.s24.is eða hringdu í 533 2424
til að fá nánari upplýsingar – og þú hagnast.

DYNAMO REYKJAVIK

S24 …og þú hagnast

M.v. vaxtatöflu banka og sparisjóða þann 21.10.2010. Tekið er mið af fyrsta þrepi debetreiknings.

# ALLT
# Í BAKSTURINN




## Súkkulaðibitakökur
*með ferskri myntu*

Þetta eru óvenjulegar súkkulaðibitakökur, því hér er notuð fersk mynta sem gefur þeim kraftmikið og ferskt bragð.

24 kökur :
3 msk fersk mynta, fínsöxuð
100 g Síríus Konsum 70% súkkulaði
1 eggjarauða
100 g sykur
80 g smjör, mjúkt
140 g hveiti
1 tsk lyftiduft
ögn af salti

Skolið myntuna vel í köldu vatni, þerrið hana á eldhúspappír og fínsaxið hana. Grófsaxið súkkulaðið. Þeytið eggjarauðuna með sykrinum þar til blandan verður létt og ljós. Bætið mjúku smjörinu út í og þeytið áfram. Hrærið síðan hveiti, lyftiduft, myntu og salt saman við. Blandið að lokum saxaða súkkulaðinu gætilega saman við. Mótið langa rúllu úr deiginu og kælið það í minnst 1 klukkustund í kæliskáp. Hitið ofninn í 180°C. Klæðið bökunarplötur með bökunarpappír. Skerið deigið í u.þ.b. 24 sneiðar, raðið þeim á bökunarplöturnar og bakið í 10 mínútur. Kælið.

## HAGKAUP BÝÐUR UPP Á ÓTRÚLEGT ÚRVAL FYRIR



**Nói Síríus Konsum 200g**
frábært í baksturinn



**Nói Síríus Konsum**
70% súkkulaði, 56% súkkulaði og orange súkkulaði



**Nói Síríus súkkulaði dropar**
dökkir og ljósir

NÝTT



**Fazer kökuskraut**
tilvalið á ís, eftirétti og kökur

AÐEINS Í HAGKAUP



**Blautar kókosflögur**
í baksturinn

AÐEINS Í HAGKAUP



**Jói Fel begískt súkkulað**
Callebaut súkkulaði 33%, hvítt og 70% masssi

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

# JÓLASMÁKÖKUR

## AÐ HÆTTI LANDSLIÐS MATREIÐSLUMEISTARA





### Jólasmákökur

250 gr smjörlíki (mjúkt)
500 gr hveiti
500 gr púðusykur
2 egg
3 tsk lyftiduft
1 tsk natron
1 tsk kanill
1 tsk negull
1 tsk engifer

Öllu hnoðað saman, gott að kæla degið áður en kökurnar eru búnar til. Nóg að gera pínulitlar kúlur því þær stækka vel, þrýsta smá ofan á þær á plötunni.
Bakað við 200°C í 8-10 mín.

### Banana smákökur

2 bananar, maukaðir
1 bolli döðlur, saxaðar
1/3 bolli matarolía
2 bollar haframjöl
1/2 bolli saxaðar valhnetur
1/2 tsk salt
1 tsk vanilla

Hitið ofninn í 180°C. Blandið saman bönunum, döðlum og matarolíu. Bætið höfrum, hnetum, salti og vanillu út í; blandið lítillega. Látið standa í nokkrar mínútur. Setjið með teskeið á bökunarpappír á bökunarplötu.
Bakið í 25 mínútur eða þar til þær eru tilbúnar.

## BAKSTURINN - HJÁ OKKUR HEFUR ÞÚ VALIÐ!



**Mónu súkkulaði spænir og dropar**
dökkir, ljósir og með núggati




**Katla bökunarvörur**
möndlumjöl, púðursykur, glassúr og piparkökumix




**Kornax hveiti**
ómissandi í baksturinn




**Odense marsipan**
fjölbreytt úrval




**Dr. Oetker form og kökuskraut**
skemmtilegt í baksturinn




**GK suðusúkkulaði og Appolo lakkrís kurl**
tilvalið í bakstur

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Michael Porter blæs Íslendingum bjartsýni í brjóst - en hlusta stjórnvöld á hugmyndir hans?

# Jarðvarmaklasi í fjötrum fortíðar?

Fyrirlestur Michaels Porter, prófessors við Harvard-háskóla, í Háskólabíói í fyrradag blés viðstöddum bjartsýni í brjóst. Porter, sem er einn fremsti sérfræðingur heims á sviði stefnumótunar og samkeppnishæfni þjóða, telur að jarðvarmageirinn hér á landi geti orðið drifkrafturinn í endurreisn efnahagslífsins. Virkjun jarðvarma í þágu orkufreks iðnaðar – ekki þó endilega bara álvera – sé sá kostur sem geti skilað Íslandi skjótustum ávinningi og jafnframt liggi gríðarleg tækifæri í útflutningi tækni og þekkingar á sviði jarðvarma.

SKOÐUN



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Michael Porter hvatti Íslendinga til að láta af sjálfsvorkunninni, hætta að velta sér upp úr kreppunni og hverjum hún væri að kenna og horfa þess í stað fram á veginn. Rannsóknir hans og samstarfsmanna hans, í félagi við fjölda íslenzkra fyrirtækja, stofnana og háskóla, hafa sýnt fram á að á sviði jarðvarmans, ekki sízt virkjunar háhitasvæða, nýtur Ísland ákveðins samkeppnisforskots og orðstírs sem farið hefur víða.

Porter hvatti stjórnvöld til að taka höndum saman við atvinnulífið og marka stefnu, sem styddi við svokallaðan jarðvarmaklasa á Íslandi sem samanstendur af orkufyrirtækjunum, fyrirtækjum sem selja þeim þekkingu, tækni og ráðgjöf og menntastofnunum sem sjá geiranum fyrir hæfu vinnuafli.

Porter og samstarfsmaður hans, Christian Ketels, bentu á hættuna sem það fæli í sér ef Íslendingar sætu eftir í þróun jarðvarmaorku. Íslenzkir sérfræðingar í nýtingu jarðvarma væru eftirsóttir og færu þá til erlendra fyrirtækja, sem nýttu þekkingu þeirra.

Prófessorinn hvatti meðal annars til þess að haldið yrði áfram að efla samkeppni í orkuvinnslu innanlands, greitt yrði fyrir erlendum fjárfestingum í orkugeiranum og regluverkið einfaldað.

Framtíðarsýn Porters er studd bæði rannsóknum og reynslu. Hann segir réttilega að Íslendingar eigi að skammast sín, nýti þeir ekki þau gífurlegu tækifæri sem liggi í jarðvarmageiranum.

Sú spurning vaknaði þó óhjákvæmilega í huga margra, sem hlustuðu á Michael Porter, hvort rödd hans næði eyrum núverandi ríkisstjórnar. Margt af því sem stjórnin aðhefst nú er þvert á þessa framtíðarsýn. Síðast í Fréttablaðinu í dag lýsir Árni Þór Sigurðsson, þingflokksformaður Vinstri grænna, því yfir að flokkurinn vilji að ríkið eignist HS orku og beiti jafnvel eignarnámi til að útiloka erlent eignarhald á fyrirtækinu, þótt nefnd á nefnd ofan hafi komizt að þeirri niðurstöðu að slíkt stangist á við lög. Ekki verður séð að það samrýmist áherzlu Porters á að efla nýsköpun með vaxandi samkeppni í orkuvinnslu innanlands, þegar stefnt er að því að koma henni allri í hendur hins opinbera á ný. Af sama toga er það þegar VG reynir að leggja stein í götu fjárfestinga erlendra iðnfyrirtækja og nánast allrar orkuvinnslu, hvaða nafni sem hún nefnist.

Að minnsta kosti annar stjórnarflokkurinn hefur engan áhuga á framtíðarsýn í orkumálum, heldur vill halda jarðvarmageiranum í fjötrum fortíðar – og skammast sín ekki einu sinni fyrir það.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Upplýsingar

Eftirfarandi mátti lesa á síðu Seðlabankans á mánudag: „Í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992, með síðari breytingum, og ákvæði 17. gr. reglna nr. 370/2010, um gjaldeyrismál, hefur Seðlabanki Íslands lokið endurskoðun á gildandi reglum nr. 370/2010, um gjaldeyrismál, sbr. auglýsingu nr. 843/2010, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 29. október 2010. Eins og fram kemur í auglýsingunni taldi Seðlabankinn ekki þörf á að breyta núgildandi reglum og veitti efnahags- og viðskiptaráðuneytið samþykki sitt fyrir því, með bréfi, dags. 27. október 2010. Reglur nr. 370/2010, um gjaldeyrismál, haldast því óbreyttar."



### Slappt

Svona framsetning er vægast sagt ferleg og í raun móðgun við fólk. Ríkisstofnunin ætti að sjá sóma sinn í að setja upplýsingar sínar fram þannig að sem flestir skilji.

### Hall…eitthvað



Besta flokknum er annt um að sögu kvenna sé gert hærra undir höfði í Reykjavík. Í því skyni slær hann sér á brjóst og sendir út fréttatilkynningu um að nú sé í skoðun að setja skjöld á styttuna af Ingólfi Arnarsyni, þar sem segi: „Hallgerður Fróðadóttir var fyrsta landnámskonan á Íslandi. Þetta er stytta af manninum hennar." Vandamálið er bara það að eiginkona Ingólfs hét Hallveig Fróðadóttir, ekki Hallgerður. En það er kannski aukaatriði, svo lengi sem þetta er kvenmannsnafn.

**bjorn@frettabladid.is**
**stigur@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Sýndarmennska um sáttanefnd?

Stjórnmál



**Þorgerður K. Gunnarsdóttir**
alþingismaður

Það sem Íslendingar þurfa er sterkara atvinnulíf. Óvissa og óljós framtíð í helstu atvinnugreinum landsins er óþolandi. Það er alið á tortryggni og andúð á ákveðnum stéttum fólks. Niðurstaðan er kyrrstaða í íslensku atvinnulífi.

Atvinnulífið í landinu líður fyrir sundrungu í ríkisstjórninni. Ég vil ekki vera neikvæð, neikvæðni er vont veganesti. En atvinnulífið þolir ekki lengri stöðnun.

Sjávarútvegurinn hefur of lengi verið bitbein í samfélaginu. Flestir gera sér fullvel grein fyrir mikilvægi og nauðsyn þess að ná sátt til langframa um þessa atvinnugrein. Niðurstaða meirihluta svonefndrar sáttanefndar um sjávarútvegsmál á dögunum liggur fyrir. Mælt var með samningaleiðinni og að byggja skuli á ríkjandi fiskveiðistjórnunarkerfi; kerfi sem hefur aukið verðmæti íslenskra sjávarafurða og leitt til þess að íslenskur sjávarútvegur, er fyrirmynd annarra landa.

En hvað gerir ríkisstjórnin? Í stað þess að grípa augljóst tækifæri og fara að tillögum sáttanefndarinnar, dregur ríkisstjórnin enn lappirnar. Hvers vegna? Var kannski niðurstaðan henni ekki að skapi? Var sáttanefndin bara sýndarmennska?

Óvissan hefur gert það að verkum, að næstum engin fjárfesting eða framkvæmdir eru innan atvinnugreinarinnar. Allir halda að sér höndum, sem hefur í för með sér minni atvinnu, meðal annars fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem veita greininni þjónustu.

Þegar núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var sett á laggirnar var það umdeilt og erfitt fyrir margra hluta sakir. Menn greindi á um aðferðir við að skipta takmarkaðri auðlind. Þeir sem lengi höfðu stundað útgerð gátu ekki lengur fiskað að vild. Það kallaði á mikla og sársaukafulla hagræðingu innan greinarinnar sem margir virðast hafa gleymt.

Það kann að vera að hægt sé að gagnrýna hvernig þáverandi stjórnvöld stóðu að breytingunum, en þær voru nauðsynlegar. Fiskistofnarnir voru á niðurleið, sumir segja að hruni komnir. Það þurfti að taka ákvörðun um framtíð fiskveiða. Það varð að takmarka veiðarnar. Það var gert þrátt fyrir pólitískar óvinsældir. Þá höfðu menn í huga að tryggja viðgang, verndun og hagkvæma nýtingu fiskistofnanna.

Málið er ekkert flóknara nú. Mikilvægast er fyrir heimilin og samfélagið allt að koma atvinnulífinu af stað aftur. Hvað sjávarútveginn varðar er málið einfalt. Tillögurnar liggja fyrir. Það þarf ákvarðanir. Það þarf ríkisstjórn, sem þorir.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Viljum við markaðssetningu á trú til skólabarna?

**Trúmál**

**Guðmundur Ingi Markússon**
trúarbragðafræðingur og foreldri

Sæll aftur Örn Bárður. Í svargrein þinni til mín gerir þú lítið úr trúboði í skólum með því að segja að trúboð sé stundað víða. Þú spyrð hvort prestar séu meiri trúboðar en aðrir. Ég spyr: er Þjóðkirkjan evangelísk – boðberi fagnaðarerindisins? Þú talar um opið samfélag án þess að spyrja hinnar erfiðu spurningar: Hvar á að draga mörkin? Einhvers staðar hljóta þau að liggja. Tillögur mannréttindaráðs eru tilraun til þess að draga þessi mörk með hag skólabarna í huga.

Trúboð er markaðssetning lífsskoðana. Á heimasíðu Gídeonfélagsins má lesa að markmið þess sé „að koma orði Guðs í hendur fólks á sem flestum aldursskeiðum þess“ (gideon.is). Stundum ganga fulltrúar þeirra lengra en að dreifa Nýja Testamentinu meðal skólabarna og höfða til trúartilfinninga þeirra og leiða þau í bæn (sjá t.d. orvitinn.com/2010/10/23/12.30). Í sumum leikskólum koma prestar í heimsókn mánaðarlega. Fyrir fáeinum árum fréttist af því að í grunnskóla einum væri ávallt farið með morgunbæn. Í mörgum skólum er dreift upplýsingum um barnastarf kirkjunnar. Ekki má gleyma tillögu sem liggur fyrir kirkjuþingi þar sem talað er um aukin tengsl kirkjunnar, bæði við leikskóla og grunnskóla (kirkjuthing.is/mal/2010/14). Þetta er ekkert annað en trúboð. Það skýrir hin sterku viðbrögð kirkjunnar – hún er að missa spón úr aski sínum.

En tryggjum við jafnræðið með því að hleypa fleiri trúboðum inn? Á eftir Gídeon gæti Imaminn dreift Kóraninum, og hvað með Mormónsbók? Þú spyrð hvort við viljum ekki opið samfélag? Vissulega. En hvar eiga mörkin þá að liggja? Viljum við að Vottar Jehóva og Aðventistar dreifi ritum til 10. bekkinga þar sem þróunarkenningin er dregin í efa? Og hvað með trúfélög sem gætu fengið opinbera viðurkenningu seinna meir? Vísindakirkjan, prýdd öllum sínum Hollywoodstjörnum, er viðurkennt trúfélag hjá frændum okkar Svíum. Myndum við opna fyrir þeim? Ég held ekki. Það þarf að draga skýra línu. Eina raunhæfa leiðin til þess er að tryggja að skólinn sé vettvangur fræðslu, ekki markaðssetningar.

Er það mismunun að allir nema tveir fari í kirkjuferð? Er það rétt, með velferð barnanna í huga, að skilja þau frá hópnum? Hér verður að hafa í huga að skólinn er opinber, lögbundinn, og fyrir alla. Auðvitað verður að vera svigrúm fyrir foreldra að fá frí við sérstakar ástæður. En við hljótum að vera sammála um að utanaðkomandi starfssemi trufli skólastarfið sem minnst. Þú virðist gefa þér að þjóðkirkjufólk vilji trúboð í skólum. En það fylgir ekki sjálfkrafa. Undanfarna daga hef ég heyrt í foreldrum sem vilja vera í Þjóðkirkjunni en eru samt andvígir trúboði í skólum. Þú virðist einnig telja að trúlausir kjósi að skilja börn sín út úr hópnum. Fólk fer ólíkar leiðir. Margir foreldrar kjósa að kyngja eigin sannfæringu og hlífa börnum sínum við því að vera skilin frá félögum sínum verða þar með stimpluð „öðruvísi“.

En eru tillögur mannréttindaráðs atlaga að mannréttindum meirihlutans? Hvernig má það vera þegar öllum verður áfram tryggð lögbundin fræðslu um kristindóminn samkvæmt Aðalnámskrá? Tillögurnar snúa aðeins að sjálfri iðkun trúarinnar á skólatíma. Ef taka ætti fyrir fræðslu um kristna trú væri það að mínu viti ekki aðeins brot á mannréttindum meirihlutans heldur einnig minnihlutans. Sumir hafa snúið út úr trúfrelsinu þannig að það sé frelsi til trúar, ekki frá trú. En auðvitað felst líka í því rétturinn til trúleysis. Þetta á við í hinu opinbera rými þar sem skólinn er reistur, öllum til handa. Og þetta snýst ekki um miðstýringu. Að halda því fram að mannréttindi og trúfrelsi eigi að byggjast á því hverjir ráða í hverfum borgarinnar hverju sinni stenst ekki. Mannréttindi eru almenn og yfir slíkan hverfulleika hafin.

> Það þarf að draga skýra línu. Eina raunhæfa leiðin til þess er að tryggja að skólinn sé vettvangur fræðslu, ekki markaðssetningar.

Og hvað svo um „böggun“? Enginn hefur talað fyrir böggun um kristna trú. Fyrir utan að vera óverjandi væri slíkt líka ómögulegt í ljósi Aðalnámsskrár – sem tryggir einnig að kristin trú fái meira pláss en önnur trúarbrögð. Allt tal um böggun er því rangt og jafnframt vantraust á skólakerfið. Hitt er annað mál að fleira verður að koma til en kristin fræði eigi að tryggja menningarlæsi. Þræðir íslenskrar menningar eru fleiri en svo, og í besta falli umdeilanlegt að grunnstefið sé krosssaumur og vefstóllinn úr krossviði. Í nýlegum netpistli segir „að til að geta notið menningararfs þjóðarinnar og okkar heimshluta er mikilvægt að kennslu í samfélagsfræðum, bókmenntum, myndlist, tónlist sem og trúarbragðafræðum og öðrum tengdum námsgreinum sé sinnt með fjölbreyttum og metnaðarfullum hætti“ (Fésbókin: Björn Kristjánsson: Þetta var bara misskilningur!). Bætt menningarlæsi hlýtur að byggjast á þekkingu, ekki trúboði.

Tölum um það sem skiptir máli. Hættum að gera öðrum upp skoðanir eins og „böggun“. Viljum við að hinn lögbundni, opinberi skóli sé vettvangur fyrir markaðssetningu trúarbragða? Viljum við að hann sé fyrir alla eða bara meirihlutann? Hér er ekki nóg að hver svari fyrir sig, eftir hverfulleika eigin þankagangs í sínu horni. Mannréttindi eru almenn og yfir slíkt hafin. Þess vegna þarf skýrar línur.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

„ÉG DREKK EKKI ÞVÍ MÉR ÞYKIR VÆNT UM HEILASELLURNAR MÍNAR“ ÁSLAUG ADDA

FORVARNARDAGURINN
TAKTU ÞÁTT!
HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI



Rannsóknir sýna að ein besta forvörnin gegn fíkniefnum er

**að sniðganga áfengi sem lengst**

Kynntu þér málið á **www.forvarnardagur.is**
eða vertu með okkur á **facebook.com/forvarnardagur**

Forseti Íslands · Reykjavíkurborg · UMFÍ · Skátarnir · Samband íslenskra sveitarfélaga

Verkefnið er styrkt af actavis

Miðvikudaginn 3. nóvember er forvarnardagur í öllum grunnskólum landsins. Ofangreind fullyrðing er byggð á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Forvarnardagurinn er samstarfsverkefni ofantaldra aðila.




Rannsóknir sýna að ein besta forvörnin gegn fíkniefnum er

**að sniðganga áfengi sem lengst**

Kynntu þér málið á **www.forvarnardagur.is**
eða vertu með okkur á **facebook.com/forvarnardagur**

Forseti Íslands · Reykjavíkurborg · UMFÍ · Skátarnir · Samband íslenskra sveitarfélaga

Verkefnið er styrkt af actavis

Miðvikudaginn 3. nóvember er forvarnardagur í öllum grunnskólum landsins. Ofangreind fullyrðing er byggð á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Forvarnardagurinn er samstarfsverkefni ofantaldra aðila.

# Vatnajökulsþjóðgarður fyrir alla

**Umhverfismál**

**Anna Kristín Ólafsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Böðvar Pétursson, Elín Heiða Valsdóttir, Hjalti Þór Vignisson, Magnús Hallgrímsson, Ólöf Ýrr Atladóttir og Þórunn Pétursdóttir**

fulltrúar í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs

Umræða um nýstofnaðan Vatnajökulsþjóðgarð í Morgunblaðinu og víðar hefur verið afar neikvæð og villandi. Tilteknir útivistarhópar hafa gagnrýnt tillögur í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins um takmarkanir á ferða- og athafnafrelsi og spurt í því sambandi fyrir hvern þjóðgarðurinn sé. Þessi grein er innlegg stjórnar þjóðgarðsins í umræðuna.

### Hvað er þjóðgarður og fyrir hverja er hann?

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 44/1999 eru þjóðgarðar landsvæði sem eru svo sérstæð um landslag, lífríki eða sögu að ástæða þykir til að vernda þau og veita almenningi aðgang að þeim eftir tilteknum reglum. Tvíþætt meginhlutverk þjóðgarða, náttúruvernd og útivist, getur valdið hagsmunaárekstrum. Þjóðgarðastjórnun miðar að því að draga úr árekstrum og samræma ólík sjónarmið. Þetta er gert m.a. með fræðslu, umgengnisreglum, svæðaskiptingu og lagningu göngustíga.

Þjóðgarðar eru aðeins ein tegund náttúruverndarsvæða. Önnur slík svæði eru m.a. víðerni, friðlönd, náttúruvætti og fólkvangar. Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin IUCN, sem Ísland og flest önnur vestræn ríki eru aðilar að, hafa flokkað náttúruverndarsvæði og þróað viðmið sem þau þurfa að uppfylla til að standa undir nafni. Verndarflokkar IUCN eru nú sex og eru þjóðgarðar í flokki tvö næst á eftir strangfriðuðum svæðum og víðernum. Helstu stjórnunar- og verndarmarkmið þjóðgarða samkvæmt IUCN (sjá t.d. www.unep-wcmc.org/protected_areas/categories/eng/ii.pdf) eru:

- Að vernda náttúruleg svæði sem gildi hafa á lands- og heimsvísu svo almenningur fái notið þeirra til andlegrar upplyftingar, í vísindaskyni, til menntunar, útivistar og ferðalaga.
- Að viðhalda eftir föngum upprunalegum landslagsheildum, vistkerfum og lífverustofnum.
- Að stýra umferð gesta svo þeir geti notið upplifunar, fræðst og stundað útivist án þess að náttúra þjóðgarðsins skaðist að ráði.
- Að koma í veg fyrir nýtingu sem gengur gegn markmiðum friðlýsingar.
- Að viðhalda virðingu fyrir náttúru þjóðgarðsins og þeim sjónarmiðum sem liggja að baki friðlýsingunni.
- Að virða rétt frumbyggja og annarra íbúa þjóðgarðs og aðliggjandi svæða til hefðbundinna nytja, svo fremi þær gangi ekki í berhögg við önnur markmið friðlýsingarinnar.

Ljóst má vera af þessari upptalningu að þjóðgörðum er ætlað margvíslegt hlutverk. Eðli málsins samkvæmt geta þeir þó ekki uppfyllt allar útivistarþarfir fólks þar sem ástundun tiltekinna tómstunda getur stangast á við önnur markmið, svo sem um verndun tegunda og vistkerfa, verndun víðerna og friðhelgi.

### Breyttar áherslur í þjóðgarðastjórnun

Vægi náttúruverndar í þjóðgörðum miðað við útivist hefur verið breytilegt eftir löndum og þróast í tímans rás. Í bandarískum þjóðgörðum, sem lengi hafa verið fyrirmynd annarra, hefur náttúruvernd löngum haft algeran forgang. Þar eru skotveiðar t.d. bannaðar með öllu þótt í einstöku tilfellum hafi þurft að grípa til grisjunar dýrastofna vegna offjölgunar. Á síðustu áratugum hefur hugmyndafræði varðandi rekstur og stjórnun þjóðgarða á Vesturlöndum þó verið að breytast í þá átt að taka æ meira tillit til hefðbundinna nytja og hefða heimamanna.

Þessarar þróunar hefur einnig gætt hér á landi. Fyrir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs voru hér fjórir þjóðgarðar: Þingvallaþjóðgarður (1930), þjóðgarðurinn í Skaftafelli (1967), þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum (1973) og þjóðgarðurinn Snæfellsjökull (2001). Í þeim öllum voru skotveiðar bannaðar og búfjárbeit einnig í tveimur þeirra fyrst nefndu. Búfjárbeit hefur verið heimil í hluta Jökulsárgljúfra og í öllum þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

> Vægi náttúruverndar í þjóðgörðum miðað við útivist hefur verið breytilegt eftir löndum og þróast í tímans rás.

Við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs var sérstaklega tekið mið af breyttri hugmyndafræði. Hefðbundnum nytjum, útivist og margvíslegum áhugamálum almennings hefur verið gefið meira rými þar en í nokkrum öðrum þjóðgarði hér á landi. Sem dæmi má nefna að búfjárbeit og veiðar, þ.m.t. skotveiðar, eru heimilar á yfir helmingi lands utan jökuls. Akstur á snjó er heimill víðast hvar. Sumarakstur er leyfður á um 50 skilgreindum leiðum sem ekki hafa talist til hefðbundinna vega, samtals um 700 km. Landeigendur mega aka utan vega við landbúnaðarstörf svo framarlega sem ekki hljótast spjöll af (sjá tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun og meðfylgjandi kort á: www.vatnajokulsthjodgardur.is/starfsemi/adofinni/nr/368).

Þær takmarkanir sem lagðar eru til varðandi veiðar, akstur og aðrar athafnir manna innan þjóðgarðsins eru aftur á móti afar hófsamar. Þar á meðal er tillaga um 117 km$^2$ veiðigriðland á Snæfellsöræfum (3,4% af heildarveiðilendum garðsins) og tillaga um lokun örfárra vegslóða, samtals innan við 50 km. Staðreyndin er því sú að Vatnajökulsþjóðgarður er að þessu leyti „alþýðuvænni“ en nokkur annar þjóðgarður hér á landi. Háværumræða um að verið sé að úthýsa þjóðinni er því ábyrgðarlaus og alröng.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is




# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Þarf prentun?
Vistvæna prentun?
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 3. nóvember 2010 – 11. tölublað – 6. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir

Skott Belsky
Skipulag skiptir sköpum


4

Skattar
Ísland á öðru róli


6-7



Leiðtogar G20
Kreppan kemst á nýtt stig
9

## Betra útlit hjá Færeyjabanka

Hagnaður BankNordik, eða Færeyjabanka, óx um rúmar 40 milljónir danskra króna milli fjórðunga, samkvæmt afkomuspá IFS Ráðgjafar.

Hlutabréf bankans hækkuðu um 13 prósent í október eftir að bankaumsýsla Danmerkur yfirtók Eik banka í lok september. Í dag er hver hlutur Færeyjabanka metinn á 159 danskar krónur.

Áætlun IFS gerir ráð fyrir að bankinn skili hagnaði upp á 490 milljónir danskra króna í ár, fyrir skatta, og hyggjast eigendur greiða út 30 prósent af hagnaði ársins, eftir skatta, út í arð. - þj

## Mega skrá eign í Danmörku

Seðlabankinn hefur veitt íslenskum eigendum hlutabréfa í Össuri hf. heimild til að flytja bréf sín yfir í kauphöllina í Kaupmannahöfn og fá þau samhliða skráð í dönskum krónum.

Þetta kemur fram í Markaðspunktum greiningardeildar Arion banka, en þar er vísað í fréttatilkynningu Össurar. Þar segir að Seðlabankinn hafi veitt hluthöfum leyfi til að flytja eign sína af íslenska markaðnum yfir á þann danska, hafi þeir eignast bréfin fyrir 1. nóvember síðastliðinn.

Þykir þessi ákvörðun heyra til tíðinda þar sem verið sé að „gera ákveðnum hópi fjárfesta kleift að koma fjármunum sínum úr landi,“ eins og segir í Markaðspunktum.

## HELST Í ÚTLÖNDUM



### Ryanair græðir

Írska lággjaldaflugfélagið Ryanair skilaði rúmlega 450 milljóna evra hagnaði á fyrri hluta ársins, og er það 17 prósent meiri hagnaður en fyrirtækið aflaði sér fyrri hluta síðasta árs. Fargjöld hafa hækkað um 14 prósent og flugferðum til Spánar, Portúgal og Möltu hefur fjölgað.

### Kína kaupir þotur

Flugvélaverksmiðjur reikna með töluvert meiri sölu á þotum til Kína næstu árin og áratugina. Nú hafa Boeing-verksmiðjurnar breytt söluspám sínum og búast við að til ársins 2029 kaupi kínversk flugfélög 4.330 þotur, en á síðasta ári hljóðaði spáin upp á 3.770 þotur. Evrópsku Airbus-verksmiðjurnar hugsa sér einnig gott til glóðarinnar, og það gera einnig flugvélaframleiðendur í Rússlandi, Brasilíu, Japan og Kanada.

### Málningu slett

Rauðri málningu var skvett á Mary Harney, heilbrigðisráðherra Írlands, þegar hún hugðist opna nýja geðheilsudeild í Dublin á mánudag. Írska stjórnin hefur sætt harðri gagnrýni fyrir áform um að draga harkalega úr útgjöldum til heilbrigðismála.

# Ólafur stýrir turnhótelinu við Höfðatorg

**Í bígerð er að reisa allt að sextán hæða hótel við Höfðatorgið. Stefnt er á að rekstur geti hafist þar eftir þrjú ár. Hótelstjórinn segir erfitt að spá fyrir um horfur.**

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar



**ÓLAFUR TORFASON** Fyrirhugað er að fjórtán til sextán hæða hótel undir merkjum Fosshótela rísi við Höfðatorg á næstu þremur árum. MARKAÐURINN/GVA

Samið hefur verið við Ólaf Torfason, hótelstjóra á Grand Hóteli í Reykjavík, um rekstur fjórtán til sextán hæða hótels með þrjú hundruð herbergjum, sem fyrirhugað er að rísi á Höfðatorgsreitnum í Borgartúni á næstu þremur árum.

Verktakafyrirtækið Eykt, sem séð hefur um framkvæmdir á Höfðaborgarreitnum, mun byggja hótelið. Fyrirtækið á nú í viðræðum um fjármögnun verksins. Pétur Guðmundsson, stjórnarformaður Eyktar, vildi ekki tjá sig um gang mála þegar eftir því var leitað.

Skipulag á Höfðaborgarreitnum var kynnt fyrir um fjórum árum. Þá var gert ráð fyrir þremur turnum og sex sjö til níu hæða húsum ásamt tengibyggingum á reitnum. Eftir því sem næst verður komist hefur einn turnanna verið settur í salt ásamt nokkrum bygginganna. Einn turn stendur nú á reitnum ásamt skrifstofuhúsnæði við Skúlagötu. Eins og sjá má á teikningu af reitnum er áætlað að hótelturninn rísi vestan megin við skrifstofuhúsnæðið. Hann er grænn á myndinni.



Ólafur Torfason er þrautreyndur í hótelrekstri. Hann hefur rekið Hótel Reykjavík við Rauðarárstíg frá 1992 og festi kaup á Holiday Inn, nú Grand Hótel, af Íslandsbanka þremur árum síðar. Þá rekur hann Hótel Reykjavík Centrum í miðbænum. Hótelin eru rekin undir merkjum Reykjavík Hotels.

Óbyggða hótelið hefur fengið vinnuheitið Fosshótel Reykjavík, en Ólafur hefur síðastliðin tvö ár látið til sín taka í rekstri Fosshótelanna.

Ólafur segir rekstur hótela almennt ganga ágætlega nú um stundir. Þó verði að kynna landið betur á erlendum vettvangi. „Ef við gerum það vel hef ég engar áhyggjur,“ segir hann.

Mundu að panta posa fyrir jólaverslunina!

Borgun býður vandaða posa til leigu á hagstæðum kjörum.
Hægt er að leigja posa í skemmri tíma, t.d. helgar- og mánaðarleigu.

- Einfaldir í notkun og uppsetningu
- Uppsetning á höfuðborgarsvæðinu er ókeypis
- Seljendur á landsbyggðinni fá posa senda uppsetta endurgjaldslaust

Pantaðu posa á borgun.is eða leitaðu frekari upplýsinga í síma 560 1600.






BORGUN
Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is
VISA VISA DISCOVER

# Gamaldags vinnsla en hátækniaðferðafræði

Um eitt þúsund Íslendingar munu koma saman á Þjóðfundi í Laugardalshöll á laugardag þar sem vonast er eftir að sjá meginsjónarmið og áherslur almennings um stjórnskipan landsins, stjórnarskránna og breytingar á henni.

Meðal skipuleggjenda Þjóðfundarins er Guðjón Már Guðjónsson, sem kom að Þjóðfundi Mauraþúfunar á síðasta ári, en hann sér um tæknilega útfærslu og aðferðafræði fundarins.

„Þrátt fyrir að ég sé mikill upplýsingatæknimaður munum við nota mjög gamaldags verkfæri í alla vinnslu á fundinum þar sem það verður meira eða minna unnið á pappír,“ segir Guðjón í samtali við Markaðinn. Hann bætir því við að þrátt fyrir það hafi skipulagningin verið afar flókin, en gögnin eigi svo að standa öllum til boða.

„Þar munu frambjóðendur sem og aðrir geta unnið nánar úr gögnumnum. Ég hef mikla trú á því að það komi margt gott út úr þessu.“

# Nýir leigjendur á Þóroddsstöðum

„Hugmynd okkar er að gera þetta að alvöru auglýsingabransahúsi, húsi skapandi iðnaðar. Hér er hátt til lofts, veggirnir steyptir og hægt að ganga út í Öskjuhlíð í góðu veðri,“ segir Andrés Jónsson, stofnandi og framkvæmdastjóri almannatengsla- og kynningarfyrirtækisins Góðra samskipta.

Fyrirtækið flutti í síðustu viku í burstabæinn Þóroddsstaði við Skógarhlíð, sem áður hýsti starfsstöð Saga Fjárfestingarbanka í Reykjavík.

Góð samskipti deila húsinu með markaðsstofunni Vert, sem skipuð er reynslumiklum mönnum úr markaðs - og auglýsingageiranum; fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðsmála hjá Ölgerðinni, forstöðumanni markaðsmála hjá Tryggingamiðstöðinni og Icelandair, og fyrrverandi sölu-og markaðsmanni hjá SkjáEinum, að öðrum ótöldum.



**NÝIR ÍBÚAR** Horft er til þess að eins konar hugmyndahús skapandi iðnaðar verði á Þóroddsstöðum, segir einn leigjenda þar. MARKAÐURINN/GVA

Hjá Góðum samskiptum vinna tveir og sjö hjá Vert. Andrés gerir ráð fyrir að fólki muni fjölga á næstu mánuðum. - jab

## BANKABÓKIN

| Samanburður á vaxtatöflum bankanna | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 2,35% A | 12,35% | 12,00% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 3,30% | 12,75% | 12,75% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 2,55% B | 12,80% | 12,80% |
| MP BANKI | MP-1 3,40% C | 12,35% | 10,85 til 12,35% |
| BYR | PM-reikningur 3,75% | 13,05% | 12,55 til 13,10% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 3,75% D | 13,20% | 13,20% |
| S24 ...og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 3,45% | 11,25% | Ekki í boði. |

*Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. A Bundinn í tíu daga. B Bundinn í sjö daga. C Bundinn í einn mánuð. D Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%
Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.

# Miklir möguleikar í N-Íshafssiglingum

## Nýjar siglingaleiðir um Norður-Íshaf gefa góð fyrirheit um möguleika Íslands sem alþjóðaflutningamiðstöðvar.

**Þorgils Jónsson**
skrifar

Þó að ástand mála á Íslandi sé slæmt um þessar mundir bjóðast víða tækifæri sem gætu hjálpað við endurreisn efnahagslífsins. Eitt af því sem helst er rætt eru þeir miklu möguleikar sem felast í stórauknum skipaferðum milli Asíu og Norður-Evrópu um hina svokölluðu norðausturleið sem liggur frá Beringsundi, meðfram ströndum Rússlands og suður með Noregi. Þó slíkar siglingar séu ekki hafnar að miklu marki munu fleiri tækifæri gefast í framtíðinni þar sem hafís á svæðinu hefur hopað stöðugt í hálfa öld.



**ÞÓRÐUR H. HILMARSSON**

Til dæmis kom skip nýlega til hafnar í Kína eftir að hafa siglt frá Noregi, en það var 15 dögum fljótara í ferðum heldur en ef hefðbundin leið væri farin í gegnum Súesskurðinn og suður fyrir Indland.

Landfræðileg staða Íslands gefur fjölmörg ný tækifæri tengd skipaferðum um norðausturleiðina. Meðal annars gæti Ísland þjónað bæði austurströnd Norður-Ameríku og Norður-Evrópu sem umskipunarhöfn fyrir vörur frá Asíu.

Staða Íslands í þessu tilliti hefur ekki farið fram hjá helstu viðskiptalöndum Íslands þar sem hún var tvímælalaust talin með helstu kostum Íslands þegar aðildarumsókn Íslands var rædd á vettvangi ESB. Þá hafa bæði Rússar og Kínverjar lýst því yfir að Ísland gæti leikið lykilhlutverk með aukinni umferð um Norður-Íshaf. Til dæmis hafa Vladimir Pútín, forsætisráðherra Rússlands, og Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, talað fyrir auknu samstarfi milli ríkja sinna og Íslands í þessum efnum.

Enn um sinn er þó töluvert í að nokkuð áþreifanlegt fari að gerast með þessar hugmyndir.

Fjárfestingastofa, nú Fjárfestingarsvið Íslandsstofu, lét gera úttekt á möguleikum Íslands í þessu sambandi og að sögn Þórðar H. Hilmarssonar, forstöðumanns var ekki talið fýsilegt að fara út í stórfelldar fjárfestingar um sinn. „Ísinn á þessu svæði er enn það þykkur yfir vetrartímann og vegna kostnaðar við ísstyrkingu skipa er þessi siglingaleið ekki samkeppnishæf við þær sem nú eru notaðar.“

Hins vegar segir Þórður að í framtíðinni verði fylgst vel með þróun mála og ugglaust verði rætt um þessa möguleika á pólitískum vettvangi.

„Eigi Ísland að gegna hlutverki sem umskipunarhöfn fyrir siglingar yfir Norður-Íshafið þarf að marka landinu stefnu, útvega verulega fjármuni til uppbyggingar umskipunarhafnar og að fá erlenda fjárfesta til að koma hingað,“ segir Þórður að lokum. Málin séu hugsuð út frá viðskiptalegum forsendum, en pólitík skipti líka máli til að Ísland verði áfram álitinn raunhæfur kostur.

### NORÐAUSTURLEIÐIN




**Leiðin frá Kína til Norður-Evrópu er um 40 prósentum styttri ef farið er um Norður-Íshafið. Það mun gefa Íslandi mikla möguleika á komandi árum, ef hafís heldur áfram að hopa, en þó er enn langt í land.**

# AIG greiðir upp í skuldahítina

Bandaríski tryggingarisinn AIG greiðir á næstunni 37 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 4.100 milljarða íslenskra króna, inn á lán sem stjórnvöld veittu fyrirtækinu við upphaf fjármálakreppunnar fyrir tveimur árum.

Fyrirtækið hefur gripið til ráðstafana til að safna fénu, meðal annars selt eitt stærsta dótturfélag sitt, American Life Insurance Co., og skráð Asíuarm sinn, AIA Group, á hlutabréfamarkað.

Viðskiptin eru hluti af umfangsmikilli endurskipulagningu á efnahagsreikningifélagsins. Gert er ráð fyrir að þegar ferlinu ljúki snemma á næsta ári muni bandaríska fjármálaráðuneytið eiga 92 prósenta hlut í félaginu en selja svo hlutabréf sín á hlutabréfamarkaði í smáum skömmtum.



**FORSTJÓRINN BRÚNAÞUNGUR** Robert Benmosche, forstjóri AIG, sem tók við fyrir rúmu ári, ætlar á næstunni að greiða inn á risalán sem stjórnvöld veittu fyrirtækinu til að forða því frá hruni. MARKAÐURINN/AFP

Bandaríska dagblaðið Washington Post sagði í vikubyrjun stjórnvöld gera ráð fyrir hagnaði af lánveitingunni til AIG. Lánveitingar og lánalínur til AIG og dótturfélaga námu þegar mest var 182,5 milljörðum dala í maí í fyrra. - jab




ÞESSAR TVÆR BRÉFAKLEMMUR ERU EKKI ALVEG EINS

FJÁRVAKUR – FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA EHF.
REYKJAVÍKURFLUGVELLI I 101 REYKJAVÍK
SÍMI 50 50 250 I FAX 50 50 259
FJARVAKUR@FJARVAKUR.IS
WWW.FJARVAKUR.IS

FJÁRVAKUR ER EKKI EINS OG ÖNNUR FJÁRMÁLAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI Á ÍSLANDI

Fjárvakur er leiðandi fyrirtæki á Íslandi í umsjón bókhalds, launavinnslu og annarra fjármálaferla. Rúmlega 100 starfsmenn Fjárvakurs á Íslandi og í Eistlandi búa yfir áralangri reynslu og þekkingu á fjármálaferlum og vinnslu og dreifingu fjárhagsupplýsinga.

Fjárvakur veitir trausta alhliða fjármálaþjónustu og ráðgjöf til meðalstórra og stórra fyrirtækja í þeim tilgangi að auka gæði og áreiðanleika upplýsinga og lækka kostnað.

Fyrirtækið býður viðskiptalausnir í fremstu röð og framúrskarandi þjónustu. Notast er við niðurstöður úr árlegri þjónustukönnun til að viðhalda og auka ánægju viðskiptavina.

KYNNTU ÞÉR HVAÐ VIÐ GETUM GERT FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI

FJÁRVAKUR
FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA

ÍSLENSKA SIA.IS ICS 51340 09.2010

# Viltu spara í bókhaldi?




## Skeytamiðlun Skýrr – örugg rafræn viðskipti

Skeytamiðlun Skýrr er viðbótarþjónusta fyrir öll helstu bókhaldskerfi á markaði, svo sem Microsoft Dynamics NAV og AX ásamt Oracle.

Skeytamiðlun Skýrr sparar tíma, vinnu og peninga með því að móttaka, meðhöndla og senda rafræna reikninga. Þjónustan hentar öllum fyrirtækjum og stofnunum, óháð stærð þeirra.

### *Helstu kostir Skeytamiðlunar Skýrr*

- Reikningar mótteknir fyrr
- Skráningarvillum fækkar
- Engin póstburðargjöld
- Enginn pappírskostnaður
- Minni hætta á dráttarvöxtum
- Bætir yfirsýn yfir viðskiptaupplýsingar

**Hafðu samband við ráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar um Skeytamiðlun Skýrr.**

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
Velkomin

# Varð pirraður út í aðgerðaleysi

Bandaríkjamaðurinn **Scott Belsky** segir rétta skipulagið lykilinn að því að gera hugmyndir að veruleika. Hann hefur unnið ötullega að því að hjálpa fólki að koma hlutunum í verk. Nýverið kom út bók hans um leiðina til árangurs og aðferðir afkastamikilla einstaklinga. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* ræddi við Belsky um hugmyndaauðgi og mikilvægi skipulags.

Venjulegt fólk fær margar hugmyndir á hverjum degi. Sumar þeirra valda því að fólk kemst í eins konar vímu, vakir langt fram eftir nóttu og leggur annað til hliðar til að gera þær að veruleika. En erfitt getur verið að koma hlutunum í verk. Við það dregur úr vímunni. Til að viðhalda henni fær sami maður aðra hugmynd. Hann kemst aftur í vímu og leggur allt í sölurnar fyrir hugmyndina. Sú fyrsta drabbast niður og verður líklega að engu. Líklegt er að sömu örlög bíði líka nýju hugmyndarinnar.

Einhvern veginn á þessum nótum lýsti Scott Belsky því í fyrirlestri á dögunum, hvernig hugmyndaríkt, frjótt og skapandi fólk virðist fá hverja hugmyndina á fætur annarri en koma engu í verk. Sjálfur hafði hann gengið með hugmyndina í maganum í nokkur ár áður en hann lét til skarar skríða.

### ÓL HUGMYND Í NOKKUR ÁR

Belsky var rétt rúmlega tvítugur þegar hann fékk hugmyndina; var með háskólagráðu í umhverfisverkfræði og hönnun og vann við skipulags- og leiðtogaþróun hjá bandaríska fjárfestingarbankanum Goldman Sachs. Einmitt þar fékk hann nokkrar hugmyndir sem geta hjálpað einstaklingum við að koma frjóu ímyndunarafli sínu í réttan farveg. Þeirra helst er fyrirtækið Behance Network, sem er regnhlíf nokkurra stuðningsdeilda við skapandi fólk og margir Íslendingar nota.

„Ég settist oft niður með vinnufélögum mínum eftir vinnu og hlustaði á þá segja mér frá nýjustu hugmynd sinni, skáldsögu eða viðskiptahugmynd, sem aldrei urðu að neinu. Næst þegar við settumst aftur niður sögðu þeir mér frá annarri hugmynd. Ég varð mjög pirrður á þessu, að þeir skyldu aldrei koma sér í að gera eitthvað úr hugmyndunum. Mér fannst í raun að þeir sem fá góðar hugmyndir eigi að prófa þær. Það væri samfélagsleg ábyrgð skapandi fólks. Mér fannst ég verða að gera eitthvað,“ segir Belsky, sem fór í viðskiptanám með áherslu á skapandi greinar við Harvard-háskóla og þróaði hugmynd sína þar. Þar hitti hann samverkamann sinn Matias Corea, aðalhönnuð og meðstofnanda Behance Network.

### BÓK SEM HJÁLPAR

Í vor kom út í Bandaríkjunum bók Belskys sem fengið hefur íslenska heitið Frá hugmynd til veruleika og er nýkomin út hér. Þar kynnir höfundur ýmsar leiðir sem fólk getur notað til að gera eitthvað úr hugmyndum sínum.

Meginhugmynd Belskys er sú að enginn sé fæddur með þann eiginleika að skapa og framkvæma. Ekkert mál sé að fá hugmyndir, annað að gera eitthvað úr þeim.

Á bak við bókina liggur rannsóknarvinna höfundar, sem skoðaði venjur og vinnubrögð afkastamikilla einstaklinga og hópa í ýmsum atvinnugreinum. Þar á meðal eru listmálarar og rithöfundar. Sjálfur tekur Belsky landa sinn rithöfundinn James Patterson sem dæmi. Hann sé ætíð með margar skáldsögur í vinnslu á hverjum tíma og hafi átt þær allmargar í efstu sætum vinsældalista.

Niðurstaða Belskys er sú að skipulag og tímastjórnun skipti mestu máli fyrir þá sem vilji koma hugmynd sinni út í heiminn. Ekki þurfi nein sérstök séní til þess. Lykilatriðið er áunnið skipulag á borð við það sem Patterson styðjist við. Hitt er tengslanetið því enginn getur framkvæmt það sem hann vill án hjálpar frá öðrum.

„Ef við teljum okkur vera með góðar hugmyndir ætti að þvinga okkur til að koma þeim á framfæri. Það er auðvelt núna með öllum tólunum á Netinu, Twitter, Facebook og með bloggi. Margir fá góðar hugmyndir, sem aldrei verða að veruleika. Það er synd. Við þurfum því að búa til fleiri leiðir fyrir fólk til að koma hugmyndum sínum á framfæri,“ segir Belsky og leggur áherslu á að sér finnist það synd að fólki sé ekki kennt að skipuleggja sig fyrr en seint á lífsleiðinni. Nær væri að byrja á því í grunnskólum.

„Það er merkilegt að við kennum fólki ýmis tungumál, stærðfræði og sögu en ekki hvernig eigi að skipuleggja sig. Það er leynitólið sem nýtist til að koma hlutunum í verk,“ segir hann. „Þeir bestu í skipulagi á eigin lífi búa að reynslu frá skólaárum sínum, þá sérstaklega í tengslum við félagslíf sitt og íþróttir utan hefðbundins skólatíma. Það er ávallt á þeim vettvangi sem fólk þarf að skipuleggja sig. Sú reynsla nýtist þeim líka síðar í lífinu.“

Fyrirlestur Scott Belsky má nálgast hér: http://the99percent.com



**SCOTT BELSKY** Kenna verður fólki skipulag og mikilvægi tímastjórnunar í grunnskóla, segir Scott Belsky. Hann hefur skrifað bók sem á að hjálpa fólki að gera eitthvað úr hugmyndum sínum. Vinnusemi er lykillinn að árangri, segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### SKIPULAGI KOMIÐ Á HUGMYNDIRNAR

Í bókinni Frá hugmynd til veruleika dregur Scott Belsky upp nokkrar leiðir sem nota má til að koma hugmyndum í verk. Þetta eru ekki hugmyndir hans sjálfs heldur samantekt frá öðrum – það nýjasta í geiranum segja þeir sem til þekkja. Og fátt er þar nýtt undir sólinni; vinnusemi er leiðin til árangurs. Þeir sem ekki leggja sig alla fram ná skammt.

Helstu leiðina setur hann fram í formi eftirfarandi formúlu: Frá hugmynd til veruleika = (hugmynd) + skipulag og framkvæmd + leiðtogafærni. Formúlan helst í hendur við það sem Belsky nefnir 99%-regluna. Þar er árangur eitt prósent hugmynda og 99 prósent vinnusemi og skipulag. Undirritaður studdist við kerfi eins af undirfyrirtækjum Behance Network er nefnist Aðgerðaskrefin (e. Action Method). Þetta er fyrirtæki sem býður upp á skipulagsstjórnun. Á vefsíðu fyrirtækisins má finna forrit sem netverjar geta nýtt til að flokka hugmyndir eftir efni og tímasetja þær á fremur einfaldan hátt. Bæði má nota ókeypis takmarkaða útgáfu eða fá fulla útfærslu og greiða fyrir það. Sambærilegt skipulagskerfi má jafnframt kaupa í pappírsútgáfu. Áhugasamir geta kynnt sér Aðgerðaskrefin á slóðinni http://www.actionmethod.com/





Microsoft Office

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

ENNEMM / SÍA / NM43936

BETRI VERKFÆRI

Microsoft hefur uppfært verkfærakistuna fyrir Office 2010. Í henni eru fjölmargar nýjungar sem hjálpa fyrirtækjum að koma hugmyndum sínum á framfæri á skýran og aðgengilegan hátt. Það eru margar gildar ástæður fyrir því að fá sér Office 2010 skrifstofuhugbúnaðinn.

**Fjarstýrðu kynningunni**
Nýttu þér Broadcast Slideshow þegar þú vilt kynna vöru og þjónustu með PowerPoint í gegnum vefinn. Þú stýrir kynningunni í gegnum þína tölvu og viðskiptavinir fylgjast með á sínum skjá.

**Komdu á skipulagi**
Haltu utan um hugmyndir og glósur í OneNote og leyfðu öðrum að sjá eða breyta með OneNote Shared Notebook á vefnum.

**Aukin samvinna**
Með Office 2010 geta fleiri en einn unnið í sama skjalinu hvort sem það er í gegnum netið, tölvuna eða farsímann.

**Myndrænni gögn**
Öflugri myndbirting gagna í Excel töflureikni. Nú getur þú eytt meiri tíma í greiningu gagna í stað útfærslu þeirra.

**Kynntu þér fleiri frábærar nýjungar Office 2010 á www.nyherji.is**

NÝHERJI

Nýherji hf. Borgartún 37 / Kaupangur Mýrarvegi, Akureyri Sími 569 7700 www.netverslun.is BETRI LAUSNIR

HÁTIÐARKÖRFUR - LÚXUSKÖRFUR - FYRIRTÆKJAKÖRFUR

# Góður matur gleður á jólum...

margar gerðir af **sælkeragjafakörfum** til að gleðja viðskiptavini og starfsfólk.

## Karfa nr. 7 - Kr. 3.990



Camembert - Villibráðarpaté - Cumberlandsósa
Valhnetuhungang - Kex

## Karfa nr. 8 - Kr. 5.290



Villibráðarpaté - Cumberlandsósa - Camembert
Valhnetuhunang - Reyktur lax Piparrótarsósa - Kex

## Karfa nr. 5 - Kr. 8.990



Camembert - Piparostur - Brie ostur (erlendur) - Dala Brie
Höfðingi - Serrano hráskinka - Pepperonipylsur - Cumberlandsósa
Rifsberjasulta - Kex Carrs - Villibráðarpaté - Kex

## Karfa nr. 6 - Kr. 14.990



Camembert - Brie (erlendur) - Brie ostur Montana (erlendur)
Ostur (erlendur) - Höfðingi - Andalifur (Foi Gras)
Súkkulaði hazel & currant - Serrano hráskinka
Pepperonipylsur - Cumberlandsósa - Piparrótarsósa
Reyktur lax - Blinis - Rifsberjasulta - Kex Carrs - Paté - Kex

## Karfa nr. 12 - Kr. 9.990



Hamborgarhryggur - Serrano hráskinka
Cumberlandsósa Piparrótarsósa - Reyktur lax
Blinis - Villibráðarpaté - Kex



Enn fleiri körfur á heimasíðunni okkar **www.kokkarnir.is**

Hafðu samband í síma **511 4466** eða skoðaðu heimasíðuna okkar
og fáðu upplýsingar um verð og hvaða körfur henta þér.
**www.kokkarnir.i.s**

Kokkarnir
VEISLUÞJÓNUSTA



## Tekjuskattshlutfall fyrirtækja innan aðildarríkja OECD 2010

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Austurríki | 25,0 | 16 | Kórea | 24,2 |
| 2 | Ástralía | 30,0 | 17 | Lúxemborg | 28,6 |
| 3 | Bandaríkin | 39,2 | 18 | Mexíkó | 30,0 |
| 4 | Belgía | 34,0 | 19 | Noregur | 28,0 |
| 5 | Bretland | 28,0 | 20 | Nýja-Sjáland | 30,0 |
| 6 | Danmörk | 25,0 | 21 | Portúgal | 26,5 |
| 7 | Finnland | 26,0 | 22 | Pólland | 19,0 |
| 8 | Frakkland | 34,4 | 23 | Slóvakía | 19,0 |
| 9 | Grikkland | 24,0 | 24 | Spánn | 30,0 |
| 10 | Holland | 25,5 | 25 | Sviss | 21,2 |
| 11 | Írland | 12,5 | 26 | Svíþjóð | 26,3 |
| 12 | Ísland | 18,0 | 27 | Tékkland | 19,0 |
| 13 | Ítalía | 27,5 | 28 | Tyrkland | 20,0 |
| 14 | Japan | 39,5 | 29 | Ungverjaland | 19,0 |
| 15 | Kanada | 29,5 | 30 | Þýskaland | 30,2 |

## Nokkrar skattabreytingar

| | |
|---|---|
| 1 | Vaxtagjöld af skuldum |
| 2 | Skattlagning á fámenn hlutafélög |
| 3 | Breyttar frádráttareglur vegna arðs og söluhagnaðar |
| 4 | Tekjuskattur erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu |
| 5 | Afdráttarskattur á vaxtagreiðslur til erlendra aðila |
| 6 | Skattur á gengishagnað á innlánsreikningum í erlendri mynt |

# Stjórnvöld virðast hafa *valið ranga leið*

Ríkisstjórnir víða um heim hafa mildað skattkerfi sitt og dregið úr álögum á fyrirtæki til að blása lífi í hagvöxt og færa efnahagslífið til betri vegar. Öðru máli virðist gegna hér á landi. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skoðaði þær breytingar sem gerðar hafa verið á skattaumhverfi fyrirtækja og ræddi við nokkra þeirra sem standa í miðjum svelgnum.

Flest þeirra ríkja sem glímt hafa við samdrátt í kjölfar fjármálakreppunnar hafa dregið úr skattaálögum bæði á íbúa landanna og fyrirtæki.

Hér á landi virðist farið í þveröfuga átt, skattar á almenning og fyrirtæki hafa verið hækkaðir. Því til viðbótar hafa ýmsar nýjar álögur verið færðar á fyrirtækin eða eru í bígerð á næstu mánuðum, svo sem afdráttarskattar á vaxtagreiðslur til erlendra aðila og skattur á eftirgjöf skulda, sem talið er tefja fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu – jafnvel ýtt þeim fyrirtækjum fram af grafarbakkanum sem hefði mátt bjarga. Þá eru ótaldar tillögur starfshóps á vegum fjármálaráðuneytis, sem leggur til að tekjuskattur á lögaðila verði hækkaður úr 18 prósentum í 20.

Þeir sem rætt hefur verið við í tengslum við umfjöllunina segja þetta hafa þyngt róður fyrirtækja í núverandi ástandi til muna.

**AGS LÍTIÐ UM MÁLIÐ AÐ SEGJA**

Í umfjöllun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, AGS, frá í sumar segir að skattkerfið hafi verið í meginatriðum ágætt þar til því var breytt á síðasta ári. Flækjustig hafi þá aukist og mælt er til þess að ákveðnir þættir verði látnir ganga til baka.

Á meðal þeirra nýju skatta sem AGS gagnrýnir eru vaxtagreiðslur til erlendra aðila, sem mælst er til þess að verði felldir burt eða lækkaðir verulega. Á hinn bóginn styður AGS hækkun tekjuskatts í 20 prósent.

Sendinefnd AGS hefur oft lýst því yfir að hún hafi lítið um fjárlagafrumvarp stjórnvalda og skattlagningu að segja með

## Myndi ekki lenda flugvél sinni á Íslandi

**Skattasérfræðingur Marels segir skattaumhverfi fyrirtækja hafa verið gott. Breyting eftir síðustu áramót hafi verið til hins verra.**

Reglum um frádráttarbærni arðs á milli félaga var breytt í byrjun árs. Eftir breytinguna er fyrirtækjum óheimilt að draga frá tekjustofni sínum móttekinn arð og söluhagnað frá öðrum hlutafélögum, svo sem dótturfélögum í öðrum löndum. Arður og söluhagnaður var áður almennt undanþeginn tekjuskatti þar sem búið var að skattleggja hagnaðið ytra.



**PIM PETERS** Skattasérfræðingur Marels segir ekki í bígerð að flytja höfuðstöðvar fyrirtækisins vegna óhagstæðra skatta sem eiga engan sinn líka í hinum vestræna heimi. Einfaldara sé að leggja skattinn af. MYND/PIM PETERS

Með breytingunni, sem tók gildi í janúar, verður félag sem á meira en tíu prósent í dótturfélagi að jafna tap sitt áður en arður er fluttur á milli. Þetta telja skattasérfræðingar erfitt í framkvæmd, ekki síst fyrir þær sakir að vegna reglna um jöfnun yfirfæranlegs taps fyrri ára á móti arði er fyrirtækjasamstæðum sem eru í fjárhagslegri endurskipulagningu gert erfitt um vik.

Þetta getur valdið því að arður frá dótturfélögum berst ekki til móðurfélags hér. Það tefur fyrir endurskipulagningu fyrirtækisins og getur valdið því að utanaðkomandi, fjárfestar sem við eðlilegar aðstæður gætu hugsað sér að leggja fyrirtækinu til fé, snúa sér annað.

Pim Peters, skattasérfræðingur Marels, segir tvísköttun arðgreiðslna fáheyrða í hinum vestræna heimi, ef frá er skilin lítils háttar álagning í Þýskalandi.

„Í venjulegum heimi er hagnaður ekki skattlagður tvisvar. Í okkar tilviki hefur hagnaðurinn verið skattlagður í Hollandi áður en hann er sendur til höfuðstöðvanna á Íslandi. Það er klárt mál að þetta kemur í veg fyrir að dótturfélögin sendi hagnað heim,“ segir Peters og leggur áherslu á að hann telji líklegt að fá ef nokkur íslensk fyrirtæki með starfsemi erlendis hafi sent fé heim af þessum sökum.

Peters segist hafa skilning á ætlun stjórnvalda, þau þurfi meiri peninga í kassann um þessar mundir. Hann telur hins vegar að horfa eigi á álögurnar í stærra samhengi. „Ef arður og söluhagnaður fyrirtækja skilar sér ekki heim munu skuldbindingar fyrirtækja í alþjóðlegum rekstri hvíla á móðurfélögunum í langan tíma – hagnaður erlendra dótturfélaga greiðir þær ekki niður. Markmið skattlagningarinnar, að auka skatttekjur ríkissjóðs, nær því ekki fram að ganga, Þvert á móti eru áhrifin á hinn veginn.“

Pim Peters slær á sögusagnir þess efnis að mælt hafi verið með því að Marel flytji höfuðstöðvar sínar til annars lands þar sem skattaumhverfið er hagstæðara, svo sem til Hollands. „Það stendur ekki til. Skattaumhverfið hér var mjög hagstætt áður. Ég hef meiri trú á stjórnmálum á Íslandi en þetta og Íslandi almennt. Það er einfaldara að afnema skattlagninguna,“ segir hann en tekur fram að öðru máli gegni um ný fyrirtæki, nýjar fjárfestingar hér.

„Ef ég stýrði nýju fyrirtæki og sæti um borð í flugvél í leit að álitlegu landi til að koma því á laggirnar og hefja starfsemi þá myndi mér hugnast síst að lenda flugvélinni í Reykjavík. Þótt þið hafið átján prósenta tekjuskatt á fyrirtæki, þá er skattur á arð dótturfélaga fráhrindandi,“ segir hann. „Það eru til mörg lönd sem bjóða betur þótt tekjuskattsprósentan sé hærri.“

Spurður hvar Peters hugnist helst að lenda flugvélinni svarar hann: „Þetta er erfið spurning, heimurinn er stór.“



**Heilsuferðaþjónusta** verður til umfjöllunar á sérstökum kynningarfundi á Hótel Loftleiðum, Víkingasal, á morgun. Iðnaðarráðherra og Samtök um heilsuferðaþjónustu á Íslandi standa að fundinum sem stendur frá klukkan 16 til 18.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447













**Akstursíþróttamaður ársins 2010 ætlar að leita á ný mið í sportinu**

# Hættir á toppnum

;Á FERÐINNI | 3




„Búinn að selja útgerðina og hættur í þessu bili," segir Jón Örn og íhugar næsta skref í sportinu. MYND/BERGUR BERGSSON

Jón Örn Ingileifsson var valinn akstursíþróttamaður ársins 2010 í lokahófi LÍA á laugardaginn var. Jón Örn hefur verið áberandi í íslenskum akstursíþróttum síðan hann „byrjaði að fikta við þetta“ árið 2006. Árið 2008 tók hann þátt í sinni fyrstu torfærukeppni, sigraði reyndar ekki þá en strax í annarri keppninni sigraði hann og hefur eiginlega verið óstöðvandi síðan. Sigraði í einni umferð á Noregsmótinu 2008, í fyrstu FIA-NEZ torfærukeppninni 2009 og sama ár varð hann í öðru sæti á Íslandsmótinu og í þriðja sæti á Norðurlandamótinu.




**Bílasýningin í Los Angeles** fer fram 17. nóvember næstkomandi, en hún nýtur vaxandi vinsælda meðal bílaáhugamanna um allan heim. Þar eru evrópskir og japanskir bílar algengastir og verða tuttugu nýjar gerðir bifreiða frumsýndar að þessu sinni. Sjá www.laautoshow.com.



## Volkswagen í Heimsmetabók Guinness

BLAÐAMAÐUR FRÁ THE SUNDAY TIMES SETTI Á DÖGUNUM HEIMSMET MEÐ ÞVÍ AÐ AKA HEILA 2.459 KÍLÓMETRA Á EINUM TANKI.

Breski blaðamaðurinn Gavin Conway frá The Sunday Times setti á dögunum heimsmet, þegar hann ók Volkswagen Passat BlueMotion á einum tanki eða 72 lítrum hvorki meira né minna en 2.459 kílómetra. Þetta er hið lengsta sem fjöldaframleiddur bíll hefur farið á einum eldsneytistanki.

Conway ók bæði í borgum og á hraðbrautum í Suður-Frakklandi, en vegalengdin samsvarar því að ekið sé frá New York til Los Angeles eða frá London til Malaga á einum eldsneytistanki. Meðaleyðslan hjá Conway var 3,13 lítrar á hverja hundrað kílómetra.

Eftirlitsaðili frá Heimsmetabók Guinness var með í förinni og hefur metið verið staðfest.

Bifreiðin sem Conway ók var af Volkswagen Passat BlueMotion með 1,6 TDI 105 hestafla dísilvél.



# Heimsækir stríðshrjáð börn í Úganda

**Starfsmenn á vegum Barnaheilla – Save the Children á Íslandi leggja af stað til Norður-Úganda á laugardag en samtökin eru þar með verkefni sem miða að því að auka skólaaðgang. Með í för verður skáldið Gerður Kristný sem ætlar að kynna sér aðstæður úganskra skólabarna.**

Gerður Kristný, rithöfundur og skáld, leggur af stað í ferðalag til Norður-Úganda í Afríku á laugardag. Hún slæst þar í för með starfsmönnum Barnaheilla - Save the Children á Íslandi sem eru með verkefni í landinu sem miðar að því að að auka skólaaðgang og bæta gæði menntunar yfir 30.000 barna í Pader-héraði fram til ársins 2011.

„Við ætlum að heimsækja skóla þarna úti og sjá hvernig börnin hafa það. Síðan ætla ég að lesa upp úr barnabókum mínum, Mörtu smörtu fyrir eldri börnin en Jóladýrunum fyrir yngri börnin og sýna þeim myndirnar í henni eftir Brian Pilkington. Svo segi ég krökkunum aðeins frá börnunum á Íslandi,“ útskýrir Gerður og getur þess að hennar hlutverk verði auk þess að skrásetja það sem fyrir augu ber í ferðinni. „Ég ætla að halda úti bloggi á Eyjunni og mun setja inn nýjar færslur á hverjum degi. Fyrsta færslan birtist reyndar strax í gær.“

Mikil stríðsátök hafa verið í Norður-Úganda síðastaliðna tvo áratugi, sem hafa leitt til umtalsverðra hörmunga, mannfalls og eyðileggingar. Þúsundir manna eru eða hafa dvalið í flóttamannabúðum og hreinlætisaðstaða, heilbrigðisstarf og menntun er verulega ábótavant í landinu. Í Pader-héraði einu er til að mynda einn kennari fyrir hver rúmlega 100 börn og aðeins 30 prósent nemenda ljúka grunnnámi, eða 17 prósent stúlkna og 43 prósent drengja.

Spurð hvort hún kvíði fyrir ferðinni, segist Gerður Kristný hafa litlar áhyggjur af eigin öryggi þar sem hún muni ferðast í hópi með þaulreyndu fólki, Jakobi Halldórssyni kvikmyndatökumanni og Petrínu Ásgeirsdóttur og Helga Ágústssyni, framkvæmdastjóra og formanni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. „Ég er fyrst og fremst forvitin að sjá hvernig börnin hafa það. Sjálf veit ég lítið um Norður-Úganda og þegar ég ætlaði að afla mér upplýsinga kom mér verulega á óvart hvað lítið er til af bókum um landið. Það er greinilega ekki mikil ástæða til að gefa út bækur um það fyrir ferðamenn.“


Gerður Kristný segist vera forvitin að sjá hvernig skólabörn í Norður-Úganda hafa það. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þetta er í fyrsta skipti sem Gerður Kristný kemur til Afríku og kveðst hún því hlakka mikið til fararinnar. „Ég er ákaflega spennt, þar sem ég þekki marga sem ferðast hafa um álfuna og snúið aftur alveg heillaðir, haldnir eins konar Afríkusýki,“ segir hún og útilokar ekki að ferðin eigi eftir að veita sér innblástur við ritstörfin. „Ég þykist viss um að ferðin muni birtast með einhverjum hætti í verkum mínum í framtíðinni.“

Eins og áður sagði leggur hópurinn af stað á laugardag og snýr svo aftur heim til Íslands 14. nóvember.

*roald@frettabladid.is*


# Ný stefna í menntamálum

## Hvernig hrindum við henni í framkvæmd?




**Aðalfyrirlesarar föstudaginn 5. nóvember, kl. 14–17:**

Guðrún Pétursdóttir félagsfræðingur
Hanna Björg Vilhjálmsdóttir framhaldsskólakennari
Kristín Vala Ragnarsdóttir forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs HÍ
Ólöf Þórhildur Ólafsdóttir framkvæmdastjóri hjá Evrópuráðinu
Rósa Gunnarsdóttir sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu
Stefán Jökulsson lektor við Menntavísindasvið HÍ

**Milli kl. 17 og 19 verður gestum boðið að þiggja veitingar í tilefni af fimm ára afmæli Samtakanna.**

**Laugardaginn 6. nóvember verða málstofur, smiðjur og vinnufundir með fjölbreyttum viðfangsefnum**

Sérstakur gestur:
Pascale Mompoint-Gaillard höfundur bókarinnar How All Teachers Can Support Citizenship and Human Rights Education

Nánari upplýsingar og skráning á
**www.skolathroun.is**

Samtök áhugafólks um skólaþróun hafa staðið fyrir fjölmörgum ráðstefnum og þingum um skólastarf í leik-, grunn– og framhaldsskóla. Meðal málefna: Einstaklingsmiðun, lýðræði, útikennsla, námsmat, starfendarannsóknir, leikurinn sem náms- og kennsluaðferð, lestur - og lesskilningur, veganesti nemanda á 21. öldinni, skólabragur og samskipti nemenda, listir og sköpun í skólastarfi, starfshættir tómstundaheimila, þemakennsla og samþætt verkefni.

Framhald af forsíðu

Árið 2010 tryggði Jón Örn sér svo Íslandsmeistaratitil í torfærunni eftir sigur í fjórum umferðum af fimm.

„Já, það hefur eitthvað tínst inn,“ segir Jón Örn hógvær þegar talað er um öll þessi verðlaun. „Þetta hefur gengið alveg ótrúlega vel síðan ég byrjaði.“

Samkvæmt símaskránni er Jón Örn búsettur á Selfossi en hann keppir fyrir Bílaklúbb Akureyrar. Hvernig stendur á því? „Ég á reyndar hvorki heima á Selfossi né Akureyri heldur bý á Svínavatni,“ segir Jón Örn og hlær. „En maður þarf að vera í klúbbi til að fá að keppa og hvers vegna ekki Akureyri alveg eins og hvað annað? Ég er reyndar líka í klúbbi fyrir sunnan, en ákvað að keppa fyrir BA þegar ég byrjaði og hef haldið mig við það.“

Spurður um framtíðarplönin kemur Jón Örn blaðamanni í opna skjöldu: „Ég veit það bara ekki. Verð ekki með í torfærunni á næstunni allavega. Búinn að selja útgerðina og hættur í þessu í bili.“ Hættir á toppnum? „Já, eigum við ekki að segja það bara,“ segir Jón Örn og hlær. „En það væri kannski gaman að prófa eitthvað annað.“


Akstursíþróttamaður ársins 2010, Jón Örn Ingileifsson, er hættur keppni í torfærunni, í bili að minnsta kosti.

Aðrir sem tilnefndir voru sem akstursíþróttamaður ársins 2010 voru: Ásta Sigurðardóttir, Örn Ingólfsson, Haukur Þorvaldsson, Björgvin Ólafsson og Jón Bjarni Hrólfsson.

*fridrikab@frettabladid.is*


Að sögn Grétu eru áhrif Trip Advisor ótvíræð, þar sem mikill meirihluti gestanna hefur kynnt sér þjónustuna á vefsíðunni.

# Fær fullt hús stiga hjá Trip Advisor

**Alþjóðlega ferðavefsíðan Trip Advisor veitti heimagistingunni Bænir og brauð viðurkenningu.**

„Þetta er náttúrulega afskaplega ánægjulegt og ekkert nema gott um það að segja þegar maður fær ánægða gesti og þeir láta í sér heyra, ummælin voru náttúrulega kveikjan að þessu öllu saman,“ segir Gréta Sigurðardóttur, sem rekur heimagistinguna Bænir og brauð í Stykkishólmi. Alþjóðlega ferðavefsíðan Trip Advisor veitti Grétu viðurkenningu á dögunum fyrir afburðaþjónustu við ferðamenn nú í sumar.

Milljónir manna nýta sér Trip Advisor í hverjum mánuði en ferðasíðan hefur að geyma fjölda umsagna og einkunna sem ferðamenn setja inn um ferðir og gistingu. Umsagnir um Bænir og brauð eru allar á einn veg á síðunni þar sem þjónustan er lofuð í hástert.

Spurð hverju megi þakka þessi jákvæðu ummæli, segist Gréta bæði vera heppin með staðsetningu og svo reyni hún að vanda sig eftir fremsta megni. „Ég býð upp á góða svefnaðstöðu og hollan og kannski svolítið óvenjulegan morgunmat, sem hefur slegið í gegn og ofan á það bætist fallegt útsýni.“ Hún bætir hógvær við að svo hafi hún reynt að sýna góða þjónustu og vera til staðar fyrir gestina.


Gréta með viðurkenninguna frá Trip Advisor. Hún segist ekki vita til að vefsíðan hafi áður veitt íslenskum ferðaþjónustuaðila viðurkenningu.
MYND/ANNA MELSTEÐ

Ekki er nema ár síðan Gréta opnaði Bænir og brauð. Fram að því hafði hún enga reynslu af ferðaþjónustu og skilur eiginlega ekki hvers vegna þar sem starfið sé óhemju skemmtilegt. Viðurkenninguna frá Trip Advisor segir hún gefa sér byr undir báða vængi og ekki annað í stöðunni en að halda áfram að standa sig vel, enda muni ferðamenn sjálfsagt framvegis heimsækja hana með miklar væntingar.

*- rve*

Ferðamaður er maður sem er á ferðalegi eða á leiðinni eitthvert. Ferðamaður er oftast maður sem hefur tekið sér ferð á hendur til að kynnast öðru landi eða landsvæði, en getur líka verið maður sem hvergi festir rætur.



**Heimild: www.is.wikipedia.org**

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir.is
Meiri Vísir.

**KAUPMANNAHÖFN - LA VILLA**
Guesthouse á besta stað í bænum.Stúdíoíbúðir og herbergi. Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. GSM. 0045 2848 8905







**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins.
Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft…

**Jólavefur Júlla**, www.julli.is/jolavefur.htm, hefur að geyma ýmislegt sem viðkemur jólunum, svo sem fróðleik, sögur, söngtexta, jólaguðspjallið, myndir og margt fleira. Júlíus Júlíusson sendur á bak við vefinn sem er uppfærður daglega í jólamánuðinum.






Ástæðan fyrir því að desembermánuður er tengdur fæðingu Krists er sú að þegar kristni varð ríkistrú hjá Rómverjum yfirtók kirkjan forna helgidaga sem voru í desember. Svonefnd Saturnalia-hátíð var haldin 17.-23. desember að okkar tímatali.



visindavefur.hi.is



Hinir fallegu fuglar Evu eru ekki síður viðeigandi á jólatréð en rauð hjörtun og röndóttu jólakúlurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þæfðar jólakúlur á grein

**Eva Jóhannsdóttir sýndi fallegar þæfðar jólakúlur, hjörtu, lóur og tjalda á sýningunni Handverk og hönnun um síðustu helgi. Hún er sjálf mikið jólabarn og vinnur nú af miklum móð að jólaskrautinu.**

Eva Jóhannsdóttir útskrifaðist úr málaradeild Myndlista- og handíðaskólans árið 1993. Þegar hún sneri heim eftir ársdvöl sem Erasmus-nemi í Stokkhólmi þar sem hún nam grafík, helltust yfir hana veikindi með þeim afleiðingum að hún gat lengi vel ekki notað hendurnar og lagði því handverkið á hilluna.

„Ég fór í alls konar rannsóknir og það var ekki fyrr en ég fékk sprautu hjá gigtarlækni að ég gat lifað nokkurn veginn eðlilegu lífi,“ upplýsir Eva en löngunin til sköpunar blundaði þó ávallt með henni. „Fyrir tveimur árum gat ég hætt að vinna og sneri mér þá að því sem mig langaði til að gera,“ segir Eva sem hélt þá aftur til Stokkhólms en nú til að fara á þurrþæfingarnámskeið. „Þar lærði ég að nota þæfingarnál og ég festist síðan í því að skapa með henni,“ segir hún glaðlega og bætir við að íslenska ullin henti frábærlega fyrir þessa aðferð.

Eva mótar hvern einasta hlut sem hún gerir með þæfingarnálinni en hún hefur verið að prófa sig áfram með ýmis form. „Ég byrjaði á hjörtum, svo fór ég að gera alls konar kúlur og það nýjasta eru fuglarnir mínir, lóur og tjaldar,“ segir Eva en hana dreymir um að þróa bæði hugmyndir og aðferðir sínar enn frekar.

Eva og fjölskylda hennar eru mikið jólafólk og ratar jólaskraut hennar víða um heimilið.





Kúlurnar og hjörtun fara vel á grein en fuglana má einnig fá á prikum.

Fuglarnir eiga þar ekki síður heima þó þeir boði oftar vor en vetur.

Þeir sem áhuga hafa á hönnun Evu geta haft samband við hana í síma 5523550 eða sent henni póst á evadesign@internet.is.

*solveig@frettabladid.is*







512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**Nóvembertilboð á hreinsun**

**Við hreinsum fjórar flíkur en þú greiðir aðeins fyrir þrjár**

EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS

**Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reykjavík •Sími 553 1380**



„Mig vantaði eitthvað að gera á nóttunni og ræstingakonurnar tóku sig til og fitjuðu upp á flík fyrir mig," segir Bergþór um upphafið að eigin prjónaskap.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Prjónar allar jólagjafirnar

**Bergþór Pálsson óperusöngvari dustaði rykið af áratuga gamalli prjónakunnáttu fyrr á þessu ári. Nú liggja eftir hann fjölmargar flíkur svo jólapakkarnir frá honum verða mjúkir þetta árið.**

„Ég er nú ekki vanur að gefa handunnar jólagjafir en á því verður breyting þessi jól því ég er að verða búinn að prjóna þær allar. Maður bjargar sér í kreppunni," segir Bergþór Pálsson og brosir við. Upphaflega kveðst hann hafa lært að prjóna þegar strákurinn hans var á 1. ári og hann vann sem næturvörður á Landssímanum við Austurvöll.

„Mig vantaði eitthvað að gera á nóttunni og ræstingakonurnar tóku sig til og fitjuðu upp á flík fyrir mig. Svo prjónaði ég áfram alla nóttina. Þær leiddu mig í gegnum útaukningar og úrtökur og ég prjónaði ýmislegt á strákinn minn þetta sumar en svo aldrei meir – þar til í fyrravetur.

Þá var ég í litlu hlutverki í Óliver í Þjóðleikhúsinu þannig að ég hafði góðan tíma á milli þess sem ég fór á svið. Þá datt mér í hug að prófa að prjóna mér vesti."

Bergþór segir vestisprjónið eiga sér þá forsögu að honum hafði verið boðið í þrítugsafmæli þar sem gestirnir voru beðnir að koma í gömlum íslenskum þjóðbúningum og hann hafði fengið leigt vesti með prjónuðum framstykkjum. „Mig langaði að eignast slíkt vesti og auglýsti á fésbókinni eftir einhverjum sem vildi prjóna það fyrir mig. Þá spruttu upp tugir eða hundruð vinkvenna sem ég kunni ekki við að velja á milli þannig að ég hugsaði: ég geri þetta bara sjálfur, bjó til snið og byrjaði."

Bergþór kveðst hafa fengið föður sinn til að kenna sér að fitja upp á ný. Síðan hafi hann notið leiðsagnar Vigdísar Hrefnu Pálsdóttur leikkonu þar sem hann sat að tjaldabaki í Þjóðleikhúsinu. „Ég kallaði alltaf í Vigdísi Hrefnu þegar ég þurfti á hjálp að halda. Hún er snillingur í prjónaskap enda er hún ömmubarn Vigdísar Pálsdóttur sem sá um tímaritið Hug og hönd, og ég lauk við vestið sem var auðvitað margprjónað því ég þurfti svo oft að rekja upp," segir Bergþór sem lét ekki þar við sitja heldur prjónaði tvö vesti til viðbótar en saumaskapurinn er eftir. „Upp úr þessu fór Vigdís Hrefna að lána mér gömul blöð með stelpupeysum svo ég gæti prjónað á litlu afastelpuna mína. Síðan hef ég alltaf verið með eitthvað á prjónunum milli þess sem ég kem fram á sviðið í Rígólettó í Íslensku óperunni."

Prjónaskapurinn er bæði skemmtileg og róandi iðja, að mati Bergþórs, einkum ef hann er ekki of einfaldur. „Ef maður er að fást við kaðla eða annað mynstur sem markar skil þá finnst manni allt ganga hraðar," segir Bergþór og brosir hæversklega þegar honum er hrósað fyrir kunnáttuna. „Það er nú svo skrítið að þegar maður er búinn að læra grunninn þá er ekkert rosalegt mál að bæta trikkum eins og köðlum við."

*gun@frettabladid.is*

Jólastjarna er vinsælasta pottaplantan á Íslandi. Árlega seljast um sextíu til sjötíu þúsund plöntur. Farið var að rækta jólastjörnur á Íslandi 1965 en algengustu afbrigðin í dag eru Sonora og Lilo.



**heimild: www.landbunadur.is**

# Þeirra tími mun koma



**Sörur geymast vel í frysti ef þær eru faldar fyrir sísvöngum og sykurþurfandi. Því er upplagt að byrja jólabaksturinn á þeim. Það tekur sinn tíma en er ekki eins vandasamt og margir halda. Aðalatriðið er að stífþeyta eggin og leyfa kökunum að kólna á milli þess sem lögin eru sett á.**

## BOTNAR

3 eggjahvítur (stífþeyttar)
3½ dl flórsykur
200 g möndlur (fínhakkaðar)

*Stífþeytið eggjahvíturnar. Blandið flórsykri og fínhökkuðum möndlum létt saman við. Setjið í litla toppa á bökunarplötu og bakið í um átta mínútur við 180 gráður. Kökurnar eru kældar vel í ísskáp eða úti á svölum.*



## KREM

3 eggjarauður (stífþeyttar)
4 msk. kakó
3 msk. síróp
100 g íslenskt smjör (lint)

*Stífþeytið eggjarauðurnar. Blandið öðrum hráefnum varlega saman við. Setjið kremið á botnana og stingið þeim aftur í kæli.*

## HJÚPUR

200 g Síríus suðusúkkulaði

*Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði og dýfið kremhliðinni ofan í.*







**Englaljós**

**908 7000 & 863 1987**
**opið 11-23**
**visa/euro**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**LOFTNET**
**Ljósleiðari**
**Dyrasímar**
**Brunakerfi**
**Rafeindameistarinn ehf**
**898 4484**

**Raflagnir og dyrasímaþjónusta**
Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi
Nýlagnir og endurnýjun raflagna
Gerum verðtilboð
RAF NEISTI
GSM 896 6025
Löggiltur rafverktaki
kboga@simnet.is

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki og tónerar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send af stað samdægurs sjá nánar á Blekhylki.is S. 517-0150 Fjarðargötu 11.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**STUBBASTANDAR - STUBBAHÓLKAR**
Bæði frístandandi og á vegg. STANDUR ehf. 842 2535.

Gámasala/Gámaleiga
Stólpi Gámar ehf
sími 568 0505



**Rafhlöðukrossar**
**12v • 24v • 32v**
**Endist ár eftir ár.**

Ljósakrossar á leiði til sölu 12v-24v-32v og Rafhlöðukrossar. Áratuga reynsla og gott verð. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 898 3206.

**Til sölu símkerfi!**
Siemens hicom 100E m/6 símtækjum. Í fínu lagi. Kr 50. Þús. S: 520-5788

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/ hraðlyftu Verð:49.900 kr með VSK~~Sími: 5520110 www.pon.is~~

## Til bygginga



**Harðviður til húsabyggingar. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun

bathmate.is
Bathmate hefur nú fengið læknisfræðilega vottun og er með CE vottun sem lækningatæki.
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
TUNGUHJÓLIÐ
Besta uppfinning síðan hjólið var fundið upp! Tunguhjólið er fyrir konur sem kunna að meta gott kynlíf, einar, eða með ástmanni sínum!
Skoðaðu úrvalið á
FLESHLIGHT.IS
og allar pantanir afgreiddar samdægurs!

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Loksins LR vörur á Austurlandi. Frábærar Aloe Vera, snyrt, heilsu og megrunarvörur. Ef þú heldur kynningu færðu fríar jólagjafir.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

New new new luxury massage. In down town anytime. S. 892 4018.

Tantric full body massage in down town anytime 24/7. S. 869 8602.

Whole bode massage 841 8529.

## Námskeið

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
SÍÐUMÚLI 15
S: 5885711
YOGAHEILSA.IS
20%
AFSLÁTTUR
af mánaðarkorti



# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

**SKART OG HNÍFASMÍÐI**
Lærðu að gera skartgripi úr mjúku silfri og kopar 5.-6. Hnífasmíðin 8.,9.&11. -Skartleir 9.nóv. - Víravirki 17.&24. Tálgun Fuglar 15.-16.,Tréútskurð 13.-14. Handverkshúsið s:555-1212

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Til sölu ættbókafærðar Ungverskar Vizslur. Frábærir veiðihundar og yndislegir fjölskylduhundar. Eru tilbúnir til afhendingar 15.nóv. Uppl. í síma 772 5350.

Dýravinur (eldri kona) óska eftir vel uppöldum litlum hund. Er með enbýlishús og garð á rólegum stað í bænum. S : 553 4050.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta



Hausttilboð - orlofshús til leigu Ýmsar stærðir velbúinna orlofshúsa til leigu í lengri eða skemmri tíma. Góð aðstaða til æfinga fyrir kóra og sönghópa bæði í Úthlíðarkirkju og veitingasal. Gerum hópum föst tilboð. Nánar á www.uthlid.is, uthlid@uthlid.is eða 699 5500.

## Útilegubúnaður




Vatnsheldar töskur og pokar, þýsk gæði, 5 ára ábyrgð varahlutaþjónusta. Hirzlan Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564-5040 www.hirzlan.com

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leigumiðlun-Leigumiðlun**
Vegna mikillar eftirspurnar vantar allar tegundir húsnæða á skrá á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Við erum sanngjörn og skilvirk. Leigumiðlun.com - Lögfræðistofa, Hamraborg 1, 200 Kópavogi Sími 445 3500 leigumidlun@leigumidlun.com

## Húsnæði í boði

STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 30.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

SKAMMTÍMA
LEIGA
MIÐSVÆÐIS Í RVK
ÓDÝR VIKU- OG MÁNAÐARLEIGA
HERBERGI OG ÍBÚÐIR
HÓTEL FLÓKI
660-7799

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Kópavogur 203. 195 fm parhús til leigu. V. 235 þús á mán. Uppl. í s. 864 2863.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Fallegar stúdíóíbúðir fullbúnar húsgögnum til leigu á Bæjarhrauni 16, Hfj. Uppl. í s. 899 7004.

Kjallaraherb. með sér inngangi. Eldunaraðstöðu og sér baðherb. Til leigu á góðum stað í Hfj. Uppl. í síma 899 7004.

105 Stangarholt til leigu mjög flott 2 herb. íb. algerl. endurn. rúmgóð herb. Þv.aðst. Útg. í garð, stór verönd, friðsæll staður. Hiti, hússj. og intern. innif. 88þ. Uppl. 891 8610

**Stúdíóíbúð**
Nýuppgerð 20 fm. stúdíoíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð 59 þ. S. 824 6692.

2 herbergi til leigu í íbúð á besta stað í miðbænum. Frekari upplýsingar í síma 860 1302.

Til leigu 4.herb íbúð í Bökkunum. Uppl. í síma 690 0665/893 3596.

## Atvinnuhúsnæði

**Verslunar/skrifstofuhúsnæði til leigu**
Um 90fm verslunar/skrifstofuhúsnæði við Kleppsmýrarveg. Gott verð. Nánari uppl. í s. 581 4000 eða olafur@solarraesting.is

## Geymsluhúsnæði

**Geymi tjaldvagna, fellihýsi ofl.**

**Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 13 ára reynsla.**

**Í símaskrá ja.is undir; geymsla asgeirs eirikssonar ehf.**

**Upplýsingar 897 1731 klettar@heimsnet.is**

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Geymsluhús.is**
Innri Njarðvík, hjólhýsi,fellihýsi,tjaldvagnar,bílar ofl. ATH! Upphitað, gott verð!! Uppl, í síma 770 5144.

## Gisting

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com
stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

# ATVINNA

## Atvinna í boði

VEITINGAHÚSIÐ
ÍTALÍA

**Ítalía - veitingahús**

**Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki á aldrinum 20-30 ára í sal. Um er að ræða fastar vaktir frá 11-23, einnig er unnið um helgar. Íslenskukunnátta skilyrði. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga.**

**Veitingahúsið Ítalía Laugavegi 11**

Castello PIZZERIA

CASTELLO pizzeria óskar eftir starfsfólki í fullt starf, Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, dugleg/ur, hafa mikla hæfni í mannlegum samskiptum,18 ára eða eldri . Einnig vantar okkur fólk í aukastarf á kvöldin og um helgar. Hentar vel með skóla. Umsóknir á castello.is og í síma 6923051.

Fjölskylda í kópavogi er að leita eftir aðstoð. Erum að leita eftir heimilishjálp og barnagæslu frá 15-18 alla virka daga fyrir 3 börn á aldrinum 4-12 ára. Leitum að barngóðri manneskju sem hefur bíl til umráða. Uppl. í s: 896-1966 eða á bodvar@mtb.is

Okkur vantar sölufólk. LR er stærsta fyrirtæki í beinni sölu í Evrópu með frábærar heilsu, fegrunar og jólavörur. Uppl: 773 6099.

Starfskraftur óskast í sérverslun í 111 sem fyrst. Vinnutími frá 12-18. Sendið upplýsingar á fossa@emmi.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



Grunnnámskeið í yoga með Talyu og Gumma, 6.og 7. nóvember. www.yogastodinheilsubot.is, sími 691 8565.

Vængjamessa með sporin að leiðarljósi í guðríðar kirkju í kvöld klukkan 20:00

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Opið þegar þér hentar.**

Skemmtilegri
FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:



EINN BARNAÍS
EÐA



FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild.
Tryggðu þér áskrift í dag!



**FINNUR ODDSSON** Ekkert er óeðlilegt við það að gera mistök, segir framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. Hann mælir með því að illa ígrundaðar skattabreytingar sem komið var með hraði í gegnum Alþingi í fyrra verði lagaðar. MARKAÐURINN/VILHELM

beinum hætti. Í fjárlögum hvers ríkis séu fólgin pólitísk skilaboð og verði ekki snert við þeim. Þess í stað geti sjóðurinn komið með ráð og ábendingar um það sem betur megi fara til að ná fram ákveðnum markmiðum í þjóðarbúskapnum. Stjórnvöld hvers lands eru ekki bundin af ábendingum AGS. Þvingunarúrræðum má þó beita, svo sem að neita að samþykkja endurskoðun áætlunar með stjórnvöldum þeirra ríkja sem AGS vinnur með hverju sinni.

**ALLIR GERA MISTÖK**

Í skoðun Viðskiptaráðs frá í gær er bent á sautján skattaleg atriði sem betur megi fara og auðvelt ætti að vera að lagfæra. Bæði eru það nýleg mistök og eldri vandamál sem hafa dagað uppi. Málin eru fyrst og fremst hagnýt, en ekki bundin pólitík, hvorki til hægri né vinstri.

„Við höfum búið okkur til flækjur sem koma niður á rekstrarumhverfi fyrirtækja, ekki síst í alþjóðlegri starfsemi,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands. Hann bendir á að tiltölulega einfalt mál ætti að vera að laga tæknilegar ambögur á skattkerfinu sem hafi ekkert pólitískt vægi.

„Nálgun á skattabreytingarnar í fyrra var verulega gagnrýniverð. Tveir virkir dagar voru gefnir til umsagnar. Þrátt fyrir það komu góðar ábendingar frá fjölda aðila um það sem betur mátti fara. Nokkrum dögum síðar varð frumvarpið að lögum án þess að í raun hefði verið tekið tillit til gagnrýni í umsögnum,“ segir hann og bendir á að þegar yfirvöld leggi í breytingar á skattalöggjöf sé eðlilegt að gera það í samstarfi við hagsmunaaðila og gefa til þess rýmri tíma. Það hafi ekki verið gert í fyrrahaust. „Það er ekkert óeðlilegt þótt menn geri mistök,“ segir Finnur Oddsson og bendir á mikilvægi þess að færa þau sem fyrst til betri vegar.

# Þykkt lag af ryki á lögum um virðisaukaskatt

**Tíðar skattabreytingar fæla fjárfesta frá landinu. Sum lög hér eru svipuð sambærilegum lögum og voru í gildi í Evrópu fyrir tuttugu árum.**

Stjórnvöld gera fátt til að hvetja erlend fyrirtæki til að fjárfesta hér, hvort heldur er með beinum hætti í fyrirtækjarekstri eða með lánveitingum, að sögn Völu Valtýsdóttur, sviðsstjóra á skatta- og lögfræðisviði endurskoðendaskrifstofu Deloitte.

**FJÁRFESTAR FÆLDIR FRÁ**

„Það er orðið svo rosalega mikið af miklum breytingum að erfitt er að fylgjast með,“ segir hún og nefnir sem dæmi afdráttarskatta á vaxtagreiðslur til erlendra aðila sem valdi því að fimmtán prósenta aukaskattur hafi óvænt lagst ofan á lántökukostnað íslenskra stórfyrirtækja sem hafi tekið erlend lán. Við þetta bætast gjaldeyrishöft, sem valdi því að fjárfestar viti ekki með vissu hvort þeir geti farið með fé sitt úr landi hætti þeir við fjárfestinguna. Það sé miður enda virðist sem Íslandi sé hægt og bítandi ýtt út af heimskortinu. Stjórnendur fyrirtækja séu viljugri til að fjárfesta í rekstri í öðrum löndum þar sem skattaumhverfið sé stöðugt og hagstætt.

**PLÁSTRUÐ LÖG**

Vala segir að þrátt fyrir tíðar breytingar á skattalögum sem hafi það markmið eitt að auka skatttekjur ríkissjóðs hafi önnur atriði dagað uppi. Þar á meðal hafi lög um virðisaukaskatt ekki verið aðlöguð að reglum annarra ríkja svo árum skipti.



**VILL BLÁSA RYK AF GÖMLUM LÖGUM** Íslensk fyrirtæki gætu lent í því að þurfa að greiða virðisaukaskatt í tveimur ríkjum. „Við erum með mjög gamlar reglur um virðisaukaskatt,“ segir Vala. MARKAÐURINN/GVA

Lög um virðisaukaskatt voru sett árið 1988, fyrir 22 árum, og byggja að mestu á frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi þremur til fjórum árum fyrr. Þau hafa verið löguð stöku sinnum síðan þá og eru sambærileg lögum og reglum um virðisaukaskatt sem voru í gildi í Evrópu í kringum 1990. Endurskoðun þeirra hér hefur legið á borði fjármálaráðuneytis í um ár.

„Við höfum mikið af þjónustu og rafrænum viðskiptum sem ekki sjást og fer ekki í gegnum hefðbundinn toll. En þetta getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir fyrirtæki, sem geta lent í því að þurfa að greiða virðisaukaskatt í tveimur ríkjum,“ segir Vala.

# Skárra skattaumhverfi í Svíþjóð

**Breyting á fyrirtækjasköttum í fyrra skilaði þveröfugri niðurstöðu. Ríkið varð af milljarðatekjum.**

Fréttablaðið greindi nýverið frá því að upptaka skatts á vaxtagreiðslur til erlendra aðila olli því að tíu erlend fyrirtæki lögðu niður starfsemi sína hér í fyrrahaust. Tvö fyrirtækjanna greiddu einn milljarð í skatt á síðasta ári. Það jafngildir skattgreiðslum tæplega 740 manna með rúmar 420 þúsund krónur í mánaðarlaun.



**ALEXANDER** Erlend fyrirtæki sáu hag í því að hætta starfsemi hér í fyrra og hefja rekstur í Svíþjóð þrátt fyrir hærri tekjuskatt á fyrirtæki þar en hér. MARKAÐURINN/ANTON

Fyrirtækin voru með litla eiginlega starfsemi hér, en sinntu fjárstýringu fyrir félög innan viðkomandi samstæðu.

Alexander G. Eðvardsson, forstöðumaður skattasviðs hjá KPMG, segir þetta sorglegt en sýna að breytingar á sköttum fyrirtækja sem innleiddar voru með hraði í fyrrahaust hafi valdið tjóni. Menn hafi ætlað að ná fram ákveðnum markmiðum með skattinum. Áhrifin hafi verið önnur en til var ætlast. „Tjónið varð í raun tvöfalt. Fyrirtækin fóru og skatttekjur ríkissjóðs lækkuðu og vaxtagjöld íslenskra félaga jukust þar sem skattinum var í raun velt yfir á félögin,“ segir hann og bendir á að í raun hafi samkeppnishæfni landsins truflast við skattabreytinguna.

Hann telur ekki ósennilegt að fyrirtækin erlendu hafi sett sambærilega starfsemi og var hér á laggirnar í Svíþjóð eða í öðrum löndum sem geta lent í hagstæðari tvísköttunarsamninga við heimalönd þeirra en hér og tiltölulega gott skattaumhverfi.

Líkt og sést á myndinni með úttektinni er tekjuskattur á fyrirtæki í Svíþjóð 8,3 prósentustigum hærri en hér. „Prósentuskattur á fyrirtæki segir ekki allt,“ segir Alexander.



# Erlend umfjöllun um Ísland og viðskiptalífið

ORÐ Í BELG



**Bragi Hinrik Magnússon viðskiptafræðingur**
Greinin er unnin upp úr lokaverkefni hans í stjórnunar- og skipulagsgreiningu við Warwick Business School í Bretlandi.

Hið fjárhagslega hrun sem skók heiminn haustið 2008 hefur haft gríðarleg áhrif á hagkerfi fjölmargra landa ásamt því að hafa áhrif á ríkisstjórnir, fyrirtæki og einstaklinga. Þessi áhrif standa enn og munu seint ganga að fullu til baka. Ekki þarf að fjölyrða um þau áhrif sem hrunið hefur haft hér á Íslandi. Einn þáttur sem hefur komist í umræðuna er ímynd Íslands í útlöndum.

**MEÐ AUGUM ÍSLENDINGA**

Í nóvember 2007 skipaði forsætisráðherra nefnd sem átti að gera úttekt á skipan ímyndarmála Íslands og kom sú skýrsla út snemma árs 2008. Þau einkunnarorð sem þar voru lögð til voru Kraftur, frelsi og friður. Þar er meðal annars talað um að frelsi sé einn af þeim kostum sem einkennir íslenskt viðskiptalíf.

Skýrslan var gagnrýnd töluvert í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og þar er minnst á að til að draga fram sanna ímynd Íslands hefði þurft að ræða við útlendinga. Nær aðeins var rætt við Íslendinga sjálfa. Í febrúar 2007 sagði þáverandi forsætisráðherra að ljóst væri að alþjóðlegt orðspor og ímynd væru mikilvæg fyrir lítið þjóðfélag eins og Ísland. Í þessu er ákveðið misræmi falið, því ógerlegt er að skoða alþjóðlega ímynd Íslands einungis með því að spyrja okkur sjálf og því nauðsynlegt að líta út fyrir landsteinana til að kanna hina raunverulegu ímynd Íslands, en ekki hver við höldum að hún sé eða vonum að hún sé.

**RANNSÓKN Á UMFJÖLLUN**

Í byrjun september lauk undirritaður við rannsókn sína á enskri fjölmiðlaumfjöllun um Ísland og íslenskt viðskiptalíf. Teknar voru saman allar blaðagreinar um Ísland úr fimm helstu dagblöðum Englands frá árinu 2007 og 2009 og þær bornar saman til að varpa ljósi á hvort umfjöllunin hefði breyst á einhvern hátt og ef svo væri, hvað hefði breyst. Eftirtaldir miðlar voru valdir: *The Times*, *The Independent*, *Financial Times*, *The Guardian* og *The Daily Telegraph*. Þær blaðagreinar sem fjölluðu um íslenskt viðskiptalíf voru sérstaklega teknar út og bornar saman. Þeim var skipt í þrjá flokka eftir því hvort þær fjölluðu um íslenskt viðskiptalíf á jákvæðan, neikvæðan eða hlutlausan hátt. Jákvæðu og neikvæðu greinarnar voru svo greindar nánar til að athuga hvort greina mætti helstu umfjöllunarefnin sem sköpuðu annað hvort jákvæða eða neikvæða umfjöllun.

**JÁKVÆÐNI ÁRIÐ 2007**

Niðurstöðum má skipta í tvo hluta. Fyrri hlutinn sýnir að á árinu 2007 voru jákvæðar fréttir í meirihluta þar sem jákvæðar fréttir voru þrefalt fleiri en þær neikvæðu. Þegar árið 2009 er skoðað er greinilegt að algjör kúvending hefur átt sér stað þegar kemur að eðli umfjöllunar fjölmiðla um Ísland og íslenskt viðskiptalíf. Á árinu 2009 var aðeins ein jákvæð grein skrifuð á móti hverjum 11 neikvæðum. Til viðbótar varð greinileg heildaraukning, 68 prósent, á skrifuðum greinum um Ísland á árinu 2009 miðað við 2007.

Til samanburðar var rannsókn birt í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis þar sem skoðuð var íslensk fjölmiðlaumfjöllun á árunum 2006-2008. Í þeirri rannsókn voru jákvæðar fréttir í hlutfallinu sex á móti hverri neikvæðri, helmingi fleiri en hjá enskum fjölmiðlum á árinu 2007.

Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis leggur þá spurningu fram hvort fjölmiðlar hafi verið helst til of hliðhollir íslenskum fyrirtækjum og átt það til að hjálpa til við að kveða niður neikvæðar umfjallanir. Ekki skal því svarað hér en áhugavert er þó að helmingi fleiri jákvæðar fréttir voru á móti hverri neikvæðri frétt í íslenskum fjölmiðlum en þeim ensku. Hafa ber þó í huga að einhver skekkjumörk felast í samanburði á þessum tveimur rannsóknum þar sem þær eru framkvæmdar af mismunandi aðilum á mismunandi tímum.

**VIÐ ERUM EKKI ÍSLAND**

Seinni hluti niðurstaðna felst í nánari skoðun á þeim greinum sem voru annað hvort jákvæðar eða neikvæðar gagnvart Íslandi og íslensku viðskiptalífi. Blaðagreinarnar voru flokkaðar niður eftir umfjöllunarefni þeirra og innihaldið metið með það að markmiði að flokka saman greinar sem höfðu álíka viðfangsefni. Með þessu er hægt að fá yfirsýn yfir þau málefni sem eru í brennidepli og fá mesta umfjöllun í ofangreindum dagblöðum.

Stærsti málefnaflokkurinn fyrir árið 2009 er „Ísland í samanburði", þ.e þar sem önnur lönd sverja af sér allan samanburð við Ísland.

Í þessum flokki er orðið Ísland notað sem samheiti fyrir eitthvað ákaflega slæmt og það að annað land sé borið saman við Ísland er álitið vera hin argasta móðgun við umrætt land og fulltrúar ríkisstjórna þeirra landa sem „lenda í því" að vera líkt við Ísland keppast við að sverja af sér slíkan samanburð. Eftirfarandi tilvitnanir eru dæmi úr þessum flokki:

„It's a mess. It is not quite Iceland but there is a real issue". (The Times)

„One journalist who suggested Britain's economy was starting to resemble that of Iceland. Mr. Brown bridled and – in what sounded like a threat - he warned the reporter to be 'very cautious about the words you use'." (Financial Times)

Í næsta flokki var Íslandi oft líkt við sjúkdóm sem fyrirtæki og einstaklingar voru svo óheppin að verða fyrir. Dæmi um tilvitnun er:

„Leaving us in the unwholesome company of Iceland." (The Guardian)

„Exposure to Iceland." (Financial Times)

Aðrir flokkar sem greindir voru fjalla um Ísland sem samheiti fyrir hrunið, um Ísland í sömu andrá og glæpsamlegt athæfi, vantraust og stundum var talað um Ísland í sömu andrá og Bernie Madoff.

Sem dæmi um ofangreinda flokka eru eftirfarandi tilvitnanir:

„Exposure to nasties from Iceland to Madoff." (Financial Times)

„Can anyone remember recent opportunities to sink your surplus cash in Iceland, and what happened thereafter?" (The Times)

**ÞAÐ SEM AÐRIR SEGJA**

Ljóst er að erlend fjölmiðlaumfjöllun er mikilvæg fyrir Ísland og íslenskt viðskiptalíf. Hér var aðeins stiklað á helstu niðurstöðum úr rannsókninni og neikvæði hlutinn skoðaður þar sem hann gefur kannski áhugaverðustu upplýsingarnar miðað við stöðu þjóðfélagsins í dag. Mikilvægt er að fylgjast með þessari umfjöllun því hún er afar mikilvægur hluti þess sem kalla mætti heildarímynd Íslands.

Við getum ekki gert ráð fyrir að vita hvað öðrum finnst um okkur án þess að fylgjast með því hvað þeir segja um okkur. Ef við fylgjumst reglulega með þessum upplýsingum er hægt að stýra þeim skilaboðum sem við sendum út frá okkur á áhrifaríkari og beinskeittari máta. Þessi rannsókn var unnin með þetta að markmiði og það er von höfundar að þessi stutta grein hafi sýnt fram á mikilvægi þess að líta út fyrir landsteinana til að skilja okkar eigin ímynd sem þjóð.




1500kaloríur shape.is

4 vikna Lúxusnámskeið NORDICASPA fyrir konur og karla

Hjá okkur nærðu árangri!
- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

1. vika – Orkuhleðsla
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.
2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.
3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.
4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.












Ertu að glíma við:
- Mataróþol
- Matarfíkn og sykurlöngun
- Maga- og ristilvandamál
- Verki og bólgur í liðum
- Streitu, þreytu og svefnleysi
- Þunglyndi
- Aðra lífsstílssjúkdóma

28 daga hreinsun NORDICASPA með mataræði og hreyfingu

Síðasta námskeið fyrir jól

- Fimm tímar í viku – hreinsun, liðleiki og styrkur
- 3 tímar – jóga, liðleiki og öndun
- 2 tímar – léttar styrktaræfingar í tækjasal
- Tímar: 17:20 mán/mið/fös.
- Þjálfari er Sigríður Guðjohnsen

Á námskeiðinu hreinsum við líkamann af óæskilegum efnum, aukum getu hans til að vinna rétt úr fæðunni, aukum liðleika og styrk og komum þér af stað í nýjan lífsstíl!

Bæði námskeiðin hefjast 8. nóvember
Fyrirlestur 6. nóvember
Verð kr. 34.900
Skráning er hafin í síma 444-5090
eða nordicaspa@nordicaspa.is

NORDICASPA
WWW.NORDICASPA.IS



MARKAÐURINN KEMUR NÆST ÚT ÞANN 17. NÓVEMBER

Nánari upplýsingar varðandi auglýsingar veitir Örn Geirsson, sími: 512 5448, netfang: orn@365.is




... allt sem þú þarft

# Kreppan sögð að komast á nýtt stig

## Hættan á því að helstu ríki heims keppist um að lækka gengi gjaldmiðla ekki úr sögunni.

Á föstudaginn hittast leiðtogar G20-ríkjanna í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu. Væntingar hafa staðið til þess, að deilan mikla um gjaldmiðil Kína verði rædd í þaula, en fulltrúi Bandaríkjastjórnar sagði nú á mánudaginn ljóst að engin niðurstaða muni fást í þessari deilu á fundinum í Seúl.

Bandaríkjamenn hafa lengi haft miklar áhyggjur af því hve kínverska júanið er lágt skráð. Kínversk stjórnvöld passa vel upp á að halda genginu lágu, og hafa í því skyni keypt ógrynnin öll af bandarískum dölum síðustu árin. Þetta gerir það að verkum að erlendar vörur eiga ekki greiðan aðgang að kínverskum mörkuðum, því þær eru dýrar í sölu þar í landi. Að sama skapi styrkir þetta kínverskan útflutning.

Bandaríkjamenn vilja einnig halda sinni mynt niðri, til að auðvelda sér að komast út úr kreppunni miklu, en með lággengisstefnu sinni gera Kínverjar Bandaríkjamönnum erfitt fyrir.

Þessi spenna hefur síðan umtalsverð áhrif á evruna, en einnig á gjaldmiðla upprennandi efnahagsvelda á borð við Suður-Kóreu, Taíland, Brasilíu og Suður-Afríku, því þangað streymir fjármagnið þegar það flýr frá Bandaríkjunum og Kína.

Margir hafa áhyggjur af þessu ástandi, og telja kaldrifjað gjaldmiðlastríð í uppsiglingu. Í umfjöllun þýska tímaritsins Spiegel er þetta sagt valda því að efnahagskreppan sé að komast á nýtt stig: „Eftir fasteignaog fjármálakreppu, eftir samdrátt og ríkisskuldakreppu, þá eru nú eftirskjálftar stóra hrunsins að berast inn á alþjóðlega gjaldeyrismarkaðinn.“

Á fundi fjármálaráðherra G20-ríkjanna í Seúl, sem haldinn var seint í nýliðnum mánuði, voru þessi mál rædd og fulltrúar allra ríkjanna strengdu þess heit að nota ekki gjaldmiðil sinn sem vopn í því viðskiptastríði, sem margir óttast að geti verið í uppsiglingu. Þau loforð voru hins vegar ekki baktryggð með neinum formlegum hætti, þannig að allt er í sjálfu sér enn opið.




**BEN BERNANKE OG TIMOTHY GEITHNER** Seðlabankastjóri og fjármálaráðherra Bandaríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP



**SÝSLAÐ Í KAUPMANNAHÖFN** Velta með hlutabréf var yfir meðallagi hjá Nasdaq OMX-kauphallarsamstæðunni á Norðurlöndunum í nýliðnum mánuði.

## Eitt félag á markaðinn

Velta með hlutabréf Nasdaq OMX-kauphallarsamstæðunnar á Norðurlöndunum nam jafnvirði 452,6 milljarða íslenskra í október. Meðalveltan á hverjum degi síðastliðna tólf mánuði hefur til samanburðar numið 444,3 milljörðum króna.

Þá jukust viðskipti á hlutabréfamarkaði á milli mánaða en dag hvern í október skiptu 294.397 hlutabréf um hendur miðað við 277.411 á dag síðastliðna tólf mánuði.

Í tilkynningu frá kauphallarsamstæðunni í gær kemur fram að eitt nýtt félag hafi verið skráð á aðalmarkað í nýliðnum mánuði. Í heildina hafa sautján ný félög verið skráð á markað, þar af ellefu á aðalmarkað. Ekkert félag hefur verið skráð hér síðan Skipti, móðurfélag Símans, var skráð á hlutabréfamarkað í mars 2008. - jab



**FRAMKVÆMDASTJÓRI AGS** Dominique Strauss-Kahn segir mikilvægt að búa til atvinnutækifæri fyrir þær milljónir manna sem munu leita á vinnumarkað á næstu tíu árum.

## Atvinnumál efst á blaði

Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, segir alþjóðlegu fjármálakreppuna hafa kostað þrjátíu manns atvinnuna um allan heim.

AFP-fréttastofan hafði eftir framkvæmdastjóranum í vikubyrjun að leiðtogar tuttugu stærstu iðnríkja heims sem funda í Suður-Kóreu um helgina, verði að setja atvinnusköpun í algjöran forgang með það fyrir augum að vinna bug á kreppunni. Þá muni um að á næstu tíu árum muni 450 milljónir manns koma á vinnumarkaðinn.

Dominique Strauss-Kahn sagði jafnframt að þótt dregið hafi verulega úr atvinnuleysi væri kreppunni hvergi nærri lokið. - fri



## ÚR FORTÍÐINNI



MARKAÐURINN/GVA

# Konur vöktu athygli á umhverfismálum

Neytendavitund hefur verið í deiglunni að undanförnu en er ekki alfarið nýtt fyrirbæri eins og þessi mynd sýnir fram á. Nokkar kvennalistakonur, þar á meðal þær Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Guðrún Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Guðný Guðbjörnsdóttir, fóru í innkaupaleiðangur í tilefni hins alþjóðlega baráttudags kvenna þann 7. mars 1991 þar sem tilgangurinn var að sýna hversu mikil sóun fólst í pakkningum um hinar ýmsu vörur. Einnig vildu þær sýna fram á hversu mikil ábyrgð hvíli á herðum kvenna þegar að umhverfisvernd kemur því þær sjá oftast um heimilisinnkaupin.

„Meira að segja hollustuvörur eru bæði í poka og kassa,“ sögðu nokkrar þeirra í samtali við blaðamann DV og voru síður en svo ánægðar með það.

Nú, tæpum tuttugu árum síðar, hefur lítið breyst í þeim efnum þrátt fyrir ríkari áherslu á umhverfismál í flestu tilliti. Enn má víða finna óhóflegar umbúðir um neytendavöru. - þj

VANDAÐUR NETBÚNAÐUR
TRENDnet
Fyrir heimilið og heimaskrifstofuna
Raftenglar sem nettenglar

TPL-303E2K
2 einingar sem nota raflagnirnar sem innanhúsnet.
Allt að 200Mbps og hægt að nota 16 einingar saman.
Hægt að hafa allt að 300m á milli eininga á sömu grein.
Verð: 20.700 kr

Öflugt USB netkort
TEW-649UB
Tengdu tölvurnar þínar við þráðlaust net.
8x hraðinn og 4x drægni miðað við G-staðalinn. Einföld uppsetning.
Verð: 4.990 kr

Betra samband
TEW-637AP
Tengdu við gamla beininn og fáðu betra samband á þráðlausa netinu.
12x hraðinn og 4x drægni miðað við G-staðalinn. Einföld uppsetning.
Verð: 12.200 kr
ORMSSON
// LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS
FÆST Í ORMSSON VERSLUNUM UM LAND ALLT

# Hættulega snarpur

**Yfir Heiðina með Óla Kristjáni**



*Óli Kristján Ármannsson blaðamaður tekur til kostanna notaða bíla og metur hvort þeir fái staðið undir því að kallast forstjórabílar.*



**PORSCHE CAYENNE S** Jepplingur sem fær er í flestan sjó og verður svo eins og sportbíll með því einu að þrýsta á hnapp. Stöðugleikakerfi bílsins sannaði ágæti sitt í hálku og vætutíð síðustu daga. MARKAÐURINN/ÓKÁ

Lipurð, snerpa og kraftur Porsche Cayenne S lúxusjeppans gera það að verkum að helst ættu ekki aðrir að setjast undir stýri en aldur hafa og þroska til að stilla sig um að tæta fram úr öðrum bílum þótt getan til þess sé vissulega fyrir hendi. Bíllinn er kjörinn handa þeim sem unun hafa af því að aka kraftmiklum bílum og hafa gaman af því að keyra. Vandfundinn er jepplingur sem betur lætur að stjórn.

Bíllinn sem að þessu sinni var tekinn til kostanna er af 2007 árgerð, með átta sílindra 4,8 lítra benínvél, lítil 385 hestöfl. Því er ekki að undra að afl bílsins og upptaka sé með því fyrsta sem fangar athyglina við reynsluakstur hans. Þannig gæti maður ímyndað sér að ökumaður mætti gæta sín á því að detta ekki upp undir 150 kílómetra hraða á klukkustund við einfalda framúrtöku á tvöföldum kafla á Hellisheiði. Nokkuð sem undirritaður myndi þó aldrei viðurkenna að hafa látið koma fyrir sig. Um leið getur maður ímyndað sér að ökumaður fyndi lítið fyrir slíkum hraða á hraðbrautum útlanda þar sem slíkt er heimilt.

Bílinn er afar stöðugur, enda búinn sérstakri stöðugleikastjórnun og jafnvægisstangabúnaði (PDCC) sem sér um að rétta vagn bílsins af í kröppum beygjum og lágmarka halla. Í torfærum breytist svo virkni stanganna þannig að þær heimila fulla slaglengd fjöðrunar. Bíllinn er búinn tölvustýrðum dempurum og hægt að hækka bílinn og lækka með einum hnappi við hlið ökumanns. Þar er líka hægt að smella bílnum í „sport“ ham þar sem fjöðrun er öll stinnari og inngjöfin snarpari. Í þeim ham er hættast við að ökumaður slysist til að taka af stað með slíkum látum að helst líkist þotu í flugtaki og hemji sig ekki fyrr en hundrað kílómetra hraða er náð, tæpum sjö sekúndum síðar. Sportjeppinn breytist á augabragði í sportbíl.

Bíllinn er mörgum góðum kostum búinn sem of langt mál yrði upp að telja og vart að maður telji sig þurfa að nefna rafdrifnar rúður, spegla og framsæti.

**HELSTU STAÐREYNDIR**

| Porsche Cayenne S, árgerð 2007 | |
|---|---|
| Ásett verð: | 9.900.000 krónur |
| Ekinn: | 44.750 km |
| Lengd: | 479,8 cm |
| Breidd: | 192,8 cm |
| Litur: | Dökkgrár |
| Sætafjöldi: | 5 |
| Þyngd: | 2.433 kg |
| Burðargeta: | 647 kg |
| Slagrými: | 4.806 cm3 |
| Afl: | 283,0 kW |
| Eldsneyti: | Bensín |

Stefnuvísandi beygjuljós sönnuðu þó gildi sitt í skammdeginu, en þau taka að lýsa þegar bíllinn fer hvað hægast áður en beygt er og auðvelda akstur þar sem veglýsing er engin. Á móti kemur að ljósgeisli bílsins er heldur hátt stilltur og truflaði nokkra ökumenn annarra bíla á Heiðinni það mikið að þeir sáu sig til neydda til að blikka ljósum sínum. Lítið mál ætti þó að vera að stilla af geislann.

Þá sönnuðu sig í kuldakasti síðustu daga hægindin sem því fylgja að hafa hita í sætum, en að sama skapi reyndi lítið á topplúguna, þótt gaman væri að vita af henni. Bíllinn er hinn smekklegasti að innan, með leðurinnréttingu, en mætti að ósekju bjóða upp á meiri upplýsingar í mælaborði (svo sem um bensíneyðslu).

Raunar er það svo að þetta eintak var í upphafi sérpantað án svokallaðs „aðgerðastýris“ og án skriðstillingar (e. cruise control), nokkuð sem líklegt verður að teljast að þreyttur forstjóri á heimleið myndi telja ómissandi í bíl sínum, svona til þess að ná slökun eftir annasaman dag. Vilji hann hins vegar fá útrás með því að beita sér í akstrinum, þá er þetta klárlega rétti bíllinn. Umboðsaðili segir hins vegar lítið mál að koma skriðstillinum fyrir í bílnum, ekki þurfi nema að smella stönginni í við stýrið.

Í reynsluakstrinum var bíllinn oftar en ekki í „sport“ ham og því ef til vill lítið að marka bensíneyðsluna, en hún er þó furðu lítil miðað við stærð vélarinnar og afl. Í langkeyrslu dettur eyðslan allt niður í 10 lítra á hundraðið. Í hefðbundnum (og hófstilltum) blönduðum akstri má ímynda sér að eyðslan sé á milli 14 og 15 lítrar á hundraðið. Þá má draga enn meira úr eyðslunni með því að smella sex gíra tiptronic sjálfskiptingunni yfir í handskiptingu. Er þá bæði hægt að nota gírstöngina til að skipta, eða takka í stýrinu.

Bíll eins og þessi er ekki gefins, en uppsett verð er litlar 9,9 milljónir króna. Þar er hins vegar sagt umsemjanlegt og til skoðunar að bjóða hann tímabundið á um milljón undir því verði. En úr því komið er í þennan verðflokk hvort eð er, þá væri kannski ekki heldur úr vegi að kíkja bara á nýjan Cayenne með dísilvél. Í þeim er skriðstillirinn líka staðalbúnaður.

# Jim Rogers veðjar á hrávörumarkaðinn

Fjárfestar eiga að veðja á að hrávara muni hækka í verði, sérstaklega silfur og hrísgrjón. Þetta segir Jim Rogers, einn af þekktari fjárfestum Bandaríkjanna. Hann hóf ferðalag sitt umhverfis jörðina á sérútbúnum gulum Mercedes Benz með eiginkonu sinni hér á landi í byrjun árs 1999.

Rogers sagði í samtali við bandarísku sjónvarpsstöðina Bloomberg þar sem hann talaði frá Singapúr á dögunum, að hvað svo sem bandaríski seðlabankinn geri á næstunni muni hrávöruverð halda áfram að hækka.

„Ef hagkerfi heimsins lagast þá mun hrávöruverð hækka því skortur er í vændum,“ segir Rogers og bendir á að ákveði seðlabankinn að setja prentvélarnar í gang með það fyrir augum að auka peningamagn í umferð muni það eitt og sér hafa áhrif á eignaverð, geta af sér bólur, þar með talið á hrávörumarkaði. Ákveði hann hins vegar að halda gengi Bandaríkjadals lágu gagnvart öðrum gjaldmiðlum muni það hafa áhrif á verðið, sem muni hækka í dollurum talið. Því til viðbótar muni Kínverjar og önnur efnuð Asíuríki halda áfram að fjárfesta í hrávöru sem muni ýta verðinu upp, að hans mati. - jab



**SLAKUR FJÁRFESTIR** Hvað sem gerist í heimshagkerfinu mun hrávöruverð hækka í verði, segir einn af þekktari fjárfestum Bandaríkjanna. MARKAÐURINN/AFP




# Villibráðarhlaðborð

## *21. október – 17. nóvember*

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum
til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á.
Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

*Verð 8.490 kr.*
*Tilboð mánudaga-miðvikudaga* **7.490 kr.**



## Jólahlaðborð Perlunnar

**Hefst 18. nóv.**

*18. nóvember - 30. desember*

**Það borgar sig að panta borðið strax á jólahlaðborði Perlunnar — enda eitt vinsælasta jólahlaðborð landsins.**

***Verð: 8.290 kr. — Tilboð mánudaga til miðvikudags: 7.290 kr.***

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207 - *Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**80%** viðskipta í íslensku Kauphöllinni í október voru með bréf í Össuri.

**30** milljónir manna hafa misst vinnuna í heiminum vegna kreppunnar, að sögn forstjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

**60** mál varðandi skattaálagningu söluréttarsamninga eru í vinnslu hjá Ríkisskattstjóra.

**BANKAHÓLFIÐ**

## Stórbóndi flytur

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, stórbóndi og forstjóri Saga Fjárfestingarbanka, áður Saga Capital, flutti fyrir nokkru með sextán manna búalið sitt frá Þóroddsstöðum í Reykjavík í splunkunýtt skrifstofuhúsnæði á fjórtándu hæð í Höfðatorgsturninum. Sextán starfa hjá Saga Fjárfestingarbanka og var orðið ansi þröngt um fólkið á Þoroddsstöðum. Ekki er þrengslum fyrir að fara á Höfðatorgi enda skrifstofan nýja sjö hundruð fermetrar. Það gerir tæpa 44 fermetra á mann.



## Stökk inn í nútímann

Flutningur Saga Fjárfestingarbanka í Höfðatorgsturninn er stórt stökk inn í nútímann. Þóroddsstaðir voru byggðir sem sveitabýli undir Öskuhlíð árið 1927. Í austasta hluta hússins var fjós, undir því haughús en hlöðuloft yfir. Býlið lá á sínum tíma að miklu landi og var búskapur stundaður þar fram á miðja síðustu öld. Heldur hefur þrengt að því. Bústaðavegur með sínum umferðarnið er nokkrum metrum frá húsinu og menningarsetur múslima á Íslandi á bæjarhlaðinu. Á móti er turninn við Höfðatorg með nýrri byggingum höfuðborgarinnar. Ekki sagði starfsfólk Sögu Fjárfestingarbanka algjörlega skilið við fortíðina við flutninginn en skemmtilegar myndir af Reykjavík fyrir og eftir aldamótin 1900 prýða veggi fyrirtækisins.



## Greitt í takt við breytta tíma

Þorvaldur Lúðvík, fyrrverandi bóndi á Þóroddsstöðum, sagði á starfsmannafundi á mánudag miklu skipta um flutninginn að þar hafi verið greidd leiga í takt við uppsveifluna árið 2007. Önnur og öllu ódýrari leiga mun vera við Höfðatorg. Hún hefur ekki verið gefin upp. Saga Fjárfestingarbanki hafði leigusamning til í maí 2012. Nýju leigjendurnir á Þóroddsstöðum, almannatengslafyrirtækið Góð samskipti, sem Andrés Jónsson stýrir, og markaðsstofan Vert, tóku við samningnum. Eftir því sem næst verður komist var ekki gerð breyting á leiguverði í takt við efnahagshrunið. Fyrirtækin greiða engu að síður í takt við breytta tíma og leggur Saga Fjárfestingarbanki það sem á vantar til að fylla upp í 2007 gatið.









skemmtilegri
ALLT ÞETTA FYRIR 229 KR. Á DAG*
Tryggðu þér áskrift strax!
SUNNUDAGA KL. 20:35
HLEMMAVÍDEÓ
Pétur Jóhann hefur enn og aftur slegið í gegn – nú í nýju 12 þátta spennandi gamandrama um ævintýri einkaspæjarans Sigga Hlemm.
LAUGARDAGA KL. 19:35
SPAUGSTOFAN
Eftirlætis laugardagsþáttur þjóðarinnar síðustu 20 árin fullkomnar glæsilega innlenda dagskrá Stöðvar 2.
E! CHANNEL FYLGIR FRÍTT MEÐ FRÁ 3. NÓV. Í 3 MÁN.
HEFST 15. NÓV.
GLEE
Glee fékk Golden Globe-verðlaunin sem besti gamanþátturinn í ár og Glee-æði gengur nú um allan heim. Misstu ekki af nýju þáttunum sem eru fullir af frábærum lögum og frægum gestaleikurum.
ÞAÐ ER AUÐVELT AÐ KAUPA ÁSKRIFT Á STOD2.IS
HEFST 30. NÓV.
MODERN FAMILY
Fjölskyldulífið hefur aldrei verið fyndnara en í Modern Family – besta gamanþætti ársins á síðustu Emmy-verðlaunahátíð. Ferskur, frumlegur, fyndinn og einstaklega hjartnæmur gamanþáttur fyrir alla fjölskylduna.
CHUCK
HEFST 16. NÓV.
ALGJÖR SVEPPI
ALLAR HELGAR KL. 8:00
GREY'S ANATOMY
MIÐVIKUDAGA KL. 20:55
LOGI Í BEINNI
FÖSTUDAGA KL. 20:20
*STÖÐ 2, STÖÐ 2 BÍÓ OG STÖÐ 2 EXTRA KOSTA AÐEINS 229 KR. Á DAG Í STÖÐ 2 VILD
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Hvað á að verða um Álftnesinga?

Sveitarstjórnarmál

Kristinn Guðmundsson
Álftnesingur



Nú er ár liðið frá því að óskað var eftir að Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga færi í saumana á fjárreiðum Sveitarfélagsins Álftanes og frá áramótum hefur bæjarstjórnin starfað samkvæmt samningi við fjárhaldsstjórn sem sveitarfélaginu var skipuð af ráðherra.

Samningurinn rennur út nú í lok október, svo það er ekki furða að spurningin brenni á vörum.

Litlar sem engar upplýsingar hafa verið gefnar um gang mála. Af fundargerð bæjarstjórnar, þann 29. júní, má sjá að bæjarstjórn valdi fulltrúa í nefnd sem á að reyna að gera samning við bæjarstjórn Garðabæjar og í framhaldi af því að móta tillögu um sameiningu bæjarfélagana. Af óskýrðum ástæðum ákvað meirihluti bæjarstjórnar að hafna boði Reykvíkinga um viðræður um sameiningamál.

Þann 28. september var gerð fyrirspurn á bæjarstjórnarfundi og óskað upplýsinga um hvernig liði undirbúningi að tillögu um sameiningu. Lítið varð um svör, en forseti bæjarstjórnar sagði að vinnan gengi vel og taldi miklar líkur á að tillaga um sameiningu lægi fyrir innan skamms. Þar gætir ósamræmis við álit Garðbæinga, því bæjarstjóri þeirra hafði lýst því yfir í viðtali við RÚV í vikunni áður, 21. september, að hann teldi ekki líklegt að Garðbæingar myndu samþykkja tillögu um sameiningu sveitarfélaganna. Hann sagði litla ástæðu til að efna til kosninga um slíka tillögu nema ríkið kæmi fyrst að málum og létti á skuldbindingum sveitarsjóðs Álftanesinga. Lái þeim hver sem vill, því hvaða hag ættu Garðbæingar að sjá sér í að taka við skuldum Álftnesinga, vitandi að reglulegar tekjur bæjarfélagsins duga ekki fyrir útgjöldum. Þannig hefur það verið í langan tíma og verður áfram nema rekstrarforsendum verði breytt.

Eina fyrirliggjandi áætlunin um aðgerðir til að skapa sjálfstæðan rekstrargrundvöll fyrir byggðarlagið gerir ráð fyrir uppbyggingu þjónustukjarna á Álftanesi og að búa í haginn fyrir atvinnu í kringum ferðaþjónustu og fræðslustarfsemi. Hugmyndin er að nýta sérstöðu Álftaness sem felst í spennandi náttúru, miklum tengslum við sögu þjóðarinnar og síðan en ekki síst mannauði og öflugum hópi listamanna í byggðarlaginu. En, svo má spyrja af hverju Garðbæingar ættu að sjá hag af því að styrkja slíka uppbyggingu út á Álftanesi, nú þegar þeir eru að basla við að leysa áform um endurnýjun miðsvæðis byggðarinnar heima fyrir. Kannski er það hvorki hagur Garðbæinga né Álftnesinga að þessi sveitarfélög sameinist. Það er nokkuð augljóst af framansögðu að í nafni hagræðingar munu Álftnesingar frekar missa þá nærþjónustu sem fyrir er á nesinu heldur en að það sé líklegt að hún eflist með sameiningu við Garðabæ. Þó ekki sé langt að fara Álftanesveginn, þá verður það leiðigjarnt að skreppa sí og æ eftir einhverju smáræði, og auk þess kostar það sitt. Í því sambandi er við hæfi að minnast þess að það var fyrir þrýsting frá sveitarstjórn Garðabæjar að dregið var úr ferðum strætisvagna út á nesið, en kostnaður af þeim akstri var að stórum hluta greiddur úr sveitarsjóði Garðbæinga vegna þess að vagninn ekur mestan hluta leiðarinnar innan þeirra sveitarmarka.

Fjallað er nánar um þessi mál, staðreyndir og rökstuddar vangaveltur, í skrifum fyrrverandi formanns skipulags- og bygginganefndar á Álftanesi, á http://alftaneshreyfingin.blog.is.

SCHMIDT
saltdreifarar



- sala
- varahlutir
- þjónusta

Nido

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

# Nýtt framboð

Hjálparstarf

Bjarni Gíslason
fræðslu- og upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar



Fermingarbörn hafa boðið sig fram. Ekki til stjórnlagaþings, ekki til Alþingis heldur til að hjálpa náunga sínum í Afríku. Þau hafa ekki boðað til funda og umræðna, til stefnumörkunar og áætlana um hvað skal gera í framtíðinni heldur framkvæma þau strax.

Fermingarbörn um allt land munu 1.-9. nóvember banka upp á hjá landsmönnum og leita eftir stuðningi við vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku. Þau banka upp á og kynna stefnumál sitt, að hjálpa jafnöldrum sínum í Afríku sem margir hverjir hafa ekki aðgang að hreinu vatni. Síðan bjóða þau þér að gera eitthvað í málinu með því að leggja þitt af mörkum í merkta og innsiglaða bauka frá Hjálparstarfinu.

Mörg fermingarbarnanna hafa hlustað á Stephen og Charity, góða gesti frá Úganda sem hafa sagt frá lífi sínu og uppvexti, hvernig þau urðu bæði munaðarlaus vegna þess að foreldrar þeirra dóu úr alnæmi. Erfiðri lífsbaráttu þar sem vatn og matur var af skornum skammti og hvernig stuðningur í gegnum vatnsverkefni Hjálparstarfsins hefur gefið von og bætt aðstæður til muna.

„Þau eru svo elskuleg og áhugasöm," sagði Charity um fermingarbörnin „og ótrúlega fórnfús og umhugað um að koma jafnöldrum sínum í fjarlægri álfu til hjálpar. Ég er lifandi dæmi um árangurinn. Án stuðnings Hjálparstarfs kirkjunnar væri ég enn þá fátæk ómenntuð stúlka með litla möguleika til betra lífs. En í dag er ég í háskólanámi og vonast eftir góðu starfi og þar með betra lífi fyrir mig og yngri systkini mín sem ég ber ábyrgð á."

Tökum framboði fermingarbarnanna vel, þau eru traustsins verð, styðjum stefnumál þeirra og leggjum okkar af mörkum.

AF NETINU

**Þjóðstjórn: rusl batnar ekki við aukið magn**

Hugmyndir um þjóðstjórn allra flokka er samsæri gegn almenningi. Þjóðin vill ná í skottið á spilltum stjórnmálamönnum í kosningum. Ef svar stjórnmálamanna er að rotta sig saman í þjóðstjórn er almenningi sýndur fingurinn. Eina rökrétta afleiðingin af lögmætiskreppu stjórnmálastéttarinnar er kosningar. Skynsamasta leiðin er að ríkisstjórn Jóhönnu Sig. segi af sér og starfsstjórn Vinstri grænna taki við í þrjá til fimm mánuði en þá verði kosið til alþingis.

pallvil.blog.is

**Páll Vilhjálmsson**

N1
N1 DEILDIN

HAFÐU AUGUN Á BOLTANUM!

Spennan magnast áfram í N1 deildinni. Við á N1 hvetjum alla unnendur skemmtilegs handbolta til að mæta nú á völlinn og styðja sitt lið til sigurs. Góða skemmtun!

N1 DEILD KVENNA

| | | |
|---|---|---|
| Valur - Fylkir | Vodafone höllin | 3. nóv. kl. 19:30 |
| Grótta - Stjarnan | Seltjarnarnes | 3. nóv. kl. 19:30 |
| Fram - ÍR | Framhús | 3. nóv. kl. 20:00 |
| Haukar - HK | Strandgata | 3. nóv. kl. 20:30 |

N1 DEILD KARLA

| | | |
|---|---|---|
| Valur - Akureyri | Vodafone höllin | 4. nóv. kl. 18:30 |
| FH - Fram | Kaplakriki | 4. nóv. kl. 19:30 |
| Afturelding - HK | Varmá | 4. nóv. kl. 19:30 |
| Haukar - Selfoss | Ásvellir | 6. nóv. kl. 15:45 |

N1 DEILD KVENNA – 6. umferð

| | | |
|---|---|---|
| ÍBV - HK | Vestmannaeyjar | 6. nóv. kl. 13:00 |
| ÍR - Valur | Austurberg | 6. nóv. kl. 16:00 |
| FH - Fram | Kaplakriki | 6. nóv. kl. 16:00 |
| Fylkir - Grótta | Fylkishöll | 7. nóv. kl. 16:00 |

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000
Meira í leiðinni

# Samfélags- og umhverfisvænn bankarekstur

Viðskipti


Lars Pehrson
framkvæmdastjóri Merkur Andelskasse


Steinn Kárason
umhverfishagfræðingur

Þrír norrænir bankar hljóta náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2010. Allir grundvalla þeir starfsemi sína á sjálfbærni. Þetta eru Merkur Andelskasse í Danmörku, Ekobanken í Svíþjóð og Cultura Bank í Noregi.

Stjórnmálamenn forðuðu nokkrum af stærstu bönkum heims frá falli árið 2008 til að koma í veg fyrir allsherjar öngþveiti sem orðið hefði við fyrirsjáanlegt gjaldþrot þeirra. Gríðarleg innspýting til banka af fé skattgreiðenda vakti reiði almennings og stjórnmálamenn stóðu frammi fyrir grundvalluppgjöri gegn spilltu fjármálakerfi og spákaupmennsku. Tveim árum eftir hrun eru frumdrög að hertum reglum um fjármálakerfið að taka á sig mynd. Lítilsháttar breytingar hafa orðið á regluverki en engin grundvallarbreyting. Áróðursmeistarar fjármálaheimsins eru klókir og áhrifamiklir og hafa eins og fyrir hrun einsett sér að stefna í þá átt sem þeim sjálfum hentar.

Þegar og ef næsta hrun verður munum við standa í nákvæmlega sömu sporum og 2008. Margir bankar eru of stórir til að falla og þess vegna munu ríkisstjórnir hlaupa undir bagga enn á ný. Stjórnmála- og bankastarfsmenn hafa átt í önnum við að móta starfsramma til að koma í veg fyrir annað hrun. Þeim er fullljóst að ef ný ógæfa dynur yfir af fullum þunga er engin von um björgun.

Rík ástæða er til að viðurkenna undirliggjandi orsakir fjármálakreppunnar sem eru inngrónar í rekstrarmódel bankanna og rörsýn þeirra á skjótfenginn gróða sem þróast hefur síðustu áratugi.

Peningar hafa rifið sig lausa frá hagkerfinu og „sjálfstæður fjármálamarkaður“ hefur verið búinn til. Ekki þykir óeðlilegt að unnt sé að græða peninga á því einu að færa þá til og frá í stað þess að skapa raunveruleg verðmæti í raunverulegu hagkerfi.

Á fjármálamörkuðum er unnt að græða hratt, í rauninni á fáeinum mínútum. Að því leyti er fjármálamarkaðurinn stórhættulegur samkeppnisaðili við raunverulega framleiðslu hvort sem málið snýst um að laða að fjármagn eða mannauð. Margt afburða fólk í fjármálageiranum vinnur við að úthugsa flóknar fjármálaafurðir sem samfélagið nýtur einskis góðs af heldur flýtur um á hringekju. Verðmæti sem þegar hafa verið framleidd en eru sett í huliðsbúning sem fáir sjá í gegn um. Ógagnsæjar „fjármálaafurðir“ voru ein af höfuðorsökum kreppunnar. Fátt er betra fyrir gengi hlutabréfa en væntingar um að fyrirtæki græði mikið í framtíðinni. Slík spilaborg gerir eigendum ekki aðeins kleyft að stinga í vasann innkomu dagsins heldur einnig framtíðartekjum! Með því að tengja laun framkvæmdastjóra við gengi hlutabréfa verða freistingar mönnum ofviða eins og sannast hefur í því að bankar keyptu hlutabréf í sjálfum sér til að halda uppi hlutabréfaverði. Þetta skammsýna og sjálfmiðaða rekstrarmódel ber feigðina í sér og má líkja við línudans yfir botnlausu hyldýpi.

Hefðbundin bankastarfsemi felst í því að móttaka og ávaxta sparnað og miðla áfram í formi lána til að uppfylla raunverulegar þarfir í samfélaginu og taka þátt í þróun þess. Bönkum er ætlað að vera farvegur fyrir peninga og mynda grunn fyrir heilbrigða innviði samfélagsins. Þetta er verkefni bankanna sem þarf að leysa á rekstrarlegum forsendum en reksturinn sem slíkur á ekki að vera verkefnið. Að sjálfsögðu eiga bankar að hagnast en að gróði sé forgangsatriði er að snúa hlutunum á hvolf. Hagnaður sem byggir á siðfræði og vistfræði dregur úr umhverfis- og útlánaáhættu.

Verðlaunabankarnir hafa notið vaxandi velgengni og trausts almennings á Norðurlöndum. Þeir, ásamt vaxandi fjölda banka, þjóna samfélaginu af réttlæti og sanngirni og efla umhverfis- og félagslega sjálfbærni til langs tíma með því m.a. að renna stoðum undir lífræna fæðuframleiðslu, sjálfbæra orku og mannsæmandi atvinnu- og búsetuúrræði fyrir alla þjóðfélagshópa.

Af niðurstöðum fjögurra rannsókna sem gerðar voru á umhverfis- og samfélagsframmistöðu íslenskra og norrænna banka á árunum 2000-2005 mátti álykta að umhverfisstjórnun væri vaxandi þáttur í starfsemi fjármálafyrirtækja, en fyrst og fremst vegna eigin hagsmuna, ekki vegna hagsmuna samfélags, náttúru né umhverfis. Siðfræðileg álitamál voru ekki ígrunduð. Umhverfisstjórnun íslenskra banka laut að innri starfsemi, hagræðingu í rekstri og ímyndaruppbyggingu sem tengist landgræðslu og skógrækt. Áhættumat vegna útlána var ekki unnið út frá umhverfissjónarmiðum, heldur sem samhengi áhættu og arðsemi. Í rannsókninni var umhverfis- og samfélagsframmistaða mæld. Íslensku bankarnir hlutu frá engu stigi upp í 7 af 12 stigum mögulegum. Norrænu bankarnir Nordea, Sampo og Storebrand hlutu 11 stig, WB, EBRD og NIB 12 stig en efstur var MERKUR með 17 stig. Hugmyndafræðin sem verðlaunabankarnir byggja rekstur sinn á og þekkingin sem rannsóknirnar leiddu í ljós var ráðamönnum þjóðarinnar og lykilfólki í bönkum í hendi fyrir hrun.

Samfélagið og bankarnir standa á vegamótum og geta lært af biturri reynslu bankahrunsins. Árangur verðlaunabankanna sýnir að ný og framsækin hugsun hefur sannað sig og knýr á um áherslubreytingar í stefnumótun og rekstri fjármálafyrirtækja ekki aðeins á Íslandi heldur um víða veröld. Markmiðið er stöðug velferð í samfélaginu með sjálfbærni að leiðarljósi. Siðfræði er fyrsta boðorðið af þremur í þessu samhengi, hin tvö eru vistfræði og hagfræði.

# Hvernig geta einstaklingar haft áhrif innan lífeyrissjóðanna?

Lífeyrissjóðir


Sigurveig Guðmundsdóttir
hagfræðingur á lífeyris- og verðbréfasjóðasviði Fjármálaeftirlitsins

Áberandi hefur verið í kjölfar efnahagskreppunnar á Íslandi hve margir einstaklingar hafa lýst yfir sterkum skoðunum á starfsemi lífeyrissjóðanna. Þar af eru margir ósáttir við fjárfestingar og ákvarðanir þeirra. Jafnframt eru háværar raddir uppi um að sjóðfélagar geti lítil áhrif haft á starfsemi sjóðanna. Þeim finnst stjórnendur ósnertanlegir og að þeir sjálfir séu valdalausir. Talsverð óánægja virðist því víða ríkjandi meðal almennra félagsmanna lífeyrissjóðanna.

Af þessu tilefni má benda á að það er ekki ritað í stein að starfsemi lífeyrissjóða eigi að vera óbreytt um aldur og ævi. Ef fólk vill breytingar eru þær mögulegar. Ekkert í lögum lífeyrissjóðanna segir til dæmis að stjórnir þeirra þurfi að vera skipaðar fulltrúum sveitarfélaga, vinnumarkaðarins eða annarra hagsmunaaðila. Þessari grein er ætlað að benda þeim sem vilja breytingar í lífeyrissjóði sínum á leiðir til að hrinda þeim í framkvæmd.

Stjórnir sjóðanna eru skipaðar í samræmi við samþykktir þeirra. Í samþykktunum kemur fram með hvaða hætti er skipt um stjórn, hvernig kosið er á fundum, vægi atkvæða og hvað sjóðfélagar eru upplýstir um. Þessar samþykktir eru breytanlegar. Það sem hinn almenni félagi þarf því að gera er að fá aðra félaga með sér í að þrýsta á að stjórnirnar breyti samþykktum í þá átt sem þeir kjósa. Í samþykktum nokkurra sjóða kemur fram að ekki sé hægt að breyta þeim án samþykkis ákveðinna aðila. Þá þarf að fá þá aðila til að taka það ákvæði út úr samþykktunum.

Lífeyrissjóðirnir eru eign sjóðfélaga viðkomandi sjóða og eiga því að þjóna þeim. Samþykktir geta hljóðað nánast hvernig sem er svo fremi sem þær samrýmast lögum og að lágmarksupplýsingar komi þar fram. Í þeim er til dæmis hægt að kveða á um að kosningar fari fram á ársfundum og að allir sjóðfélagar hafi kosningarétt. Einnig að ítarlegar upplýsingar um fjárfestingar lífeyrissjóðsins séu veittar sjóðfélögum til dæmis í hálfs árs yfirliti eða ársreikningum.

Margir lífeyrissjóðir veita upplýsingar af þessu tagi í ársreikningi en mjög misjafnt er hversu ítarlegt það er. Ef vilji er fyrir hendi er hægt að ganga svo langt að hafa raunverulegt lýðræði í lífeyrissjóðum þar sem hvert atkvæði sjóðfélaga telur og hann fær að kjósa um hverjar breytingar sjóðsins, stjórnina og jafnvel í hverju á að fjárfesta. Þetta felur þá jafnframt í sér að sjóðfélagar þurfa að kynna sér málin, mæta á ársfundi og vera meðvitaðir um að þeir hafi rödd eða atkvæði.

Til þess að sjóðfélagi geti komið ábendingum á framfæri um eitthvað sem betur mætti fara í samþykktum eða gert kröfu um að stjórn lífeyrissjóðs upplýsi um tiltekin atriði í rekstrinum, er algengasta verklagið að tillaga skuli send til stjórnar með 6-8 vikna fyrirvara fyrir ársfund. Nákvæmara verklag varðandi breytingar á samþykktum er hins vegar tilgreint í samþykktum hvers sjóðs fyrir sig, en samþykktirnar er hægt að nálgast á heimasíðum lífeyrissjóðanna eða á skrifstofum þeirra.

Hlutverk Fjármálaeftirlitsins er að gæta þess að eftirlitsskyldir aðilar fari að lögum og lögin beinast fyrst og fremst að því að gæta hagsmuna sjóðfélaga. Fjármálaeftirlitið hefur enga skoðun á samþykktum sjóðanna aðrar en að þær skuli vera í samræmi við lög. Þessum línum er ætlað að benda á leiðir sem almennir sjóðfélagar sem vilja breytingar geta farið, vilji þeir breyta samþykktum lífeyrissjóðanna. Leiðirnar velja þeir sjálfir.





*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurrós Guðbjörg Þórðardóttir**

frá Klúku í Miðdal, síðar til heimilis á Hólmavík,

lést föstudaginn 29. október á Heilbrigðisstofnuninni á Hólmavík. Útförin fer fram frá Hólmavíkurkirkju laugardaginn 6. nóvember klukkan 11.

**Sverrir Guðbrandsson**

| | |
|---|---|
| **Guðbrandur Sverrisson** | **Lilja Þóra Jóhannsdóttir** |
| **Þórður Sverrisson** | **Ingibjörg Elísa Fossdal** |
| **Matthildur G. Sverrisdóttir** | **Ingimundur Benediktsson** |
| **Aðalbjörn Guðm. Sverrisson** | **Ekaterina Mishchuk** |
| **Björn Halldórs Sverrisson** | **Helga Berglind Gunnarsdóttir** |
| **Ragnar Rúnar Sverrisson** | **Dýrfinna Petra Hansdóttir** |
| **Heiðrún Rósa Sverrisdóttir** | **Ragnar Guðmundur Gunnarsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sæmundur Kristinn Klemensson**

Vatnsholti 7a, Reykjanesbæ,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut, 28. október síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Útskálakirkju, fimmtudaginn 4. nóvember kl. 15.00.

**Soffía G. Ólafsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Ólafur Gunnar Sæmundsson** | **Hjálmfríður Kristinsdóttir** |
| **Klemenz Sæmundsson** | **Katrín Sigurðardóttir** |
| **Hlíðar Sæmundsson** | |
| **Guðjónína Sæmundsdóttir** | |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástvinur okkar,*

**Betúel Betúelsson**

Fjarðarseli 11,

lést á Landspítala Fossvogi 28. október. Útförin fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 9. nóvember kl. 13.

**Hrafnhildur Inga Guðjónsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Stefán Örn Betúelsson** | **Ólöf Berglind Halldórsdóttir** |
| **Guðjón Arnar Betúelsson** | **Hanna Kristjana Gunnarsdóttir** |
| **Hildur Björk Betúelsdóttir** | **John Mar Erlingsson** |

**og barnabörn.**



*Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Þórhildur Guðbrandsdóttir**

Mosgerði 14, 108 Reykjavík,

lést á Landakoti 30. nóvember. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 8. nóvember kl. 13.

**Arnór G. Jósefsson**
**Sigursteinn Jósefsson, Ólöf Hilmarsdóttir Reynir Jósefsson, Unnur Bergþórsdóttir Ólafur G. Jósefsson, Anna María Markúsdóttir Arndís Jósefsdóttir, Jón Ragnarsson börn, barnabörn og langömmubörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Bjarni Friðriksson**

frá Ystabæ í Aðalvík, Aðalgötu 5 í Keflavík,

lést á Garðvangi í Garði laugardaginn 30. október sl. Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudag 9. nóvember kl. 11 árdegis.

**Anney Guðjónsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Elsa Kjartansdóttir** | **Axel Ingvarsson** |
| **Guðjón Bjarnason** | **Guðrún Halla Jónsdóttir** |
| **Helga Bjarnadóttir** | **Hrafn Ásgeirsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær fóstra mín og systir okkar,*

**Jakobína Fanney Þórhallsdóttir**

sem lést þann 26. október, verður jarðsungin frá Grenivíkurkirkju laugardaginn 6. nóvember kl. 13.00.

**Frímann Svavarsson,**
**Guðjón Þórhallsson, Svavar Þórhallsson og Gunnlaugur Þórhallsson.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Ingi R. Jóhannsson**

löggiltur endurskoðandi og skákmeistari, Sævargörðum 2, Seltjarnarnesi,

lést á líknardeild Landakots laugardaginn 30. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 8. nóv. kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Sigþrúður Steffensen**
**og fjölskylda.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Sigurðsson**

Snorrabraut 33, Reykjavík,

sem lést þann 26. október 2010, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 4. nóvember kl. 15.00.

**Sandra Róbertsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Arnfinnur Róbert Einarsson** | **Helga Júlíusdóttir** |
| **Sigrún Stella Einarsdóttir** | **Örn Didier Jarosz** |
| **Helena Hörn Einarsdóttir** | **Ásgeir Þór Tómasson** |

**afa- og langafabörn.**



*Elskulegi faðir okkar, afi, sonur, bróðir, mágur og vinur,*

**Guðmundur Teitur Guðbjörnsson**

frá Svalbarði á Vatnsnesi,

andaðist sunnudaginn 24. október sl. Útförin fer fram í Tjarnarkirkju föstudaginn 5. nóvember n.k. kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðbjörn Breiðfjörð og Sigurlaug Helga Árnadóttir.**





**HEFÐIR OG NÝJUNGAR** Hans sýnir bæði hefðbundin hljóðfæri og nýstárlegar prótótýpur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HANS JÓHANNSSON:** SÝNIR NÝSTÁRLEG STROKHLJÓÐFÆRI Í SCANDINAVIA HOUSE

## Sýnir í New York

Sýning á verkum fiðlusmiðsins Hans Jóhannssonar og fjölda annarra framsækinna norrænna hönnuða, myndlistarmanna og handverksfólks stendur yfir í Scandinavia House í New York um þessar mundir. Sýningin er haldin í tilefni af 100 ára afmæli American Scandinavian Foundation og þess að tíu ár eru síðan Scandinavia House var opnað á Park Avenue. Þar má sjá verk norrænna arkitekta, vöruhönnuða, grafískra hönnuða, fatahönnuða, ljósmyndara og myndlistarmanna. Auk Hans eru sex íslenskir hönnuðir með verk á sýningunni en sýningin hans fær þó sérstakt vægi.

Hvernig stendur á því? „Sýningarstjórar sýningarinnar starfa fyrir norsku arkitektastofuna Snöhetta, en starfsmenn hennar teiknuðu meðal annars Óperuhúsið í Ósló og taka þátt í uppbyggingunni á Ground Zero þar sem tvíburaturnarnir í New York stóðu. Þeir höfðu samband við mig en ég held að það hafi vakið athygli þeirra að ég hef verið að leika mér svolítið við að búa til strokhljóðfæri sem vísa í arkitektúr og fagurfræði nútímans. Þá hef ég líka unnið með hljóðfæri sem byggja á náttúrulegum formum plantna, skordýra og ávaxta svo dæmi séu tekin. Þetta er svona gæluverkefni en mitt aðalstarf er þó að smíða hefðbundnar fiðlur, víólur og selló,“ segir Hans. Hann segir hefðbundnar fiðlur endurspegla nákæmlega byggingarlist barokktímans. „Ég hef hins vegar leikið mér að því að búa til strokhljóðfæri með vísun í byggingarlist samtímans ásamt því að nota tækni og aðferðafræði sem er aðgengileg í dag.“ Hans segir suma fiðlusmiði til dæmis hafa tileinkað sér nútíma sveiflufræði við að mæla hreyfingu hljóðfæra sinna sem segir til um hvernig þau muni hljóma. „Þetta er í raun sama aðferð og menn nota við að byggja hús og brýr. Á sýningunni er ég með tvö hefðbundin hljóðfæri og tvær prótótýpur af nýstárlegum fiðlum ásamt þrívíðum skyssum með frekari hugmyndum.“

Hans segir þó alls enga ástæðu til að skipta hefðbundnum hljóðfærum út fyrir ný. „Það er hins vegar gaman og nauðsynlegt að fá að leika sér og gera tilraunir.“ **vera@frettabladid.is**

## Dansað á toppinn

Sýningin „Dancing to the top“ eftir skoska ljósmyndarann Brian Sweeney stendur nú yfir í Gallerí Auga fyrir auga, Hverfisgötu 35. Myndirnar eru grafískar ljósmyndir unnar í samvinnu við Graphical House í Glasgow.

Brian Sweeney hefur stundað ljósmyndun í 20 ár og hefur víða komið við á ferlinum, haldið fjölda sýninga og unnið til verðlauna fyrir myndir sínar. Hann bjó í Reykjavík um tíma og vann þá með fjölda íslenskra tónlistarmanna til dæmis Apparat, Trabant, Botnleðju og fleirum. Einnig gerði hann myndaseríuna „Great Stadiums of Iceland“ sem vann til Adidas verðlauna.

Myndirnar á sýningunni fjalla um hjólreiðar, sem Brian stundar af ástríðu með félögunum. Þær sýna



**HJÓLAÐ AF ÁSTRÍÐU** Myndirnar sýna hjólreiðar í ýmsu ljósi.

hraðann og frelsið við það að hjóla um fjöll og firnindi.

Sýningin er opin miðvikudaga til laugardaga frá klukkan 14 til 17 og stendur til 20. nóvember.

Nánari upplýsingar um Sweeney er að finna á www.sweeneypix.com og www.briansweeneyphotography.com

**ÚTLAGAR** EFTIR SIGURJÓN MAGNÚSSON

# ÖRLAGASAGA



Um miðjan sjötta áratuginn halda íslenskir sósíalistar til náms í Austur-Þýskalandi. Þar eystra bíður þeirra annar veruleiki en marga dreymir um. Dramatísk skáldsaga um leit ungs fólks að ást og sjálfstæði í skugga hryllilegrar styrjaldar í Evrópu og hatrammra átaka á Íslandi.

DYNAMO REYKJAVÍK

BJARTUR




Sögulegir atburðir lifna við

Útgáfuboð í Eymundsson Skólavörðustíg kl. 5 í dag! Tilboð í tilefni dagsins. Allir velkomnir!




Styrktu fjölskylduna
með góðu aðgengi að bókum

GERÐU LESTUR AÐ LÍFSSTÍL

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** teikniblek, 6. mannþvaga, 8. rými, 9. svörður, 11. í röð, 12. pjátur, 14. miklu, 16. karlkyn, 17. rangl, 18. farfa, 20. vörumerki, 21. truflun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** magi, 3. rún, 4. pikkles, 5. skilaboð, 7. glæjur, 10. bók, 13. sönghús, 15. fiskur, 16. nögl, 19. nesoddi.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. túss, 6. ös, 8. rúm, 9. mór, 11. rs, 12. blikk, 14. stóru, 16. kk, 17. ráf, 18. lit, 20. ss, 21. ónáð.
**LÓÐRÉTT:** 1. vömb, 3. úr, 4. súrkrás, 5. sms, 7. sólskin, 10. rit, 13. kór, 15. ufsi, 16. kló, 19. tá.


ting
Norræn listahátíð
*Nordisk kulturfestival*
Reykjavík
í dag

17:00 Fyrirlestur Tjarnarbíó
*Um listræna sköpun*
Per Zetterfalk

09:00—11:00 Styrkir *Norrænir styrkjamöguleikar* Norræna húsið
14:00—16:00 Styrkir *Norrænir styrkjamöguleikar* Norræna húsið
Myndlist *Ormurinn ógnarlangi*
Söguheimur norrænnar goðafræði
Menningarmiðstöðin Gerðuberg

www.norraenahusid.is/ting 28.10.—7.11.2010



# Ný frímerki

*Safnaðu litlum listaverkum*

Á morgun 4. nóvember gefur Íslandspóstur út jólafrímerkin í ár ásamt tveimur öðrum frímerkjaröðum. Myndefni jólafrímerkjanna er hringurinn í litum vetrarins. Þemu hinna frímerkjanna eru „Einfarar í íslenskri myndlist“ og dagblaðið Vísir, fyrsta eiginlega dagblað á Íslandi, 100 ára. Einnig er boðið upp á Jólaprýði Póstsins 2010 í gull- og silfurlit.




Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni.
Sími: 580 1050 Fax: 580 1059
Netfang: stamps@postur.is
Heimasíða: www.stamps.is

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN


# Norrænir frændur eða fjendur?

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**

Í hvert sinn sem ég heyri hástemmdar ræður um frændur okkar á hinum Norðurlöndunum taka sig upp gömul meiðsli innra með mér.

**ÞETTA** eru sár frá þeim skelfilega tíma þegar ég var rétt hálf þroskaður unglingur en jafnöldrur mínar voru orðnar að konum. Vöxtur þeirra varð allt í einu svo kvenlegur að ég fékk hormónakipp í nefið sem á þessum tíma náði nánast eyrna á milli. Ég var ekki enn farinn að raka mig en greiddi mér þó reglulega í framan. Það gekk því afar illa að reyna við bekkarsysturnar enda voru þær flestar uppteknar með eldri og mér þroskaðri piltum.



**EN** sálartetrið bætti mér stundum upp þessar ófarir með því að bregða upp þessum líka fínu draumum meðan ég svaf. Þar var ég svo mikill töffari að jafnöldrur mínar kiknuðu í hnjánum, féllu í fang mér og sögðu með stjörnurnar í augunum: „taktu mig með þér heim, Jón.“

**Á** þessum draumum var þó tvenns konar galli. Í fyrsta lagi var hann venjulega búinn áður en ég komst með þær heim og í öðru lagi fóru þessar draumfarir alveg fram hjá bekkjarsystrum mínum þó þær hefðu verið þar í aðalhlutverki. Mættu þær mér því með sama áhugaleysinu daginn eftir, rétt eins og ekkert hefði í skorist. Þetta olli mér fyrrnefndum sárum.

**SAMA** á við um Norðurlöndin og bekkjarsystur mínar. Alla ævi hef ég heyrt draumkennt tal um frændur okkar á hinum Norðurlöndunum, vini okkar í nágrannalöndunum, Norðurlanda hitt og norræna þetta. Síðan fer ég til útlanda þar sem ég er borinn á höndum af allra þjóða kvikindum fyrir það eitt að vera Íslendingur. Það er nánast ávísun á vinskap og skemmtilegar umræður að gefa upp þjóðerni sitt hér ytra nema þá þegar viðmælandinn er frá hinum Norðurlöndunum. Ísland er álíka vinsælt og fyrirtíðarspenna hjá þessum norrænu „vinum okkar“ sem ég hef hitt fyrir og þeir eru all margir. Og það sem meira er, þeir snúa upp á sig með hortugheitum um leið og þeim er ljóst að ég er brotinn af íslensku bergi.

**ÉG** er orðinn svo hvekktur að ég velti því fyrir mér hvort þessi norræna frændsemi sé, eftir allt saman, sér íslenskur draumur sem hafi gjörsamlega farið fram hjá hinum Norðurlöndunum.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




máltíð
mánaðarins
á kfc
Gamli
góði
kjúklinga
borgarinn
899
kr.
svooogott í 30 ár™
www.kfc.is
0gr.
trans-
fita
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI

# BYSSU-SKÁPAR

ÞAÐ BESTA SEM VIÐ BJÓÐUM

## Úrval af byssuskápum og peningaskápum í BYKO!



Verð frá 29.900

Vnr. 67090228/30

**Byssuskápar**

**Fyrir 3 byssur**
4 mm veggþykkt. 5 cm þykkt í hurð. Utanmál: 1250x240x200 mm.

**Fyrir 7 byssur**
3 mm veggþykkt. Læst skotfærageymsla, 5 cm þykkt í hurð. Utanmál: 1450x350x300 mm.

GERÐU VERÐ-SAMANBURÐ!



11.900

BYKO

Vnr. 67090105

**Peningaskápur**
Peningaskápur, 229x405x335 cm.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

EXPO · www.expo.is


**> TÁBROTIN STJARNA**

Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian tábrotnaði fyrir skömmu þegar hún datt um ferðatösku. Slysið átti sér stað á hótelherbergi í New York.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Upptökur í bílskúr

Rokksveitin Foo Fighters er að taka upp nýjustu plötu sína í bílskúrnum heima hjá forsprakkanum Dave Grohl. Hann er ánægður með fyrirkomulagið því þá getur hann sinnt fjölskyldunni í leiðinni en hann á tvær dætur sem eru eins árs og fjögurra ára. „Ég get ræst krakkana á morgnana. Ég elska börnin mín, þau eru virkilega fyndin. Ég get ekki beðið eftir því að ná þeim upp úr rúmunum og undirbúa þau fyrir leikskólann. Stundum vinn ég heimilisstörfin, ryksuga og þurrka, og keyri síðan börnin í leikskólann.

Svo fer ég í bílskúrinn minn og fer að vinna. Tónlistin sem við erum að taka upp er mjög þung,“ sagði Grohl í viðtali við The Sun. „Það góða við að búa til plötu heima hjá sér er að klukkan 18.30 eru börnin að borða kvöldmat og ég get verið hjá þeim, sett þau í bað og lesið fyrir þau áður en þau fara að sofa. Eftir það get ég farið aftur í bílskúrinn og haldið áfram að rokka.“



**DAVE GROHL** Rokkarinn sinnir heimilisstörfunum þegar hann er ekki að taka upp plötuna sína.

# Ég er svona nett ofvirk

„Tilfinningin var ólýsanleg,“ segir Þórdís Björk Þorfinnsdóttir sem vann Vælið, söngkeppni Verzlunarskólans, á föstudaginn með laginu „Miss Celie's Blues“.

Þórdís Björk, sem er á lokaárinu sínu í Verzló, fer með hlutverk í söngleiknum Draumurinn sem nemendamótsnefnd Verzlunarskólans setur upp og verður frumsýndur 3. febrúar. „Tónlist og söngur eru mín aðal áhugamál,“ segir Þórdís, en hún lætur sér ekki nægja að taka þátt í söngkeppnum og söngleikjum, heldur er hún líka í Listafélagi Verzlunarskólans sem frumsýnir verkið „Blúndur og blásýra“ næstkomandi föstudag.

„Mér finnst best að hafa mikið að gera, ég er svona nett ofvirk. Í byrjun skólaársins lofaði ég sjálfri mér að einbeita mér nú í eitt skipti fyrir öll að náminu, en það breyttist eitthvað aðeins,“ segir Þórdís. **- ka**



**ER MARGT TIL LISTA LAGT** Þórdís Björk Þorfinnsdóttir sigraði í söngkeppni Verzlinga nýverið. Hún fer með hlutverk í söngleiknum Draumnum ásamt því að vera í Listafélagi Verzlunarskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


## Munum að næra hendurnar
um leið og við tökum glöð á móti vetrinum.

Hand and Nail Treatment Cream

Nærir, mýkir, endurnýjar

3. – 16. nóvember fylgir rakakrem frá Clarins að verðmæti um 3.000 kr með öllum handáburðum.
*Gildir meðan birgðir endast.

Leiðbeinandi verð á handbáburði er 3.200 kr.




Vitum hvað *konur vilja*

CLARINS
PARIS

# ÚLPUR!

## NÝ SENDING

### AF HLÝJUM OG GÓÐUM ÚLPUM

## FRÁBÆRT VERÐ!



DÖMUÚLPA
FRÁBÆRT VERÐ
11.990

**NORTHBROOK SAGA PARKA**
Hlý vetrarúlpa úr polyester og bómull. Litir: Svört, rauð. Dömustærðir.



16.990

**NORTHBROOK BLIZZARD W PARKA**
Vetrarúlpa úr vindheldu efni sem hrindir frá sér vatni. Hettu og loðkraga má taka af. Litir: Ljósbrún, svört. Dömustærðir.



29.990

DÖMU- OG HERRA-STÆRÐIR

**MCKINLEY KIMBERLY JACKET**
Vönduð dúnúlpa úr Exodus útivistarefni með 5.000 mm vatnsheldni. Hettu og loðkraga má taka af. Litir: Hvít, svört, rauð. Dömustærðir. Litir: Blá, svört, rauð. Herrastærðir.



DÖMUÚLPA
FRÁBÆRT VERÐ
15.990

**FIREFLY PETRA W PARKA**
Hlý vetrarúlpa sem er vindheld og hrindir frá sér vatni. Litir: Fjólublá, svört. Dömustærðir.



19.990

**MCKINLEY PINE W JACKET**
Úlpa úr Exodus útivistarefni með 5.000 mm vatnsheldni. Litir: Rauð, ljósbrún, svört. Dömustærðir.



HERRAÚLPA
FRÁBÆRT VERÐ
16.990

**NORTHBROOK BLIZZARD M PARKA**
Vetrarúlpa úr vindheldu efni sem hrindir frá sér vatni. Hettu og loðkraga má taka af. Litir: Brún, svört, rauð. Herrastærðir.



19.990

**MCKINLEY CASTLE JACKET**
Úlpa úr Exodus útivistarefni með 5.000 mm vatnsheldni. Litir: Blá, svört, ljósbrún. Herrastærðir.

INTERSPORT

**AKUREYRI SÍMI 460 4890** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDIR SÍMI 585 7260** OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI SÍMI 856 4610** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND SÍMI 585 7240** OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO • www.expo.is

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | 5.50, 8 og 10.10(POWER) | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | 5.50 - ISL TAL | L |
| TAKERS | 8 og 10.10 | 16 |
| THE SOCIAL NETWORK | 7.30 og 10.10 | 7 |
| AULINN ÉG | 6 - ISL TAL | L |

BESTA SKEMMTUNIN
SAMBÍÓIN




LANGFLOTTASTA ÞRÍVÍDDAR MYNDIN SÍÐAN AVATAR










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| LET ME IN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE SWITCH | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE TOWN | kl. 6 - 9:15 | VIP |
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ÍSL TAL | kl. 6 | 7 |
| LET ME IN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| THE SWITCH | kl. 8 | 10 |
| ÓRÓI | kl. 10:10 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LET ME IN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE SWITCH | kl. 8 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| LEGEND OF THE GUARDIANS-3D ótxt Ensku | kl. 5:50 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 10:10 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 | 7 |
| THE AMERICAN | kl. 10:20 | 16 |
| ÓRÓI | kl. 8 | L |
| REMEMBER ME | kl. 10:20 | 10 |

NÝTT Í BÍÓ!




*SMÁRABÍÓ
SÍMI 564 0000 FULLKOMIN GÆÐI

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| MACHETE LÚXUS | kl. 10.20 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 3.40 | L |
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10.40 | 16 |
| TAKERS | kl. 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| BRIM | kl. 4 - 6 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 8 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.40 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 | L |

facebook.com/smarabio
AUKAKRÓNUR 5%

**HÁSKÓLABÍÓ
SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KIDS ARE ALLRIGHT | kl. 8 - 10.15 | 12 |
| MEÐ HANGANDI HENDI | kl. 6 | L |
| INHALE | kl. 6 - 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 6 - 9 | 7 |
| BRIM | kl. 6 - 8 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | KL. 10 | L |

BORGARBÍÓ
SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | kl. 8 - 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 6 | L |
| TAKERS | kl. 10.15 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 | 7 |
| BRIM | kl. 6 | 12 |


Tónlist ★★

**Upp og niður stigann**

Sálin hans Jóns míns og Stórsveit Reykjavíkur

## Engin flugeldasýning




Sálin hans Jóns míns er ein fremsta hljómsveit íslenskrar dægurlagasögu. Um það verður ekki deilt. Sveitin hefur gert frábæra hluti. En hún hefur líka slegið sínar feilnótur. Eins og allir myndu gera á jafn farsælum ferli. Upp og niður stigann, fyrsta hljóðversplata Sálarinnar í fimm ár, fellur því miður í síðarnefnda flokkinn. Sálin nýtur liðstyrks Stórsveitar Reykjavíkur á plötunni en samstarfið nær ekki þeim hæðum sem maður getur gert kröfu um þegar slíkir fagmenn taka höndum saman.



Vandamálið við Upp og niður stigann er ekki skortur á fagmennsku. Síður en svo. Hljóðfæraleikurinn og sándið er eins gott og á verður kosið. Og platan er ekkert vond, hún er bara ekki nógu skemmtileg. Fyrir utan hefðbundna „Sálarlagið" *Fyrir utan gluggann þinn* og Jens Hanssonslagarann *Á morgun kemur annar dagur* þá er ekkert sem æsir upp í manni Sálardýrið. Byrjunin á *Meira en nóg* bauð upp á eitthvað verulega forvitnilegt en svo fjarar undan laginu. Því miður. Að öðru leyti eru lagasmíðarnar frekar lítið spennandi, útsetningarnar eru ekki nein flugeldasýning eins og maður hefði fyrirfram búist við af samstarfi Samúels J. Samúelssonar, blásarameistara íslenska lýðveldisins, og Guðmundi Jónssyni, gítarriffkóngi þjóðarinnar. Og þegar ég hugsa betur um plötuna þá er eiginlega mesta svekkelsið að Sálinni tekst ekki að koma mér á óvart.

Þar sem ég er laumufarþegi í Sálarskipinu og mér hefur fundist sveitin verða betri og betri með aldrinum þá er Upp og niður stigann ákveðið skipbrot; það er ekkert alvarlegt en Sálin getur einfaldlega betur. **Freyr Gígja Gunnarsson**

**Niðurstaða:** Það skortir ekkert upp á fagmennskuna á Upp og niður stigann en hún nær hins vegar ekki þeim hæðum sem hægt er að gera kröfu um þegar slíkir fagmenn taka höndum saman.

# Bon Jovi hundleiðist

**Rokkaranum Jon Bon Jovi úr hljómsveitinni Bon Jovi, leiðist lífið þrátt fyrir gott gengi í tónlistinni. „Ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá er ég of þungur, drekk of mikið og mér hundleiðist," sagði hann við The Guardian. „Ég er ekki þessi feita Elvis-týpa og ég lít sæmilega út þrátt fyrir að vera 48 ára. En ég er loksins orðinn sáttur við að eldast."**



**BON JOVI** Rokkaranum hundleiðist þrátt fyrir gott gengi í tónlistinni.

# Tveir stórir safnpakkar

**Safnpakkinn 100 vinsæl barnalög er kominn út og einnig Jólapakkinn. Barnalagapakkinn hefur að geyma fimm plötur. Auk hefðbundinna vinsælla barnalaga eru á plötunum lög úr barnaleikritum, lög úr Vísnabókinni og leikskólalög. Í Jólapakkanum eru jólaplöturnar Ellý og Vilhjálmur syngja jólalög, Um jólin með Björgvini Halldórssyni, Ljósin heima með Páli Óskari og Moniku, Skemmtilegustu lög Gáttaþefs með Ómari Ragnarssyni, sem er að koma út á geislaplötu í fyrsta sinn, og safnplatan Jól alla daga sem hefur verið uppseld í langan tíma.**


BÍÓ ★ PARADÍS CAFÉ BAR

| | |
|---|---|
| SUBMARINO | 20:10 |
| THE GOOD HEART | 22:10 |
| STEAM OF LIFE+VISITOR | 18:10 |
| VETRARKOSS (VINTERKYSS) | 18:30 |
| GITMO | 22:30 |
| MEÐ HANGANDI HENDI (L) | 18:20, 20:20 |
| ÁFRAM STELPUR! (MADE IN DAGENHAM) (L) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| NORÐ VESTUR (SÍÐUSTU SÝNINGAR) (L) | 20:30 |
| AMERÍKANINN (SÍÐUSTU SÝNINGAR) (14) | 22:20 |

AÐGANGSKORT: ALLT AÐ 37% AFSLÁTTUR!







ALLTAF
BETRA VERÐ
FARTÖLVA
MSI FX600
2.66GHz Intel Core i5-450M örgjörvi • 4GB DDR3 minni • 500GB SATA diskur • 15,6" HD LED breiðskjár • nVidia GT325M skjákort • Bluetooth • DVD og CD skrifari • 720p vefmyndavél • 6-hólfa Li-ion rafhlaða • THX Certified hljóðkerfi með 4 hátölurum • Windows 7 Home Premium 64-bit
15,6"
159.990
FULLT VERÐ KR. 179.990
FARTÖLVA
Acer Aspire 5741-334G32Mn
2.13GHz Intel Core i3-330M Dual core örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 320GB SATA diskur • DVD og CD skrifari • 15.6" WXGA LED CineCrystal breiðskjár • Intel HD Graphics 4500M skjákort • Vefmyndavél • Windows 7 Home Premium - 64-BIT
15,6"
119.990
FULLT VERÐ KR. 129.990
FORSALA
LEIKURINN KEMUR TIL LANDSINS 7. DES.
World of Warcraft Cataclysm
Expansion pakki með hækkun á level í 85, tveir nýjir kynþættir: Worgen og Goblins, nýtt profession: Archaeology, 3000 ný quest, flying mounts í Azeroth o.fl.
5.990
H264 SPILARI
DViCO TViX S-1 H.264
Háskerpu H.264 margmiðlunarspilari fyrir alla staðla. VFD skjár, USB, LAN, HDMI, Optical tengi o.fl. Spilar af USB lyklum, eSATA, USB flökkurum eða tölvum yfir LAN.
34.990
1 TB
USB FLAKKARI
WD Elements 1 Terabyte
1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0.
1.5TB 19.990
13.990
FJÖL-NOTA TÆKI
Epson SX218
Prentari og skanni sem prentar A4 í 5760 x 1440p upplausn og skannar í 1200 x 2400. Kortalesari. USB. Windows og Mac.
12.990
Logitech Z313 HÁTALARAR
25W 2.1 hátalarakerfi með bassaboxi og snúrutengdri fjarstýringu með heyrnatólatengi.
11.990
21.5"
LCD SKJÁR
Philips 226CL2SB
21,5" W-LED breiðskjár með 1920x1080p upplausn, 20,000,000:1 dýnamískri skerpu og 2ms svartíma.
2ms svartími
42.990
SKJÁ KORT
MSI ATI Radeon R5830 Twin Frozr II
1024MB skjákort með GDDR5 minni, DVI, PCI Express x16 2.1, HDMI ofl. Styður OpenGL 3.2.
39.990
Logitech G700 LEIKJAMÚS
Þráðlaus leikjamús með 13 Macro tökkun, nano sendi, leikjalaser, minni fyrir 5 stillingar, LED skjá og USB tengingu. Endurhlaðanleg með USB.
21.990
300MPS SENDIR
PLANET WNAP-1120
Þráðlaus N 300 Mbps aðgangspunktur með tveimur loftnetum fyrir aukin styrk og flutningshraða.
9.990
VAXTALAUS TÖLVULISTALÁN
Bjóðum allar fartölvur með sex mánaða vaxtalausum greiðslum
BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI
KASKÓTRYGGING FRÁ VERÐI
Kynntu þér fartölvukaskó sem tryggir fartölvuna þína í leik og starfi
F-Prot Antivirus - Lykla-Pétur - Fimm leyfi
VELJUM ÍSLENSKT
SKÓLA TILBOÐ
TÖLVULISTINN
TL.IS
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR
NÓATÚNI 17 SÍMI 414 1700
GLERÁRGÖTU 30 SÍMI 414 1730
MIÐVANGI 2-4 SÍMI 414 1735
HAFNARGÖTU 90 SÍMI 414 1740
AUSTURVEGI 34 SÍMI 414 1745
REYKJAVÍKURVEGI 66 SÍMI 414 1750

# sport

sport@frettabladid.is



**GUNNAR KRISTJÁNSSON** samþykkti í gær að skrifa undir tveggja ára samning við FH líkt og Fréttablaðið sagði að hann myndi gera. Gunnar kemur til félagsins frá KR en þar fékk hann fá tækifæri og var því lánaður til FH um mitt síðasta sumar. Honum líkaði greinilega vistin vel fyrst hann verður áfram í Krikanum.

*Meistaradeild Evrópu:*

**A-RIÐILL:**

Tottenham-Inter 3-1
1-0 Rafael van der Vaart (18.), 2-0 Peter Crouch (61.), 2-1 Samuel Eto´o (79.), 3-1 Roman Pavlyuchenko (89.)

Werder Bremen-Twente 0-2
0-1 Nacer Chadli (81.), 0-2 Luuk de Jong (84.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Tottenham | 4 | 2 | 1 | 1 | 12-8 | 7 |
| **Inter** | **4** | **2** | **1** | **1** | **11-8** | **7** |
| Twente | 4 | 1 | 2 | 1 | 6-7 | 5 |
| **Werder Br.** | **4** | **0** | **2** | **2** | **3-9** | **2** |

**B-RIÐILL:**

Benfica-Lyon 4-3
1-0 Alan Kardec (20.), 2-0 Fabio Coentrao (32.), 3-0 Javi Garcia (42.), 4-0 Fabio Coentrao (67.), 4-1 Yoann Gourcuff (74.), 4-2 Bafetimbi Gomis (85.), 4-3 Dejan Lovren (90.).

Hapoel Tel Aviv-Schalke 0-0

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Lyon** | **4** | **3** | **0** | **1** | **9-5** | **9** |
| Schalke | 4 | 2 | 1 | 1 | 5-2 | 7 |
| **Benfica** | **4** | **2** | **0** | **2** | **6-7** | **6** |
| Hapoel | 4 | 0 | 1 | 3 | 2-8 | 1 |

**C-RIÐILL:**

Bursaspor-Man. Utd 0-3
0-1 Darren Fletcher (48.), 0-2 Gabriel Obertan (73.), 0-3 Bebé (77.).

Valencia-Rangers 3-0
1-0 Roberto Soldado (33.), 2-0 Roberto Soldado (71.), 3-0 Alberto Costa (90.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. Utd** | **4** | **3** | **1** | **0** | **5-0** | **10** |
| Valencia | 4 | 2 | 1 | 1 | 8-2 | 7 |
| **Rangers** | **4** | **1** | **2** | **1** | **2-4** | **5** |
| Bursaspor | 4 | 0 | 0 | 4 | 0-9 | 0 |

**D-RIÐILL:**

Rubin Kazan-Panathinaikos 0-0

FCK-Barcelona 1-1
0-1 Lionel Messi (31.), 1-1 D. Claudemir (32.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Barcelona** | **4** | **2** | **2** | **0** | **9-3** | **8** |
| FCK | 4 | 2 | 1 | 1 | 4-3 | 7 |
| **Rubin Kazan** | **4** | **0** | **3** | **1** | **1-2** | **3** |
| Panathinaikos | 4 | 0 | 2 | 2 | 1-7 | 2 |

# Bale sá um Evrópumeistarana

**Walesverjinn Gareth Bale fór aftur á kostum gegn Inter þegar Spurs skellti Evrópumeisturunum í Inter, 3-1. Hann lagði upp tvö mörk og niðurlægði Maicon allan leikinn. Man. Utd er í fínum málum eftir sigur í Tyrklandi. Sölvi Geir Ottesen og félagar í FCK eru líka í fínum málum eftir frækið jafntefli gegn Barcelona.**

**FÓTBOLTI** Tottenham sendi út skýr skilaboð í Evrópuboltann í gær þegar liðið vann sannfærandi sigur á Inter á heimavelli. Gareth Bale var maðurinn sem Inter réð ekki við. Hann skoraði síðast þrennu gegn Inter og lagði upp tvö mörk í gær og gerði varnarmönnum Inter lífið leitt.

Leikur Spurs og Inter byrjaði með miklum látum og bæði lið sóttu af krafti. Fyrri leikur liðanna var bráðfjörugur, mikið skorað og fátt sem benti til annars en að þessi leikur yrði ákaflega skemmtilegur.

Mikið var rætt og ritað um Gareth Bale fyrir leikinn en hann skoraði þrennu í fyrri leik liðanna. Hann byrjaði af krafti en það var Króatinn Luka Modric sem lagði upp fyrsta markið.

Þá átti hann magnaða stungusendingu á Hollendinginn Rafael van der Vaart sem var samsíða varnarmönnum Inter. Hann afgreiddi skotið af stakri snilld og kom Spurs yfir á 18. mínútu. Spurs hélt áfram að byggja upp hættulegar sóknir og Peter Crouch fékk sannkallað dauðafæri á 25. mínútu eftir frábæran undirbúning Bale. Skot Crouch var misheppnað og fór fram hjá markinu.

Spurs hélt áfram að spila leiftrandi sóknarbolta og það var ótrúlegt að fylgjast með Walesverjanum Bale gera grín að hinum frábæra brasilíska bakverði, Maicon. Hann fór hvað eftir annað illa með Brassann og Bale lagði upp annað mark Spurs þegar klukkutími var liðinn af leiknum. Hann átti þá frábæra sendingu fyrir markið sem Crouch kom yfir línuna.

Spurs var með öll tök á leiknum en ellefu mínútum fyrir leikslok skoraði Samuel Eto´o fyrir Inter með hnitmiðuðu skoti fyrir utan teig. Markið kom upp úr þurru og hleypti spennu í lokamínútur leiksins. Maður leiksins, Gareth Bale, gerði aftur á móti út um vonir Inter er hann lagði upp þriðja mark Spurs fyrir Pavlyuchenko.



**Á SKOTSKÓNUM** Messi fagnar marki sínu í gær sem dugði ekki til. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**FÖGNUÐUR** Rafael van der Vaart náði að spila fyrri hálfleikinn fyrir Spurs í gær og hann braut ísinn með góðu marki. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Man. Utd var lengi vel í vandræðum með Bursaspor í Tyrklandi en steig upp í síðari hálfleik og skoraði þá þrjú góð mörk. United er því í afar vænlegri stöðu í sínum riðli.

FCK, lið Sölva Geirs Ottesen, stóð sig frábærlega þegar það tók á móti Barcelona á Parken.

Eftir að hafa lent marki undir jafnaði FCK um hæl og hélt jafntefli. Sölvi Geir sat á bekknum allan tímann.

henry@frettabladid.is

ENNEMM / SÍA / NM43755



Fjórða umferð Meistaradeildar Evrópu klárast í kvöld með átta leikjum:

# Milan er betra en Real Madrid

**FÓTBOLTI** Stórleikur kvöldsins í Meistaradeildinni er viðureign AC Milan og Real Madrid. Þessi tvö lið hafa verið afar farsæl í þessari keppni. José Mourinho snýr líka aftur á sinn gamla heimavöll en hann er reyndar ekki að mæta liðinu sem hann þjálfaði áður.

AC Milan tapaði fyrri leiknum á Spáni en Zlatan Ibrahimovic, leikmaður Milan, segir að liðið hafi lært af fyrri leiknum.

„Við þurfum að gera allt sem við gerðum ekki á Spáni til þess að vinna. Þeir voru miklu betri á meðan við vorum hægir og ekki nógu grimmir. Ef við spilum okkar leik þá munum við vinna þá og sýna við við erum með betra lið," sagði Zlatan sem talar yfirleitt í fyrirsögnum.

Chelsea verður án Florents Malouda í kvöld er það fær rússneska liðið Spartak Moskvu í heimsókn. Chelsea hefur unnið alla þrjá leiki sína í riðlinum og tryggir sig áfram í sextán liða úrslitin með sigri í kvöld.

Chelsea verður ekki bara án Malouda í kvöld því Frank Lampard er enn meiddur. José Bosingwa er líka veikur en Brasilíumaðurinn Ramires er klár í bátana.

Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, segir að Malouda sé ekki alvarlega meiddur og hann reiknar með því að Malouda leiki gegn Liverpool um helgina. Lampard gæti einnig snúið til baka í þeim leik.

„Það eru margir erfiðir leikir fram undan hjá okkur og ég vil ekki taka neina áhættu með Malouda," sagði Ancelotti en Malouda hefur leikið eins og engill í vetur fyrir Chelsea.

Arsenal á erfitt verkefni fyrir höndum er það sækir Shaktar Donetsk heim í Úkraínu. Ekki bætir úr skák að Cesc Fabregas getur ekki spilað leikinn vegna meiðsla. Arsene Wenger, stjóri Arsenal, er líkur Ancelotti að því leyti að hann vill ekki taka áhættu með Fabregas.

„Þó svo hann spili ekki þennan leik eru góðar líkur á því að hann geti spilað gegn Newcastle á þessa dagana því Alex Song," sagði Wenger.

Fabregas er ekki eini leikmaður Arsenal sem glímir við meiðsli þessa dagana því Alex Song, Andrei Arshavin og Denilson eru allir tæpir fyrir leikinn. **- hbg**



**AFTUR Á ÍTALÍU** José Mourinho mun stýra liði í fyrsta skipti á San Siro í kvöld síðan hann fór frá Inter. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

### Leikir kvöldsins

| | |
|---|---|
| **E-riðill:** | |
| CFR Cluj - FC Bayern | |
| FC Basel - AS Roma | |
| **F-riðill:** | |
| Chelsea - Spartak Moskva | Sport 4 |
| MSK Zilina - Marseille | |
| **G-riðill:** | |
| AC Milan - Real Madrid | Sport + HD |
| Auxerre - Ajax | |
| **H-riðill:** | |
| Partizan Belgrad - Braga | |
| Shaktar Donetsk - Arsenal | Sport 3 |

Chelsea ætlar ekki að versla er markaðurinn opnar:

# Chelsea mun ekki kaupa Torres frá Liverpool

**FÓTBOLTI** Það hefur verið þrálátur orðrómur um að Chelsea ætlaði sér að kaupa framherjann Fernando Torres frá Liverpool í janúar.

Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, hefur nú slegið á sögusagnirnar með því að lýsa því yfir að hann ætli sér ekki að kaupa Torres. Það sem meira er þá ætlar Ancelotti ekki að láta til sín taka á leikmannamarkaðnum í janúar.

„Ég hef alltaf sagt að Torres sé ekki í framtíðarplönum okkar því við höfum mikla trú á ungu strákunum sem eru fyrir hjá félaginu," sagði Ancelotti við fjölmiðla í gær.

„Svo erum við með frábæra framherja í Didier Drogba, Nicolas Anelka og Salomon Kalou. Fyrir utan bíða strákar eins og Daniel Sturridge og Gael Kakuta. Þess vegna þurfum við ekki framherja."

Ancelotti segir að þess utan sé hópur liðsins nógu stór til þess að berjast um bikara á öllum vígstöðvum. **- hbg**



**EKKI TIL CHELSEA** Torres mun ekki spila í bláum búningi Chelsea. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES





INTERSPORT
Bíldshöfða - Sími 585 7220 - OPIÐ ALLA DAGA



> **Daniel Craig**

„Ég hata skammbyssur. Skammbyssur eru notaðar til að skjóta fólk og eins lengi og þær eru í umferð mun fólk skjóta hvort annað. Ég hef séð sár eftir skammbyssu og það var hrikalegt. Byssukúlur virðast finna skotmörk sín í flestum tilfellum og það er það sem hræðir mig mest við þær.“

***Daniel Craig fer með eitt aðalhlutverka í kvikmyndinni The Invasion, sem er á dagskrá Stöðvar 2 Bíó klukkan 22 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR FYLGIST MEÐ ÖNNUMAT

# Leikandi létt en þó svo flókið



Rétt eins og mér finnst gaman að fletta hönnunarblöðunum sem leiða mig inn í heim fullkominna íbúða, þar sem gömul húsgögn er að finna í bland við nýja hönnun og allt er svo ótrúlega huggulegt en samt smart, þá þykir mér óheyrilega gaman að skoða fallega og og frumlega rétti á matarsíðum blaða og fylgjast með gerð þeirra í matreiðsluþáttum.

Ég á ágætissafn af matartímaritum, les gjarnan metnaðarfullar tillögur að dögurði með vinunum og veit fullvel hvernig á að gera blini með laxi og blæjuegg með hollandaise-sósu, svona fræðilega séð.

Ég hef líka viðað að mér ýmis konar þekkingu með glápi á sjónvarpskokka, veit hvernig best er að frysta soð af beinum án þess þó að hafa nokkurn tíma svo mikið sem hugleitt að búa til soð sjálf. Ég hef reyndar aldrei eldað rétt upp úr sjónvarpsþætti. Þá horfi ég aðallega á til að dást að því hvað hægt er að vera léttur og leikandi við eldhússtörfin og skera endalaust grænmeti án þess að skera sig að minnsta kosti einu sinni.

Matreiðsluþættir höfða reyndar afar misvel til mín, stemningin í eldhúsi kokksins skiptir öllu máli, það þarf að vera skemmtilegt í eldhúsinu. Og bráðnauðsynlegt að réttirnir séu girnilegir en það er reyndar ekki endilega algengt, að minnsta kosti ekki í íslenskum matreiðsluþáttum.

Nýjasti sjónvarpskokkurinn sem ég fíla er hin danska Anne Hjernøe sem eldar flókna rétti eins og það sé það einfaldasta í heimi og býður svo tökumanninum sínum að borða þegar hún er búin að galdra fram einhverja dásemd. Hið góða við Önnu er að hún hefur hressa nálgun á matseldina og leiðbeiningarnar eru fínar, sem ég kann að meta þó að ólíklegt sé að ég eldi Önnumat frekar en rétti úr ranni Nigellu og Jamie Olivers.

Ekki frekar en ég mun gera upp húsgögn eða finna ómetanlega hönnun á flóamarkaði eins og fólkið í lífsstílsblöðunum leikur sér að.

## SJÓNVARPIÐ

**16.50 Návígi** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var...lífið** (26:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Snillingarnir** (28:28)
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (42:42)
**18.30 Gló magnaða** (19:19)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Ljóta Betty** (85:85) Bandarísk þáttaröð um ósköp óvenjulega stúlku sem vinnur á ritstjórn tískutímarits í New York.



**21.05 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Kraftaverkið** Norsk heimildarmynd um Magne Skaden sem var ungur úrskurðaður þroskaheftur og foreldrum hans sagt að hafa hann heima. Seinna kom á daginn að vegna skaða í miðheila átti hann erfitt með að tjá sig.
**23.05 Íslandsglíman** Stuttur samantektarþáttur frá 100. Íslandsglímunni sem fram fór í apríl síðastliðnum.
**23.25 Landinn** (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir** (e)
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Ofurhundurinn Krypto, Ævintýri Juniper Lee, Ofuröndin
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Lois and Clark: The New Adventure** (10:21)
**11.45 Grey's Anatomy** (1:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Gossip Girl** (10:22)
**13.45 Ghost Whisperer** (20:23)
**14.40 E.R.** (1:22)
**15.30 iCarly** (11:25)
**15.50 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ofuröndin, Ofurhundurinn Krypto
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (4:23)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (4:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (1:20)
**20.10 Pretty Little Liars** (10:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard.
**20.55 Grey's Anatomy** (6:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg.
**21.45 The Devil's Mistress** Seinni hluti magnþrunginnar framhaldsmyndar.
**23.25 Sex and the City** (5:18)
**00.00 NCIS: Los Angeles** (11:24)
**00.45 Human Target** (2:12)
**01.30 The Forgotten** (15:17)
**02.15 X-Files** (23:24)
**03.00 Sjáðu**
**03.30 Half Nelson**
**05.15 The Simpsons** (4:23)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag** Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**09.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**16.35 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (E)** Endursýndur leikur.
**18.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**



**19.00 Upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Milan - Real Madrid** Bein útsending. Sport 3: Shakhtar - Arsenal Sport 4 Chelsea - Spartak Moskva
**21.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**22.20 Meistaradeild Evrópu: Shakhtar - Arsenal**
**00.10 Meistaradeild Evrópu: Chelsea - Spartak Moskva**
**02.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Fulham - Wigan**
**18.15 Wolves - Man. City**
**20.00 Premier League Review 2010/11**
**20.55 Ensku mörkin 2010/11**
**21.25 Players 50 - 26**
**22.20 Sunnudagsmessan**
**23.20 Blackpool - WBA**

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (39:175)
**08.40 Rachael Ray** (115:175)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 The Marriage Ref** (8:12)
**16.45 Rachael Ray** (116:175)
**17.30 Dr. Phil** (40:175)
**18.10 Nýtt útlit** (7:12)
**19.00 Judging Amy** (5:23)
**19.45 Accidentally on Purpose** (14:18)
**20.10 Spjallið með Sölva** (7:13) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spjallar um lífið, tilveruna og þjóðmálin. Honum er ekkert óviðkomandi og í þáttunum er hæfileg blanda af gríni og alvöru.
**20.50 Parenthood** (5:13) Ný þáttaröð sem er í senn fyndin, hjartnæm og dramatísk.
**21.35 America's Next Top Model** (5:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**22.25 Secret Diary of a Call Girl** (5:8) Skemmtileg og ögrandi þáttaröð um unga konu sem lifir tvöföldu lífi.
**22.55 Jay Leno** (139:260)
**23.40 CSI: Miami** (5:24)
**00.00 Nýtt útlit** (7:12)
**00.30 CSI: Miami** (9:25)
**00.50 Pepsi MAX tónlist**
**01.15 Premier League Poker II** (13:15)
**03.00 Pepsi MAX tónlist**
**06.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**17.10 Golfing World**
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Tour Yearbooks**
**19.35 LPGA Highlights**
**20.55 European Tour - Highlights 2010**
**21.45 World Golf Championship Preview 2010**
**22.10 Golfing World**
**23.00 Junior Ryder Cup 2010**
**23.50 Golfing World**
**00.00 World Golf Championship 2010**
**00.40 ESPN America**
**06.00 ESPN America**

## EXTRA

**18.55 The Doctors**
**19.40 Falcon Crest** (21:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing- og Gioberti-fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.
**20.30 Little Britain** (5:6) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Cougar Town** (21:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar, einstæðrar móður unglingsdrengs.
**22.15 The Devil's Mistress** Fyrri hluti magnþrunginnar framhaldsmyndar.
**23.50 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.
**00.15 Little Britain** (5:6)
**00.45 The Doctors**
**01.25 Falcon Crest** (21:22)
**02.15 Fréttir Stöðvar 2**
**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarna** Guðrún Pétursdóttir formaður stjórnlagaþingsnefndar.
**20.30 Mótoring** Stígur Keppnis hefur slegið í gegn hjá bíla- og mótorhjólaköppum í allt sumar.
**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og félagar um markaðsmálin.
**21.30 Stjórnarskráin** Er eitthvað að eða hvað?
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.00 Bridges of Madison County**
**10.10 I'ts a Boy Girl Thing**
**12.00 Daddy Day Camp**
**14.00 Bridges of Madison County**
**16.10 I'ts a Boy Girl Thing**
**18.00 Daddy Day Camp**
**20.00 Cake: A Wedding Story**
**22.00 The Invasion**
**00.00 District B13**
**02.00 Cadillac Man**
**04.00 The Invasion**
**06.00 The Big Nothing**

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


## Sýslumaðurinn á Húsavík

# UPPBOÐ

**Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík mánudaginn 8. nóvember 2010 kl. 10:00 á eftirfarandi eign:**

Bakkagata 2, fnr. 216-7717, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð, þingl. eig. Mosalind ehf. gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Langanesbyggð, Tollstjóri og Vörður tryggingar hf.

Birkihraun 12, fnr. 216-3354, 660 Mývatni, þingl. eig. Hermann Kristjánsson, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður.

Brúnagerði 3, fnr. 230-1766, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Héðinn Helgason, gerðarbeiðendur Sýslumaðurinn á Blönduósi og Sýslumaðurinn á Húsavík.

Garðarsbraut 33, 215-2596, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Arnar Birgisson, gerðarbeiðandi Íslandsbanki hf.

Garðarsbraut 43, fnr. 215-2618, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Ævar Ákason, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður.

Garðarsbraut 7, fnr. 223-0540, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Þórarinn Ólafsson, gerðarbeiðendur Sýslumaðurinn á Hvolsvelli og Tryggingamiðstöðin hf.

Garðarsbraut 75, fnr.215-2695, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Þórarinn Ólafsson, gerðarbeiðandi Tryggingamiðstöðin hf.

Grundargarður 13, íbúð 04-0204, fnr. 215-2791, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Íris Irma Garðarsdóttir, gerðarbeiðandi Íslandsbanki hf.

Laugasel, jörð 153788, Þingeyjarsveit, þingl. eig. Byggingarfélagið Óseyri 16 ehf, gerðarbeiðandi NBI hf.

Lykilhótel, Skútustaðaskóli, fnr. 216-3343, 660 Mývatni, þingl. eig. Lykilhótel ehf, gerðarbeiðandi Byggðastofnun.

Lyngholt 18, fnr. 230-9732, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl.eig. N-Hús ehf, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tryggingamiðstöðin hf.

Lyngholt 20, fnr. 230-9733, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl.eig. N-Hús ehf, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tryggingamiðstöðin hf.

Lyngholt 22, fnr. 230-9734, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl.eig. N-Hús ehf, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tryggingamiðstöðin hf.

Lyngholt 24, fnr. 230-9735, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl.eig. N-Hús ehf, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tryggingamiðstöðin hf.

Lyngholt 34-40, fnr. 231-7436, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Bjarnahús ehf, gerðarbeiðandi Norðurþing.

Sólbrekka 5, fnr. 215-3252, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Þórarinn Ólafsson, gerðarbeiðandi Tryggingamiðstöðin hf.

Lágey ÞH-265, sknr. 2651, 640 Húsavík, Norðurþingi. Þingl.eig. A300 ehf, gerðarbeiðandi Arion banki hf.

Sýslumaðurinn á Húsavík
2. nóvember 2010

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.45**

### The Devil's Mistress

Seinni hluti magnþrunginnar framhaldsmyndar. Hér segir frá átakasögu Angelicu Fanshawe sem er ung kona á tímum karlaveldis sem er svikin af konungi sínum og þarf að læra að berjast fyrir sínu.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Útvarpsraddir: Þorsteinn Ö. Stephensen **14.03** Tónleikur **15.03** Útvarpssagan: Stormur **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Tolstoj: Aldarminning **21.10** Út um græna grundu **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.05** Næturtónar

### BBC entertainment

**12.45** The Weakest Link **13.30** Deal or No Deal **14.00** Monarch of the Glen **14.50** Absolutely Fabulous **15.20** Absolutely Fabulous **15.50** My Family **16.20** Waterloo Road **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** My Hero **19.00** Little Britain Down Under **20.00** How Not to Live Your Life **20.30** New Tricks **21.20** My Hero **21.50** Little Britain Down Under **22.50** Come Dine With Me **23.15** Come Dine With Me **23.40** EastEnders

### DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **12.55** Ikonmaleren **13.00** Ha' det godt **13.30** Hammerslag **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Svampebob Firkant **15.50** Nik & Jan **16.00** Karlsson på taget **16.30** Skæg med bogstaver **16.50** Laban det lille spøgelse **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Hvad er det værd? **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Lewis **22.30** Onsdags Lotto **22.35** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **23.20** OBS **23.25** Mission Ledelse **23.55** Naruto Uncut

### NRK 1

**13.30** Tinas mat **14.00** NRK nyheter **14.10** Sjukehuset i Aidensfield **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Palme ved reisens slutt **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Solgt! **19.15** Folk **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Paul Merton i India **23.00** Filmbonanza **23.30** Trekant **00.00** Viggo på lørdag

### SVT 1

**12.05** Harry - med pappa i köket **13.20** Jagad **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Våra vänners liv **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Brottet **21.00** Hung **21.30** Nurse Jackie **22.00** Våra vänners liv **23.00** Dox. The Cove







**BESTI BITINN**



*„Það er lambakjöt, helst í kolagröf uppi á hálendinu. Meðlætið er hefðbundið. Bökuð kartafla og íslenskt grænmeti.“*

Aron Reynisson, framkvæmdastjóri Arctic Trucks.

# Fékk verðlaun í lagakeppni

„Þetta er gott í ferilskrána,“ segir Jóhann G. Jóhannsson, fyrrum Óðmaður, sem fékk sérstök heiðursverðlaun í alþjóðlegu lagakeppninni Song of the Year fyrir lagið No Need For Goodbye.

Lagið er að finna á tvöföldu plötunni Johann G in English sem kom út fyrr á árinu og hefur að geyma bestu lög Jóhanns í eigin flutningi og einnig þrjátíu þekktra tónlistarmanna. Það kom upphaflega út undir nafninu Kveðjuorð á fimmtu sólóplötu Jóhanns, Á langri leið, sem kom út í fyrra.

„Þótt þú lendir ekki í efstu sætunum er þetta mikilsverð viðurkenning í þessari keppni,“ segir Jóhann, sem samdi lagið á Spáni árið 1997. „Ég hef svo sem fengið samsvarandi viðurkenningu áður og komist í eitt af fimm efstu sætunum en með þessar keppnir eins og margar aðrar þá tekur sigurvegarinn allt.“ Hann segir þessi heiðursverðlaun mjög upplörvandi fyrir sig sem tónlistarmann. „Mér fannst þetta skemmtilegt núna vegna þess að ég er svolítið ánægður með þetta lag og það er gott að fá staðfestingu á því að það þyki eitthvað varið í það.“

Jóhann hefur einu sinni átt eitt af fimm bestu lögunum í Song of the Year. Þá náði I´m Gone, af plötunni Langspil, öðru sætinu í flutningi söngkonunnar Stinu August. Lagið er einnig á sólóplötu hennar Concrete World sem kom út í sumar. Sömuleiðis náði Jóhann á topp fimm í annarri alþjóðlegri lagakeppni með slagarann Don´t Try To Fool Me í flutningi Regínu Óskar.

- fb



**JÓHANN G. JÓHANNSSON** Óðmaðurinn fyrrverandi fékk sérstök heiðursverðlaun í keppninni Song of the Year.

LUMAR ÞÚ Á HANDRITI?

Forlagið og Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka auglýsa eftir skáldsögum fyrir börn og unglinga, að lágmarki 50 blaðsíður að lengd. Skilafrestur er til 1. febrúar 2011. Verðlaunin nema 500.000 kr. auk höfundarlauna.

**Handrit á að merkja með dulnefni en rétt nafn höfundar fylgi með í umslagi.**

Handritum skal skila í fjórriti til:
Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka
Forlagið
Bræðraborgarstíg 7
101 Reykjavík

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

## GREGORY HUGHES: DRAUMUR EF BÓKIN YRÐI GEFIN ÚT Á ÍSLENSKU

# Lifði munklífi á Íslandi og skrifaði verðlaunasögu

„Ísland er frábær staður og algjörlega einstakur þótt þið gerið ykkur ekki grein fyrir því sjálf. Ég sakna Íslands,“ segir Gregory Hughes, ævintýramaður frá Liverpool, í samtali við Fréttablaðið. Gregory er maður augnabliksins í breskum bókmenntum. Fyrsta bók hans, Unhooking the Moon, hlaut hin virtu Booktrust Teenage-verðlaunin en það eru helstu verðlaunin á Bretlandi fyrir táninga. Gregory er því hálfgerður Þorgrímur Þráins þeirra Breta um þessar mundir. Sigurinn hefur vakið töluverða athygli í Bretlandi en bókin sjálf er hins vegar að mestu leyti skrifuð í agnarsmárri þakíbúð í vesturbæ Reykjavíkur, rétt hjá Hótel Sögu fyrir fjórum árum.

**71** Gregory Hughes fær 2.500 pund í sinn hlut fyrir Booktrust Teenage-verðlaunin en fyrir þann pening gæti hann búið á Íslandi í 71 viku miðað við síðustu fjárhagsáætlun sína.

„Ég get ómögulega munað hvað gatan heitir. En ég man að ég kallaði leigusalann minn alltaf Höskuld, þangað til hann sagði mér að það væri nafnið hans í raun og veru. Hann var verkfræðingur og hafði unnið eitthvað í Þýskalandi. Hann var næstum eini maðurinn sem ég talaði eitthvað af viti við. Við drukkum oft kaffi saman,“ segir Hughes. Rithöfundurinn hafði heimsótt Ísland eina helgi og heillaðist af þjóðinni. Hann ákvað því að koma hingað aftur og fá sér vinnu en það gekk heldur brösuglega, honum bauðst bara að vinna í fiski og á því hafði hann ekki áhuga. Hughes ákvað því að skrifa bókina sem hann hafði lagt drög að í Kanada. „Ég lifði á 35 pundum á viku, um sex þúsund krónum, fékk mér eldavélarhellu í Rauða kross-búðinni og potta og pönnur í IKEA. Og svo var ég bara góður,“ útskýrir Gregory en þar sem engin sturtuaðstaða var í íbúðinni skellti hann sér reglulega í sund í Vesturbæjarlauginni. „Og svo leyfði ég mér að fara í Háskólabíó einu sinni í mánuði.“

Gregory viðurkennir að hann hafi lifað hálfgerðu munklífi í þá átta mánuði sem hann bjó hér. „Ég eignaðist ekki einu sinni kærustu. Allir sögðu við mig að ég ætti að ná mér í fallega íslenska kærustu. En það leit engin við mér. Sem betur fer. Því ef ég hefði ekki lifað þessu einsetulífi mínu þá hefði ég sennilega aldrei náð að skrifa þessa bók,“ segir Gregory og bætir því við að það væri æðsti draumur hans ef bókin yrði þýdd og gefin út á íslensku.

freyrgigja@frettabladid.is



**SAKNAR LANDSINS** Þrátt fyrir að hafa búið í hálfgerðri kytru í vesturbæ Reykjavíkur þá segist Gregory Hughes sakna Íslands, hann hafi notið þess að lifa munklífinu hér.

LÍFIÐ Í MÚMÍNDAL

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




Fyrir aðdáendur á öllum aldri

NÝ KILJA

Æsispennandi ævintýri úr Múmíndal í sígildri þýðingu Steinunnar Briem.

# Fangar gefa smákökur

„Ég fékk póst frá fanga á Litla-Hrauni sem leist svo vel á átakið og ætlar ásamt öðrum föngum að baka smákökur og færa mæðrastyrksnefnd,“ segir útvarpsmaðurinn Ómar Eyþórsson.

Ómar hóf vitundarátakið *Hjálpum okkur* í morgunþætti sínum á Xinu á mánudaginn. Hann hvetur fólk til að styrkja góðgerðarstarfsemi innanlands og hefur fengið mikil viðbrögð, meðal annars frá Litla-Hrauni, en fanginn sem hafði samband er nú í óða önn að hafa samband við fyrirtæki til að útvega hráefni í mikinn bakstur. Fangarnir hyggjast gefa smákökurnar fyrsta desember næstkomandi.

Fangarnir höfðu samband við bakarann og sjónvarpskokkinn Jóa Fel, sem hefur lofað að vera þeim innan handar, en það yrði ekki í fyrsta skipti. „Ég hef einu sinni farið á Hraunið. Þá fór ég að kenna þeim að búa til konfekt,“ segir Jói. „En það er spurning hversu mikið þeir þurfa á mér að halda – kannski eru þeir það góðir bakarar að ég er óþarfur.“

- afb



**FÖNGUNUM INNAN HANDAR** Jói er ekki viss um að fangarnir þurfi á hjálp að halda við smákökubaksturinn, en hyggst vera þeim innan handar. Ómar á Xinu segist hafa fengið mikil viðbrögð við átakinu Hjálpum okkur.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VERTU MEÐ VIÐSKIPTIN Í RASSVASANUM

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

Meiri Vísir.

visir.is







# Verðlaunasýningar snúa aftur!

## Jesús litli
### Grímusýning ársins

★★★★★

**„Þetta er það langbesta sem sést hefur á fjölum leikhúsanna í haust“** – JVJ, DV

**„Ástarþökk fyrir ógleymanlegt kvöld“** – SA, TMM

**„Ég skora á fólk að fara í leikhúsið og sjá Jesús litla“** – GB, Mbl

DV
MENNINGAR VERÐLAUN DV 2009

GRÍMAN 2010:
SÝNING ÁRSINS
LEIKSKÁLD ÁRSINS

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| sun. | 7/11 kl. 20 | **UPPSELT** | | fös. | 3/12 kl. 19 | örfá sæti |
| mið. | 10/11 kl. 20 | **UPPSELT** | | fös. | 3/12 kl. 21 | örfá sæti |
| fim. | 11/11 kl. 20 | **UPPSELT** | | lau. | 4/12 kl. 19 | örfá sæti |
| sun. | 14/11 kl. 20 | **UPPSELT** | | lau. | 4/12 kl. 21 | örfá sæti |
| fös. | 19/11 kl. 20 | **UPPSELT** | | þri. | 7/12 kl. 20 | aukasýn.* |
| sun. | 21/11 kl. 19 | **UPPSELT** | | mið. | 8/12 kl. 20 | örfá sæti |
| mið. | 24/11 kl. 20 | **UPPSELT** | | fim. | 9/12 kl. 20 | **UPPSELT** |
| fös. | 26/11 kl. 19 | örfá sæti | | sun. | 12/12 kl. 20 | örfá sæti |
| mið. | 1/12 kl. 20 | **UPPSELT** | | fim. | 16/12 kl. 20 | **UPPSELT** |
| fim. | 2/12 kl. 18 | aukasýn.* | | lau. | 18/12 kl. 19 | örfá sæti |
| fim. | 2/12 kl. 20 | **UPPSELT** | | lau. | 18/12 kl. 21 | örfá sæti |

*Sýningar 2/12 kl. 18 og 7/12 kl. 20 verða táknmálstúlkaðar



## Fjölskyldan
### Stórbrotin leikhúsveisla

★★★★½

**„Stjörnurnar skína á Stóra sviði Borgarleikhússins“**
– GB, Mbl

**„Sigur leikstjórans Hilmis Snæs sem fær þetta til að virka svona skínandi vel“** – JVJ, DV

**„Stjörnuleikur sem endar með flugeldasýningu“**
– BS, pressan.is

**„Unnin af mikilli og aðdáunarverðri fagmennsku“**
– MK, eyjan.is

GRÍMAN 2010:
LEIKSTJÓRI ÁRSINS
LEIKKONA ÁRSINS
LEIKMYND ÁRSINS
LÝSING ÁRSINS

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| fös. | 5/11 kl. 19 | **UPPSELT** | | fös. | 26/11 kl. 19 | **UPPSELT** |
| mið. | 10/11 kl. 19 | örfá sæti | | fös. | 3/12 kl. 19 | örfá sæti |
| fim. | 11/11 kl. 19 | **UPPSELT** | | lau. | 4/12 kl. 19 | **UPPSELT** |
| fös. | 19/11 kl. 19 | **UPPSELT** | | lau. | 18/12 kl. 19 | örfá sæti |
| mið. | 24/11 kl. 19 | örfá sæti | | fim. | 30/12 kl. 19 | örfá sæti |

**Takmarkaður sýningafjöldi – Tryggðu þér miða strax**

**Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is**

VISA

Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



**LÖGFRÓÐUR**
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU

Ókeypis lögfræðiráðgjöf
á miðvikudögum frá kl. 17:00–20:00
í Háskólanum í Reykjavík

LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík

logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Þorvaldur trúlofaður

**Þorvaldur Davíð Kristjánsson**, leiklistarnemi við Juilliard-skólann í New York, skellti sér á skeljarnar á dögunum og bað um hönd kærustunnar. Honum til mikillar gleði var svarið já. Unnusta Þorvalds heitir Hrafntinna Viktoría Karlsdóttir og er laganemi við Háskóla Íslands. Þessi ráðahagur ætti að gleðja föður brúðarinnar tilvonandi en sá er Karl Steingrímsson, sem oftast er kenndur við Pelsinn.



### Óþjálir titlar

Slagurinn um óþjálasta bókatitilinn í ár er hafinn – og þetta árið virðist hann eingöngu bundinn við risann á markaði, Forlagið. Áður hefur verið sagt frá bókum þeirra hjóna Sigrúnar Pálsdóttur og Braga Ólafssonar; *Þóra biskups og raunir íslenskra embættismanna* og *Handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Axelsson*. Nú hefur Ófeigur Sigurðsson rithöfundur hugsanlega skotið þeim hjónum ref fyrir rass með titli á bók sinni um Jón Steingrímsson eldklerk á hans yngri árum. Hún nefnist einfaldlega: *Skáldsaga um Jón & hans rituðu bréf til barnshafandi konu sinnar þá hann dvaldi í helli yfir vetur & undirbjó komu hennar & nýrra tíma.*

### Landsliðsæfing á Grillinu

**Hrefna Rósa Sætran** og félagar í íslenska kokklandsliðinu héldu æfingu á Grillinu á Hótel Sögu í gær. Liðið, sem er fyrnasterkt, er á leiðinni til Lúxemborgar seinna í nóvember þar sem það keppir á heimsmeistaramótinu í matreiðslu, sem er haldið á fjögra ára fresti. Gestir landsliðsins yfirgáfu Grillið saddir og var það mál manna að Íslendingar hljóti að vera sigurstranglegir í ár.



**- hdm, afb**

### Mest lesið VÍSIR.IS

1. Sturla er kominn heim
2. Sárvantar fólk til starfa
3. Árni aðstoðarframkvæmdastjóri hjá FAO
4. Vinna hverja keppni á fætur annarri
5. Franska strandgæslan vill banna sund yfir Ermarsund





# Dúkkuhúsið



Í tilefni 1 árs afmælis verslunarinnar verður **20% afsláttur** af öllum vörum 4.-6. nóv.

VERIÐ VELKOMIN

Vatnsstígur 3 ★ 101 Reykjavík ★ Sími 5170044